



# **Samspil trúar og stjórnmála í Egyptalandi**

**Guðrún Aðalbjörg Sigurðardóttir**

**Lokaverkefni til MA-gráðu í alþjóðasamskiptum**

**Félagsvísindasvið**

**Febrúar 2015**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

# Samspil trúar og stjórnmála í Egyptalandi

Guðrún Aðalbjörg Sigurðardóttir

Lokaverkefni til MA-gráðu í alþjóðasamskiptum  
Leiðbeinandi: Magnús Þorkell Bernharðsson

Stjórnmálafræðideild  
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands  
Febrúar 2015

Ritgerð þessi er lokaverkefni til MA-gráðu í alþjóðasamskiptum og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi réttihafa.

© Guðrún Aðalbjörg Sigurðardóttir 2015  
0312693939

Reykjavík, Ísland 2015

## Útdráttur

Í ritgerðinni er leitað svara við því hvort Íslamska bræðralagið í Egyptalandi sé ólýðræðislegt afl en hreyfingin skilgreinir sig innan ramma trúarlegs lýðræðis. Fyrst er hugmyndafræðilegur bakgrunnur lýðræðis skilgreindur og kenningar grunnhyggju (foundationalism) og fjölhyggju (pluralism) notaðar til að varpa ljósi á hann. Í ritgerðinni verður reynt að varpa ljósi á þær sögulegu aðstæður sem Íslamska bræðralagið sprettur upp úr og hvernig þær hafi getað ýtt undir útbreiðslu hugmyndafræði þess. Ítarlega er fjallað um helstu hugmyndafræðinga Íslamska bræðralagsins og tíðarandann sem ríkti á mótunarárum hreyfingarinnar. Sagt er frá leiðtogum Egyptalands, hvernig þeir hafa mótað egypskt samfélag og hvaða afleiðingar stefna þeirra hefur haft á hugmyndafræði Íslamska bræðralagsins og annarra hreyfinga íslamista.

Meginniðurstöður ritgerðarinnar eru að þegar stofnanauppbygging og stefna Íslamska bræðralagsins í Egyptalandi er skoðuð með hliðsjón af kenningum um lýðræði (democratic theory) kemur í ljós að hún er algjörlega á skjön við grunninntak lýðræðis, þ.e. stjórnarskrárvarinn rétt almennings til að kjósa sér fulltrúa. Eins er hugmyndafræði Íslamska bræðralagsins gjörólík kenningum fjölhyggju. Samkvæmt þeim er fólki frjálst að styðja skoðanir sem henta því, hvort sem þær eru trúarlegs eðlis, veraldlegar, siðferðislegar eða ósiðferðislegar. Frelsið til að velja er ein mikilvægasta stoð lýðræðis. Hugmyndafræði Íslamska bræðralagsins fellur því ekki á nokkurn hátt að þeirri skilgreiningu þar sem hún byggist á algildum sannleik, þ.e. eigin túlkun og útfærslu á íslam. Slík sjónarmið eru ekki samrýmanleg hugmyndum lýðræðisríkja.

## **Abstract**

The goal of this thesis is to answer the question: Is the Muslim brotherhood in Egypt a democratic organization, but the organization defines itself within the frame of religious democracy. First the ideological background of democracy is defined and the theories of foundationalism and pluralism used to shed light on it. The thesis examines the historical circumstances that the Muslim brotherhood arises from and how they contributed to the spread of its ideology. The main ideologists of the Muslim brotherhood are discussed in depth as well as the times that prevailed in the formative years of the movement. Likewise Egypt's leaders are discussed and how their policy shaped Egyptian society and the consequences it had on the ideology of the Muslim brotherhood and other Islamic movements.

The main results of the thesis are that when the institutional structure and policies of the Muslim brotherhood in Egypt are examined from the perspective of democratic theory they turn out to be completely at odds with the basic foundation of democracy, that is, the public's constitutionally protected right to elect their representatives. The ideology of the Muslim brotherhood is as well completely at odds with the theories of pluralism. According to the theory, people are free to support the views that suit them, whether they are religious in nature, secular, ethical or unethical. Freedom to choose is one of the most fundamental pillars of democracy. Therefore the ideology of the Muslim brotherhood does not in any way fit that definition since it is based on an absolute truth representing their own interpretation and implementation of Islam. Such views are not compatible with democratic ideas.

## Formáli

Ritgerð þessi er 30 eininga lokaverkefni í meistaranámi í alþjóðasamskiptum við stjórn- málafræðideild Háskóla Íslands. Leiðbeinandi minn er dr. Magnús Þorkell Bernharðsson, prófessor í nútímasögu Mið-Austurlanda við Williams-háskóla í Bandaríkjunum og lektor í trúarbragðafræðum við guðfræði- og trúarbragðadeild Háskóla Íslands. Honum þakka ég fyrir gott samstarf, hvatningu og ábendingar. Yngva Björnssyni, eiginmanni mínum, og fjölskyldu þakka ég ómetanlegan stuðning og áhuga og Ásdís Káradóttir vandaðan yfirlestur.

Frá árinu 1982 bjó ég um eins árs skeið í Ísrael og ferðaðist mikið þar um, sem og í öðrum ríkjum Mið-Austurlanda. Sú upplifun hafði mótandi áhrif á skoðanir mínar og vakti áhuga á málefnum þessa heimshluta. Löngu síðar, árið 2007, sá ég auglýst að Magnús Þorkell Bernharðsson hygðist þá um vorið kenna nýtt námskeið, mismunandi menningarheimar, við Háskóla Íslands. Ég sá strax að ég yrði að sitja þetta námskeið og skráði mig því í MA-nám við Háskóla Íslands í alþjóðasamskiptum þar sem námskeiðið var kennt. Eftir það var ekki aftur snúið og ég ákvað að halda áfram meistaranámi, með fullri vinnu þó. Síðan hef ég tekið alla kúrsa Magnúsar um Mið-Austurlönd við HÍ. Auk þess vann ég verkefni undir hans handleiðslu um samskipti Egyptalands og Sádi-Arabíu við Bandaríkin. Í framhaldinu jókst áhugi minn á Egyptalandi og ég varð staðráðin í að fjalla um málefni þess í lokaritgerð minni. Sú ákvörðun varð meðal annars til þess að ég heimsótti landið aftur 2011 eftir langa fjarveru, til að ferðast um og kynna mér aðstæður og viðhorf þar í landi betur.

Við úrvinnslu lokaverkefnisins hef ég oft þurft að horfast í augu við eigin fordóma. Ferlið hefur því verið þroskandi og lærdómsríkt. Ég tileinka ritgerðina syni mínum, ljósi lífs míns, og æsku heimsins með von um að lífið fari um þau ljúfum höndum.

## Efnisyfirlit

Útdráttur .....	3
Abstract .....	4
Formáli .....	5
Efnisyfirlit .....	6
<b>1. Inngangur.....</b>	<b>7</b>
<b>2. Kenningar og kennismiðir .....</b>	<b>10</b>
2.1 Lýðræði og margþættar túlkanir þess .....	10
2.2 Trúarleg lýðræðisríki .....	14
2.3 Vestrænt lýðræði andstætt fullveldi Guðs .....	19
<b>3. Saga Íslamska bræðralagsins og hugmyndafræðilegar rætur þess .....</b>	<b>24</b>
3.1 Saga og þróun Íslamska bræðralagsins .....	24
3.2 Stjórnskipulag og starfsemi Íslamska bræðralagsins .....	32
<b>4. Helstu hugmyndafræðingar Íslamska bræðralagsins og arfleifð þeirra.....</b>	<b>37</b>
4.1 Hassan al-Banna .....	37
4.2 Sayyid Qutb .....	42
4.3 Zawahiri.....	49
<b>5. Ólýðræðisleg samfélagsgerð .....</b>	<b>56</b>
5.1 Frjósamur jarðvegur ólýðræðislegra afla.....	56
5.2 Afturkiptir lýðræðisþróunar .....	65
5.3 Er Íslamska bræðralagið lýðræðissinnað? .....	70
<b>6. Niðurstöður .....</b>	<b>73</b>
<b>Heimildaskrá.....</b>	<b>77</b>

## 1. Inngangur

Viðfangsefni ritgerðarinnar er Íslamska bræðralagið í Egyptalandi. Miklir umbrotstímar hafa verið þar í landi undanfarið eða frá upphafi þess sem oft er kallað *arabíska vorið*. Það er rakið til þess þegar Mohamed Bouazizi, ungur Túnisbúi sem hafði að atvinnu að selja vörur á götuvagni, kveikti í sjálfum sér 17. desember 2010 í mótmælaskyni við afskipti lögreglu af sölustarfsemi hans. Dauði Bouazizis hratt af stað mikilli mótmælaöldu þar sem almenningur flyktist út á götur til að mótmæla (Dodge, 2012, bls. 5). Mótmælin breiddust til margra ríkja Mið-Austurlanda, meðal annars til Egyptalands. Afleiðing þeirra í Egyptalandi voru þau að Hosni Mubarak, forseti Egyptalands, hrökklaðist frá völdum í febrúar 2011, eftir 30 ára valdatíma. Her landsins tók þá tímabundið yfir stjórn landsins. Í kjölfarið fóru fram fyrstu lýðræðislegu kosningarnar í landinu frá upphafi og hafði flokkur Íslamska bræðralagsins sigur. Mótmæli almennings í stjórnartíð þeirra urðu til þess að herinn tók aftur völdin og færði fyrri valdhafa í fangelsi. Herinn hélt um stjórnartaumana þar til aftur var boðað til kosninga og ný stjórn tók við völdum. Sú stjórn hafði mikil tengsl við herinn og valdastéttir landsins.

Hér er rakin saga Íslamska bræðralagsins og fjallað um hugmyndafræðilegar rætur þess, helstu hugmyndasmiði og arfleifð þeirra. Auk þess eru skoðaðar afleiðingar ólýðræðislegrar samfélagsgerðar á samfélagið og hvort hún auðveldar ólýðræðislegum öflum að athafna sig. Rannsóknarspurningin hljóðar svo: *Er Íslamska bræðralagið ólýðræðislegt afl?* Markmiðið er að sýna fram á tengsl milli ólýðræðislegra stjórnarháttanna og þróunar andlýðræðislegra hreyfinga. Rannsóknarsnið verkefnisins er heimildaritgerð. Það er ákjósanlegt form til að fjalla um sögu Íslamska bræðralagsins og hugmyndafræðilegar rætur þess út frá kenningum um lýðræði (*democratic theories*). Rannsóknin afmarkast við íslam, lýðræði, hugmyndafræði og sögu og leitast er við að finna skýringar og svör við því hvers konar hreyfing Íslamska bræðralagið er, hvort það telst lýðræðislegt afl. Helstu niðurstöður ritgerðarinnar og svar rannsóknarspurningarinnar út frá kenningum um lýðræði (*democratic theory*) þar sem skoðaður er hugmyndafræðilegu bakgrunnur lýðræðis og kenningar grunnhyggju (*foundationalism*) og fjölhyggju (*pluralism*) notaðar til að varpa ljósi á hann. Með hliðsjón af kenningum lýðræðis (*democratic theory*) er ljóst að stofnanauppbygging og stefna Íslamska bræðralagsins í Egyptalandi er algjörlega á skjön við grunninntak lýðræðis, þ.e. stjórnarskrárvarinn rétt almennings til að kjósa sér fulltrúa. Eins er hugmyndafræði Íslamska bræðralagsins gjörólík kenningum fjölhyggju (*pluralism*). Samkvæmt henni er fólki frjálst að styðja skoðanir sem henta því, hvort sem þær eru trúarlegs eðlis, veraldlegar, siðferðislegar eða ósiðferðislegar.



Frelsið til að velja er ein mikilvægasta stoð lýðræðis. Hugmyndafræði Íslamska bræðralagsins fellur því ekki á nokkurn hátt að þeirri skilgreiningu þar sem hún byggist á algildum sannleik, þ.e. eigin túlkun þess og útfærslu á íslam. Slík sjónarmið eru ekki samrýmanleg hugmyndum lýðræðisríkja.

Mikið hefur verið ritað og rætt um ritgerðarefnið en hér er einungis stuðst við vandaðar heimildir sem skoðaðar eru með gagnrýnu hugarfari. Fyrirferðarmestar eru fræðibækur um efnið sem og tímaritsgreinar úr ritryndum fræðiritum.

Hér er fjallað um heimshluta mikilla umbrota og átaka. Vesturlandabúar eru augljóslega haldnir fordómum gagnvart honum sem rannsakandi verður að gera sér grein fyrir (Creswell, 1998, bls. 202). Eins er mikilvægt að fjalla um trú og trúarbrögð af þeirri virðingu sem þau verðskulda, gæta jafnræðis milli allra aðila í umfjölluninni og setja ekki fram fullyrðingar sem ekki eiga sér raunverulega stoð (Hart, 2005, bls. 283).

Í 2. kafla er viðfangsefnið sett í fræðilegt samhengi. Í því felst skilgreining hugtaka og umfjöllun um hugmyndafræði og kennismiði með það að markmiði að varpa ljósi á rannsóknarspurninguna. Stuðst er við lýðræðiskenningarnar (*democratic theory*) og skyggst að baki hugtakinu lýðræði og margþættum túlkunum þess. Lýðræði er skoðað út frá kenningu fjölhyggju (*pluralism*) þar sem lögð er áhersla á frelsi í stað reglna og stýringar, fjölbreytni í stað einsleitni og fjölbreytileika frekar en samstöðu. Einnig verður leitast við að túlka og greina hvað einkennir trúarleg lýðræðisríki og hvort eða hvernig slíkt stjórnarfyrikomulag getur verið skilgreint. Í því sambandi er viðfangsefnið skoðað út frá kenningu grunnhyggju (*foundationalism*). Hún gengur út á að ákveðinn grunnsannleikur þjóni því hlutverki að vera fasti sem allar aðrar kenningar taka mið af og sé þannig alltumlykjandi í pólitískri hugmyndafræði. Loks er lýðræði skoðað út frá vestrænum útfærslum þess í samanburði við íslam og skilgreiningu þess á endanlegu fullveldi Guðs yfir öllum þáttum samfélagsins. Þar er reynt að svara því hvort þar sé um andstæða og ósamrýmanlega þætti að ræða. Í því sambandi verður stuðst við skilgreiningu fullveldis (*sovereignty*). Þannig verður kenningum beitt á viðfangsefnið til þess að draga fram svör við því hvort að hægt er að skilgreina Íslamska bræðralagið í Egyptalandi sem lýðræðislegt afl og til að öðlast skilning á áhrifum hreyfingarinnar og útbreiðslu hugmyndafræði hennar í egypsku samfélagi.

Í 3. kafla er rakin saga og þróun Íslamska bræðralagsins í Egyptalandi og ljósi varpað á hugmyndafræðilegar rætur hennar. Gerð er grein fyrir stjórnskipulagi og starfsemi hreyfingarinnar og stöðu hennar innan egypskis samfélags. Auk þess er fjallað um íslam og túlkanir á

því og áhrif þess á stjórnarfar. Skoðaðar eru ríkjandi hugmyndir um túlkun trúarbragðanna og átök sem skapast hafa um ólíka sýn í þeim efnum.

Í 4. kafla er fjallað um helstu hugmyndafræðinga Íslamska bræðralagsins og arfleifð þeirra. Ítarlega er fjallað um Hassan al-Banna, Sayyid Qutb og Ayman al-Zawahiri og hvernig hugmyndafræði þeirra hefur mótað Íslamska bræðralagið í Egyptalandi og aðrar hreyfingar íslamista. Reynt er að varpa ljósi á atburði og einstaklinga sem áttu þátt í að móta ofangreinda menn, hugmyndafræði þeirra og boðskap.

Í 5. kafla er fjallað um ólýðræðislega samfélagsgerð Egyptalands. Leitast er við að svara því hvort Íslamska bræðralagið í Egyptalandi getur talist umbóta- og lýðræðislega sinnuð hreyfing út frá hugmyndafræði hennar og markmiðum. Fjallað er um pólitískt og efnahagslegt umhverfi landsins í innlendu og erlendu samhengi og helstu valdaöfl og leiðtoga þess. Sérstaklega er fjallað um leiðtoga sem stjórnðu landinu á eftir Farouk, síðasta konungi Egyptalands, þá Gamal Abdel Nasser, Anwar Sadat og Hosni Muubarak. Rætt er um samfélagslegar aðstæður og umhverfi sem átt hafa þátt í að skapa frjósaman jarðveg fyrir ólýðræðisleg öfl. Að lokum verður fjallað um nýlega atburði og afleiðingar þeirra á Íslamska bræðralagið, egypskt samfélag og lýðræðisþróun þess.

Í 6. kafla eru niðurstöður ritgerðarinnar teknar saman og settar í samhengi við meginkenningar og hugtök sem kynnt eru í 2. kafla. Út frá þessum niðurstöðum er ályktað um hvort Íslamska bræðralagið mun áfram vinna að markmiðum sínum með friðsamlegum hætti eða hvort hreyfingin leiðist inn á braut herskárna aðferða. Loks er reynt að spá fyrir um framtíð Íslamska bræðralagsins í egypsku samfélagi. Íslam og lýðræði er mjög umdeild spurning í dag og einskorðast ekki bara við Egyptaland eða þá staði þar sem Íslamska bræðralagið er til staðar. Þessi spurning er mikið í deiglu varðandi innflytjenda umræðuna í Evrópu og víðar. Það sem einkennir þessa umræðu er að hún er oft mjög annað hvort/eða. Fjallað er um trúarbrögðin íslam með allt öðrum og neikvæðari hætti en önnur sambærileg trúarbrögð samanber kristni, gyðingdóm eða hindúisma.

## 2. Kenningar og kennismiðir

Samtímapólitísk hugmyndafræði íslams hefur orðið fyrir miklum áhrifum af tilraunum til að koma heim og saman íslam og lýðræði. Íslamskir hugmyndafræðingar sem láta sig stjórn-málalega umræðu varða geta ekki hunsað mikilvægi lýðræðisfyrirkomulagsins sem ríkjandi kjarna í vestrænni stjórnmalagerð. Öll önnur stjórnarform hljóta að skoðast út frá lýðræðislegu stjórnarfari vegna sterkrar stöðu vestrænnar menningar. Mikið hefur verið rætt og ritað um hvort íslam og lýðræði séu samrýmanleg öfl. Uppi hafa verið viðhorf þess efnis að íslam og hugmyndafræði lýðræðis séu í algjörrri mótsögn hvort við annað. Trúarlegt lýðræði hefur hlotið töluverða umræðu sem er ekki aðeins bundin við bókstafstrúarmenn. Talsmenn stjórnarfars sem byggist á veraldlegri hugmyndafræði lýðræðis telja margir hugmyndir um lýðræðislegt íslamskt ríki vera þversagnakenndar og styðjast við samansafn íslamskra úrskurða og trúarkenninga máli sínu til stuðnings. Aðrir íslamskir hugmyndafræðingar vilja meina að ósamrýmanleiki og átök á milli íslams og lýðræðis byggist á vanþekkingu og rangtúlkun á íslam. Til þess að svara því hvort íslam, sérstaklega hugmyndafræði Íslamska bræðralagsins, og lýðræði séu samrýmanleg er nauðsynlegt að skoða framkvæmd íslamskra sharía-laga og hefðbundið dómsvald innan íslams (*fiqh*). Fyrst þarf þó að rannsaka lýðræði og margþættar túlkanir þess. Áhyggjur af hugmyndafræði trúarlegs lýðræðis orsakast gjarnan af margræðni lýðræðis. Það er grundvallaratriði að skilgreina hvað lýðræði þýðir, hvort til er sameiginleg, samþykkt skilgreining á hugtakinu og hvað í raun aðgreinir lýðræðisleg stjórnvöld frá þeim ólýðræðislegu. Ef þeirri spurningu er ósvarað er ógjörningur að segja til um hvort Íslamska bræðralagið sé lýðræðislegt afl.

### 2.1 Lýðræði og margþættar túlkanir þess

Hvað er lýðræði? Hugtakið á rætur að rekja til gríska orðsins „demos“ sem þýðir fólk og „kratía“ sem þýðir stjórn þannig að orðið lýðræði þýðir því bókstaflega stjórn fólksins (Beetham, 2005, bls. 3). Kenningin um lýðræði grundvallast á því að fólk hafi þá hæfileika sem til þarf til að stjórna samfélagi sínu. Rekja má þessa upphaflegu hugmynd um lýðræði til Forn-Grikkja og sérstaklega til Aþenu en íbúar þar litu á hana sem borgríki með lýðræðislega stjórn þar sem allir gátu tekið þátt. Þó ber að hafa í huga að stór hluti samfélagsins var úti-lokaður frá þátttöku í þessari fyrstu fyrirmynd lýðræðis. Konum, þrælum og þeim sem ekki voru lögskráðir borgarar Aþenu var meinuð þátttaka í lýðræðinu eða stjórn fólksins (Beetham, 2005, bls. 3). Þrátt fyrir að merking gríska hugtaksins „demokratía“ sé að mörgu leyti einföld

og auðskiljanleg er nauðsynlegt að skilgreina vandlega hverjir teljast til fólksins eða „demos“. Í gegnum tíðina hefur sú skilgreining verið margþætt og umdeild. Eins og áður segir var ekki öllum gefinn réttur til þátttöku í pólitískri ákvarðanatöku lýðræðisins í fornum lýðræðisríkjum eins og Aþenu. Enn í dag er augljós mismunur milli skilgreininga á lýðræði, þ.e. á því hverjir tilheyra „demos“ eða „fólkinu“. Lýðræði í þessari framtúlkun orðsins er því bæði ímynduð og ónothæf hugmynd í stórum samfélögum samtímans. Almennu eru bæði talsmenn og andstæðingar lýðræðis á þeirri skoðun að frasinn „stjórnað af fólkinu“ í sinni nákvæmstu mynd hafi í raun aldrei verið til og ólíklegt sé að svo muni nokkurn tímann verða. Það er ómögulegt fyrir hvaða stjórnvöld sem er sem telja sig lýðræðisleg að vera fullkomlega lýðræðisleg samkvæmt framtúlkuninni þar sem þau koma aldrei til með að geta staðist viðmið upphaflegrar meiningar þess. Yfirburðir og kostir sem oftast eru nefndir þegar verið er að réttlæta lýðræðislegt stjórnarfar eru að það þurfi að vera þáttökulýðræði sem færir ákvarðanatöku í hendur borgaranna þar sem þeir koma saman og ræða málin og geti í framhaldinu sýnt vilja sinn og skoðanir í kosningum. Af augljósum, praktískum ástæðum virkar þetta form ekki vel fyrir þjóðríki sem eru á allan hátt mun stærri í sniðum en var á tímum borgríkja eins og Aþenu. Afleiðingin hefur orðið sú að þátttaka almennings er minni í nútímaútfærslum á kenningum lýðræðis þrátt fyrir meinta skilvirkni þess í meðhöndlun vandamála stórra samfélaga. Því má segja að í nútímasamfélögum sé fólkinu, „demos“, skipt út fyrir fulltrúa fólksins. Þannig tekur lítill hópur ábyrgð á að annast málefni lýðsins og hugtakið „stjórnað af fólkinu“ öðlast nýja merkingu, þ.e. „stjórnað af fulltrúum kjörnum af meirihluta fólks“ (Beetham, 2005, bls. 5).

Ein af meginástæðunum fyrir óljósri merkingu lýðræðishugtaksins er að það hefur þróast í nokkur þúsund ár. Hægt er að rekja merkingu þess til margra mismunandi hópa sem allir hafa haft áhrif á þróun þess. Skilningur okkar í samtímanum á hugtakinu „lýðræði“ er því ekki endilega sá sami og skilningur Aþenubúa. Grískar og rómverskar hugmyndir sem og hugmyndir frá miðöldum og endurreisnartímum hafa allar haft áhrif á hugtakið og sett mark sitt á túlkun þess á síðari öldum með þeim afleiðingum að úr hefur orðið mósáik kenninga og venja sem geta verið ósamrýmanlegar. Þar sem tilraunir til að beita upprunalegri merkingu hugtaksins lýðræði í nútímaþjóðríki virðast ónothæfar og ekki er til ein almennt samþykkt skilgreining á lýðræðislegu kerfi meðal talsmanna þess ætti að vera ásættanlegt að einbeita sér að því hvaða ríki eru álitin lýðræðisleg. Með því að greina hvaða þættir einkenna þau og hvað aðgreinir þau frá ríkjum sem talin eru ólýðræðisleg og stjórnast af ólýðræðislegri hugmyndafræði er má nálgast skilning á hugtakinu lýðræði.

Fræðimenn hafa sett fram hugmyndir að ýmiss konar fyrirkomulagi lýðræðis, svo sem elítaismalýðræði, þátttökulýðræði, fjölflokkalýðræði og fyrirtækjalýðræði, en fulltrúalýðræði er þó ríkjandi stjórnarform meðal vestrænna lýðræðiskerfa nútímans. Helstu einkenni nútímalýðræðis er varanlega varinn stjórnarskrárlegur réttur íbúa til að kjósa kjörna fulltrúa sem hafa stjórn á ákvörðunum stjórnvalda hvað stefnumörkun varðar (Beetham, 2005, bls. 13). Risasamfélög nútímans eru því fulltrúalýðræði með sanngjörnum og tíðum kosningum þar sem kjörnir fulltrúar eru valdir með reglubundnu millibili í kosningum sem fara fram með sanngjörnum hætti þar sem þvingun og skoðanakúgun eru taldar tiltölulega óalgengar. Jafnframt er tjáningarfrelsi borgara tryggt þar sem þeir eiga rétt á að tjá sig um pólitísk málefni án þess að eiga yfir höfði sér nokkra refsingu. Í þessu tjáningarfrelsi felst meðal annars að geta gagnrýnt embættismenn, þingmenn, stjórnvöld og ríkjandi hugmyndafræði samfélagsins bæði félags- og efnahagslega. Fulltrúalýðræði felst einnig í frelsi borgara til að hafa aðgang að upplýsingum að eigin vali, frá sérfræðingum, dagblöðum, tímaritum, bókum o.fl. Annað einkenni lýðræðislegra ríkja er að borgarar hafa rétt til stofnunar og starfrækslu frjálsra félagasamtaka og stofnana, sem felst m.a. í sjálfstæðum stjórn málaflökkum og hagsmunasamtökum með það að markmiði að ná fram, koma á framfæri og vinna að réttindamálum sínum og hagsmunum (Beetham, 2005, bls. 13). Lýðræðisríki einkennast einnig af því að öllum fullorðnum borgurum þess sem hafa fasta búsetu og heyra undir lagalega lögsögu ríkisins séu tryggð öll ofangreind réttindi án þess að einstakir hópar séu undanskildir.

Ofangreind upptalning hjálpar til við að skýra pólitískan raunveruleika lýðræðis sem pólitískt kerfi þar sem borgararnir eru þátttakendur ásamt því að þjóna þeim tilgangi að vera bæði aðferð og ferli til að komast að sameiginlegum pólitískum niðurstöðum. Lykilatriði hér er að lýðræði krefst þess að meirihlutinn ráði sem þýðir að meirihlutastuðningur ætti ekki aðeins að vera nauðsynlegur heldur er einnig skilyrði fyrir lagasetningu. Sumir fræðimenn halda því jafnvel fram að meirihlutareglan sé skilgreining en ekki skilyrði fyrir lýðræði (Beetham, 2005, bls. 20-21). Fjölmargir talsmenn lýðræðis telja að hlutverk almennings takmarkist ekki aðeins við pólitíska valdadreifingu, eða þátttöku í pólitísku ferli í gegnum sameiginlega ákvarðanatöku sem fram fer af kjörnum fulltrúum. Þeir vilja meina að almenn- ingur hafi bæði réttindi og skyldur til að hafa eftirlit með ákvörðunum og gjörðum valdhafa. Þar sem að þannig sé tryggt að pólitískt kerfi sé lýðræðislegt að því marki að það sé undir virku eftirliti almennings. Því má segja að lýðræði sé pólitískt kerfi þar sem viðurkenndur sé réttur fólks til þátttöku í pólitískum ákvörðunum, ýmist beint eða óbeint í gegnum kjörna fulltrúa og í þeim tilgangi að dreifa og stýra pólitískum völdum undir stjórn meirihluta.

Flest samtímalýðræðisríki eru frjálslynd lýðræðisríki sem samanstanda af lýðræðislegu stjórnkerfi, takmörkun lýðræðis og frjálslyndri pólitískri hugmyndafræði. Í frjálslyndum lýðræðisríkjum er lögð áhersla á ákveðin réttindi og gildi eins og að tryggja eignarrétt einstaklinga, einstaklingshyggju og umburðarlyndi. Af þeim sökum eru frjálslynd lýðræðisríki holdgervingur tveggja lýsandi en ólíkra sérkenna. Annað þeirra er hugmyndin um takmarkað ríkisvald sem ætlað er að tryggja einstaklingum vernd gegn handahófskenndum gjörðum embættismanna. Oft er vísað til þessarar takmörkunar stjórnvalda sem kenningar um takmarkað lýðræði. Það á rætur að rekja til þeirrar sannfæringar að þessi grundvallarréttindi eigi sér siðferðilega stöðu af heimspekilegum ástæðum, sem eru að öllu leyti óháð lýðræði og lýðræðislegu ferli. Þessi réttindi og gildi eiga að þjóna því hlutverki að takmarka hvað hægt sé að framkvæma innan pólitísku kerfis. Almennir borgarar eiga rétt á að nýta sér tiltekin réttindi án þess að eiga á hættu að afleiðingar þess séu að þeim stafi ógn af valdi ríkisins eða laga- og embættismannakerfi þess. Almennigur í frjálslyndum lýðræðisríkjum þarf einnig að hafa trú á að honum stafi hvorki ógn af valdi ríkisins né opinberri málsmeðferð. Af þeim sökum hefur viðhorf frjálslyndra til lýðræðis sögulega verið tvíbent. Á nítjándu öld var algengt að frjálslyndir teldu lýðræði vera ógn og jafnvel hættulegt. Skiljanlegt aðaláhbyggjuefni frjálslyndra hefur í gegnum tíðina verið að það þróaðist í þá átt að verða andhverfa fjölhyggju og einstaklingsfrelsis. Hugmynd lýðræðisins um að lausn á hagsmunaátökum sem upp geta komið á meðal almennings skuli útkljáð með meirihlutavilja þýðir að vilji flestra skuli ríkja yfir vilja minnihlutans. Slíkt fyrirkomulag getur skapað ofríki meirihlutans á kostnað minnihlutans sem hætt er við að hafi í för með sér að einstaklingsfrelsi og réttindi minnihlutans séu fótum troðin í nafni fólksins. Fyrirvarar frjálslyndra gagnvart hugmyndafræði lýðræðisins hafa orðið til þess að þeir hafa sett fram tillögur að ákveðnum öryggisventlum í þeim tilgangi að kostir lýðræðisins og grundvallarréttindi og gildismat frjálslyndra verði samrýmanleg. Tillaga frjálslyndra byggist á lýðræðislegu líkani sem hefur þrjá megineiginleika. Frjálslynda lýðræðið er til að byrja með óbeint fulltrúalýðræði þar sem pólitískra embætta er aflað með velgengni í kosningum sem fram fara á grundvelli formlegs pólitísku jafnréttis. Rík áhersla er lögð á einn einstaklingur eigi eitt atkvæði, eitt gildi. Í öðru lagi er frjálslynda lýðræðið byggt á samkeppni og valfrelsi kjósenda sem tryggt er með pólitískri fjölhyggju. Pólitísk fjölhyggja byggist á umburðarlyndi gagnvart ólíkum trúar- skoðunum, félagssýn og samkeppni stjórnmalahreyfinga og flokka um hylli almennings. Síðast en ekki síst einkennist hugmyndafræði frjálslynds lýðræðisríkis af skýrri aðgreiningu milli ríkisins og borgaralegs samfélags. Til að viðhalda þessari aðgreiningu og hafa eftirlit með valdi stjórnvalda er notast við bæði innra og ytra eftirlit, sem samanstendur af sjálf-

stæðum hagsmunahópum og markaðnum sem er drifinn áfram af efnahagslífinu. Eins langt og umfjöllunin nær hvað varðar sambandið á milli íslams og lýðræðis þá er grundvallaratriði að greina á milli lýðræðis eingöngu sem aðferðar til að mynda pólitískt kerfi og hins vegar sem lýðræðisgerðar sem samanstendur af starfhæfum hugmyndafræðilegum ramma, viðhorfum og gildum. Andstæðingum trúarlegs lýðræðis hefur mörgum hverjum ekki tekist að greina á milli lýðræðis sem aðferðar til að mynda pólitískt kerfi og frjálslynds lýðræðis, sem í grundvallaratriðum felur í sér ákveðna pólitíska hugmyndafræði og kenningar með eigin skoðanir hvað varðar mannlegt eðli, mannréttindi, skorður þess og siðferðisgildi.

En hverjir eru kostir lýðræðisins? Ýmislegt gerir lýðræðið dýrmætara en nokkurt annað framkvæmanlegt pólitískt kerfi. Jafnvel þó að lýðræðisríki samtímans nái ekki öllum hugsanlegum ávinningum þess hefur hugmyndafræði og hugsjón þess ekki gleymst. Þegar lýðræðið er rétt útfært og eftirlit með því gott ætti það hugmyndafræðilega að hafa margt gott í för með sér. Kostir lýðræðis eru að það getur dregið úr líkum á því að einræðis- eða ofríkisríkistjórnir nái völdum. Það er þó ekki trygging gegn kúgunar- eða einræðisstjórnarfari, né fyrirbyggir algerlega óréttlæti í samfélaginu. Til að mynda komust nasistar til valda í Þýskalandi í frjálsu og lýðræðislegu kosningakerfi með því að spila á hið lýðræðislega kerfi með sambærilegum hætti og Íslamska bræðralagið í Egyptalandi. Málsvarar lýðræðis vilja þó meina að til lengri tíma litið séu minni líkur á að hagsmunir borgaranna séu bornir fyrir báru í lýðræðislegu stjórnarfari en í þeim ríkjum þar sem stjórnarfar er ekki lýðræðislegt. Með lýðræði eru borgurum einnig tryggð ýmis grundvallarréttindi sem ólýðræðisleg kerfi veita ekki. Einungis lýðræðisleg stjórnvöld virðast því geta tryggt verulegt pólitískt jafnrétti meðal borgaranna. Þessi lýðræðislegu borgararéttindi eru nauðsynlegir þættir til að hægt sé að starfrækja pólitískar stofnanir. Eins hefur því verið haldið fram að lýðræði ýti undir framþróun samfélaga í meira mæli en nokkur annar raunsær valkostur þó svo að sú fullyrðing sé umdeild og erfitt að á hana færa sönnur. Lýðræði virðist einnig veita almenningi aðstoð við að vernda grundvallarhagsmuni sína og í auknara mæli færi á að móta líf sitt í samræmi við skoðanir, gildi, óskir og markmið sín sem borgara ásamt því að tryggja almenna hagsmuni þeirra. Í næsta kafla, 2.2. mun ég fjalla nánar um trúarleg lýðræðisríki.

## **2.2 Trúarleg lýðræðisríki**

Það er útbreidd trú að vissar pólitískar kenningar hafi heimspekilegar undirstöður sem réttlæta þær umfram aðra pólitíska hugmyndafræði og valkosti. Vísað er til þessara undirstaðna sem réttlætningar fyrir pólitískri hugsun. Ekki nægir að skoða eingöngu gildismatið sem hinu opinbera er þóknanlegt því að það er ekki sprottið af þeirri pólitísku hugmyndafræði og

rökum sem samfélagið byggist á. Þessi nálgun gengur út á að réttlætingin sé spurning um sannleika. Fullnægjandi og réttlætanlegt pólitískt kerfi verður að vera í samræmi við mannlegt eðli, sameiginlega hagsmuni borgaranna og annan siðferðis- og heimspekilega tengdan sannleika (B. Macallan og H.J. Hendriks, 2013, bls. 136). Þessi aðferð pólitískrar kenningar er einnig þekkt sem grunnhyggja (*foundationalism*). Grunnhyggja gengur út á að ákveðinn grunnsannleikur þjóni því hlutverki að vera akkeri fyrir allar aðrar kenningar og sé því alltumlykjandi í sögu pólitískrar hugmyndafræði. Sumar skoðanir okkar og sannfæring styðst þannig við ákveðinn sannleik eða gefnar staðreyndir (B. Macallan og H.J. Hendriks, 2013, bls. 136). Þessi skoðun átti sérstaklega upp á pallborðið á tímum upplýsingarinnar þegar hugsuðir eins og Kant og Locke settu fram kenningar sem byggðust á mikilvægi skynsamra undirstaðna sem voru grunnur að vestrænni stjórnámálamenningu. Í kenningunni er gengið út frá því að til sé rétt svar við öllum pólitískum spurningum. Með því að þræða víðeigandi hugsanagang sé hægt að komast að endanlegum pólitískum sannleika.

En hver er hugmyndin að baki hugtakinu *trúarlegt lýðræði*? Samkvæmt skilgreiningu á lýðræði er næg aðgreining milli ríkis og trúar nauðsynleg svo tryggt sé að trúarbrögðin stjórnir ekki lagasetningu og stjórnmalastefnum og markmiðum (Beetham, 2005, bls. 83). Í grundvallaratriðum er hvaða hugmyndafræði eða trúarbrögð sem er, sem fylgja ákveðnum kenningum, gildum og reglum, óháð óskum og vilja almennings. Því er ekki hægt undir merkjum trúarlegs lýðræðis að samþykkja og gangast undir ótakmarkað lýðræði. Reglur og gildi trúarbragðanna boða að standa þurfi vörð um trúarlegan boðskap eða kenningu og því er ekki hægt að tryggja að farið sé að vilja meirihlutans, þ.e. ef vilji hans er andstæður boðskap og kenningarlegu inntaki trúarbragðanna, lýðræði snýst hinsvegar líka um hvernig eigi að tryggja rétt minnihlutans en ekki leiða til ofríki meirihlutans. Ástæðan er sú að lýðræðislegi meirihluti sé ávallt bæði breytilegur og óútreiknanlegur. Því til stuðnings hefur verið bent á að hugmyndafræði bæði jafnaðarstefnu og frjálshyggju þurfi stjórnarskrá til að hafa eftirlit með því að lýðræðislegum vinnubrögðum sé fylgt. Þá þurfi að verja grunngildi þeirra og sannfæringu fyrir hugsanlegum skaða sem meirihlutastjórn gæti valdið. Hvorki lýðræði né lýðræðisferlið sér samfélaginu hins vegar fyrir alhliðahugmyndafræði og gildum. Lýðræði sem slíkt er einungis ein af þeim aðferðum sem notuð er í þeim tilgangi að yfirstíga erfiðleika við ákvarðanatöku í hvers kyns samtökum og samfélaginu í heild. Hugmyndafræðilegur grunnur lýðræðis fangar hins vegar ekki með áreiðanlegum hætti réttlátar ákvarðanir eða svokallaðan sannleika. Af þeirri ástæðu er meirihlutastjórn of veikur valkostur til að geta komið í staðinn fyrir alhliða trúar- og siðferðislegar heimspekikenningar. Yfirburðir lýðræðis umfram aðra valkosti hafa ekkert með heimspeki eða hugmyndafræði að gera, heldur hversu



hagnýtt og raunsætt það er í framkvæmd og notkun. Lýðræði sem aðferð hefur því ekki yfir að ráða ákveðinni óbreytanlegri eða algildri heimspekilegri hugmyndafræði og gildum.

Á hinn bóginn þurfa stjórnvöld þurfa að uppfylla ákveðin viðmið til að teljast lýðræðisleg. Þau viðmið fela meðal annars í sér tækifæri íbúa til þátttöku, í það minnsta í þýðingarmiklum pólitískum ákvörðunum, og tækifæri til að geta komið skoðunum sínum, afstöðu og þörfum á framfæri. Stjórnvöld sem vilja vera álitin lýðræðisleg þurfa einnig að dreifa valdi í gegnum frjálsar kosningar og vera þess megnug að hafa eftirlit með og halda sveitarstjórum ábyrgum gjörða sinna ásamt því að tryggja réttindi minnihlutans. Þessi stjórnmalalegu réttindi og skyldur íbúa lýðræðisríkja er hægt að afgreiða innan ákveðins ramma sem felur í sér tiltekin réttindi og gildi. Í takmörkuðum fulltrúalýðræðum nútímans er stjórnarskráin birtingarmynd þessa ramma. Ef fyrrgreind atriði eru ekki tilgreind í stjórnarskrá getur lýðræðislega kosið þing ekki haft áhrif (Beetham, 2005, bls. 84). Stjórnarskráin mótast svo og tekur mið af skoðunum og gildum almennings út frá því sem hann hefur trú á og styður. Því er mikilvægt að svara því hvort íslam sé viðeigandi rammi fyrir trúarleg lýðræðisstjórnvöld til að starfa eftir og uppfylli skilyrði lýðræðis. Á sama hátt er spurning hvort stefna Íslamska bræðralagsins í Egyptalandi uppfyllir ofangreind skilyrði til að geta talist lýðræðislegt afl og starfað innan ramma þess. Margir íslamskir hugsuðir, þeirra á meðal Abdu al-‘Ala `Mawdudi álíta að í íslam séu múslimum faldar ýmsar skyldur og umtalsvert pólitískt og félagslegt vald. Innan íslams er hins vegar enginn ágreiningur um stöðu hins æðsta trúarlega yfirvalds né pólitíska stöðu almennings í fyrirmyndarríki íslam. Innan íslams eru ákveðnar takmarkanir á óskir og vilja almennings. Þær felast í því að hann hefur einungis valdaumboð innan fyrirfram ákveðins ramma íslamskra laga og gilda. Því hefur hvorki meirihluti almennings né kjörnir fulltrúar hans vald til að setja lög eða kveða upp dóma sem eru í mótsögn við íslam. Talsmenn hins íslamska forms lýðræðis, eins og Íslamska bræðralagið í Egyptalandi, benda gjarnan á Shura (*majlis al-shura al-‘amm*), sem er eins konar samræðunefnd, til stuðnings og sönnunar því að almenningur innan íslams hafi tækifæri á að koma skoðunum sínum á framfæri. Íslömsk stjórnvöld hafa hins vegar æðsta löggjafarvald yfir íslömskum lögum, sharía, og stjórnvöld eru hafin yfir öll önnur lög. Ábyrgð á túlkunum íslamskra laga, sharía, eru í höndum íslamskra fræðimanna. Þeir túlka og álykta innan ramma þeirra laga og reglna til leiðbeiningar fyrir dómara. Innan hins íslamska ríkis er leiðtoginn formaður framkvæmdastjórnar sem falin er ábyrgð á að framkvæma slík lög og reglugerðir. Að mati fylgismanna Íslamska bræðralagsins kemur hins vegar einnig fram að pólitískt vald sé í höndum samfélagsins sem samkvæmt kóraninum hvetur til þess að samfélagsleg málefni séu afgreidd í gegnum shura (samræðunefnd). Margir íslamskir fræðimenn, þeirra á meðal Allama Iqbal og

Khurshid Ahmad vilja meina að grunnþættir shura og lýðræðis séu sambærilegir þar sem hvort tveggja spretti upp úr þeirri skoðun að opnar umræður sem öllum er gert kleift að taka þátt í séu líklegri til að leiða til sanngjarnra og vel ígrundaðra niðurstaðna til samfélagslegra hagsbóta fyrir allan almenning frekar en vilja einstakra aðila. Það er fulldjúpt í árarnar tekið að halda því fram að shura hafi sömu virkni og vestræn þinglýðræðissamfélög þar sem enn er til staðar ágreiningur á meðalfræðimanna hver pólitísk staða shura sé. Þeir sem trúá á kenninguna um Kalísdæmið og endurreisn þess, eins og Íslamska bræðralagið, leggja áherslu á að meðlimir shura-ráðsins hafi þar einungis þá skyldu að koma skoðunum sínum á framfæri við leiðtogann án þess þó að hafa nokkurn rétt á að taka pólitískar ákvarðanir. Samkvæmt kenningu þeirra er kalífinn ekki bundinn af skoðunum shura-ráðsins jafnvel þó að allir meðlimir þess séu á einu máli. Shura er eitt af meginstoðum íslamsks lýðræðis. Þegar Shura er borið saman við vestrænt lýðræði og hugmyndafræði þess þá vísar það til einnar af grunnstoðum lýðræðis. Lýðræði í sinni löngu sögu hefur þróast og tekið breytingum en krafan um þátttöku almennings, lög og að leiðtogi samfélags eða ríkis axli ábyrgð gjörða sinna eru enn grundvallarstoðir þess. Þegar fullyrt er að íslamskt stjórnmalakerfi gæti verið lýðræðislegt er einungis verið að gefa í skyn að íslamskar kenningar séu á suman hátt sambærilegar og samrýmanlegar grundvallaratriðum lýðræðis. Kóranin leggur áherslu á þátttöku almennings í málefnum sem varða bæði stjórnmal og málefni samfélagsins (K.A. Mingst og J.L. Snyder, 2004, bls. 174). Vægi almennings við endanlega ákvarðanatöku er enn óljóst, þ.e. hvort leiðtogi íslamsks ríkis er bundinn af afstöðu shura eða hvort honum sé einungis skylt að hlusta á rödd fólksins, heyra skoðanir þess, afstöðu og vilja, þótt hann fari ekki eftir henni. Hvað sem leiðtoganum ber að gera eftir að hafa hlustað á afstöðu almennings ítrekar kóraninn að leiðtoganum beri að ráðfæra sig við fólkið (K.A. Mingst og J.L. Snyder, 2004, bls. 174). Þótt hlutverk shura innan hins íslamska heims samræmist ekki alveg hugmyndinni um lýðræði eða pólitíska stöðu þingsins í nútímalýðræðisríkjum getur það samt verið viðeigandi við mótun takmarkaðs lýðræðis íslamsks ríkis, sér í lagi þegar haft er í huga að shura hugtakið er frá 7. öld og þess vegna þarf að vera mjög kreatívur að aðlaga það að veruleika 21.aldar.

Innan hins trúarlega lýðræðis íslams er krafist hollustu (Bay'ah) gagnvart leiðtoganum, þ.e. eins konar samningur sem gerður er á milli þeirra sem kjósa og þess sem gert hefur verið að stjórna. Út frá hugmyndafræði lýðræðis getur hollusta (Bay'ah) ekki talist vera lýðræðislegt fyrirkomulag þar sem um bindandi kosningu eða útnefningu er að ræða. Sú útnefning felur í sér að almenningur sverji hollustu við leiðtogann út frá þeirri forsendu að um trúarlega skyldu sé að ræða. Hollustan við leiðtogann varir þar til leiðtoginn deyr þar sem óljóst er hvenær shura fer að gilda eða hvort hún sé einungis hugsuð sem ráðgjafandi fyrir leiðtogann.

Lýðræði gerir hins vegar ráð fyrir því að hægt sé að kjósa sér nýjan leiðtoga með kosningum og það hafi ekki neinar trúarlegar afleiðingar, hvorki fyrir leiðtogann né kjósendur. Eitt af mikilvægustu einkennum lýðræðislegra stjórnvalda er að þeim ber að svara til ábyrgðar gagnvart almenningi sem einnig verður að hafa tækifæri á að gagnrýna stefnur og tilgang þeirra án þess að það geti haft alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir það (Beetham, 2005, bls. 31-33). Talsmenn trúarlegs lýðræðis vilja meina að einn af veigamestu þáttum innan íslams sé sú skylda sem lögð er á herðar allra múslima þess efnis að þeir skuli stjórnast af góðu og banna illt. Þessi skylda ætti að mati fylgjenda trúarlegs lýðræðis að gera hið íslamska lýðræðisríki ábyrgt gagnvart þegnum sínum. Einnig er það skylda sem lögð er á herðar allra múslima innan íslams að láta sig varða velferð samfélagsins og kynna sér og vera vökull gagnvart gjörðum þeirra sem sinna opinberum störfum. Það er einnig sameiginleg skylda valdhafa og almennings að virða hin íslömsku sharía-lög. Þau setja skýran ramma og stoðir utan um félags- og trúarlegar skyldur og á hvaða forsendum þeim er heimilt að spyrjast fyrir og draga í efa framferði og stefnur valdhafa. Ætla mætti að til þess að múslimar geti uppfyllt þá skyldu sín að hafa eftirlit með stjórnkerfinu þurfi skilyrði á borð við málfrelsi og aðgangur að réttum og hlutlausum upplýsingum að vera fyrir hendi. Ef slík skilyrði eru ekki til staðar er ógerlegt fyrir almenning að uppfylla hlutverk sitt, þ.e. að veita íslömskum lýðræðisstjórnvöldum uppbyggilega endurgjöf og gagnrýni til að hjálpa þeim við að heiðra skyldu sína sem verndarar sannleikans og réttlætis. Rík áhersla vestrænna samfélaga á frelsi einstaklingsins fer ekki saman við hugmyndafræði og boðskap íslams. Að undanskildum áðurnefndum mun á hugmyndafræði trúarlegs lýðræðis og frjálslýndu vestrænu lýðræði, þá hefur það fyrrnefnda yfir að ráða sömu grunnkostum og hver önnur lýðræðisstjórn setur sér að starfa samkvæmt. Þar má nefna, eins og áður hefur komið fram, skyldu almennings til þátttöku og dreifingu stjórn málalegs valds samkvæmt niðurstöðum kosninga, ábyrgð valdhafa á verkum sínum gagnvart almenningi, gagnsæi stjórnarskrár og stjórn mála og samábyrgð valdhafa og almennings. Trúarlegt lýðræði er hins vegar mun ákjósanlegri valkostur fyrir þá sem setja boðskap og gildi íslams skör hærra en annarra gilda og boðskapar vegna mikilvægis sharía sem leggur grunn að og mótar vöxt og innihald hins pólitíska kerfis út frá kóraninum og hadith. Annar kostur íslamsks trúarlegs lýðræðis sem einnig gerir það eftirsóknavert er krafan um að leiðtoginn búi yfir miklum mannkostum og að hann hafi bæði siðferðislegar og trúarlegar skuldbindingar sem leiðtogi íslamsks ríkis. Þó að oft hafi verið litið fram hjá pólitískum kenningum íslams þá greiða þær leiðina fyrir stofnun íslamsks lýðræðis. Einnig er vert að hafa í huga að grunnboðskapur og hugmyndafræði íslams byggist á sömu hugmyndafræði og lýðræði gerir. Því hlýtur að teljast eðlilegt að sá menningaheimur leiti sér útfærsluleiða að þróun lýðræðis þangað, frekar en að apa eftir erlendum útfærslum á inntaki lýðræðis (K.A. Mingst og J.L. Snyder, 2004, bls. 176).

### 2.3 Vestraent lýðræði andstætt fullveldi Guðs

Er hugmyndin um trúarlegt lýðræði þversagnakennd? Gagnrýnendur trúarlegs lýðræðis halda því fram að eðlislæg gjá sé milli grundvallarsjónarmiða íslamskrar trúar hvað stjórnarfar og grunnstoðir lýðræðis varðar. Samkvæmt því horfa þeir sem aðhyllast hugmyndina um trúarlegt lýðræði framhjá raunverulegu eðli trúarbragða og þekkingarfræðilegum grunni lýðræðis. Lýðræðislegt kerfi er byggt á fjölhyggju (*pluralism*). Grunnmerking þess hugtaks er „margleiki“ (*manyness*) þar sem lögð er áhersla á frelsi í stað reglna og stýringar, fjölbreytni í stað einsleitni og fjölbreytileika frekar en samstöðu (M.F. Plattner, 2010, bls. 89). Samkvæmt kenningum fjölhyggju þar sem fjölflokkalýðræði er ein af meginstöðunum getur enginn einn einstaklingur eða hópur fræðimanna haft yfir að ráða eða gert tilkall til hins eina rétta sannleika, þ.e. að skilningur eða skoðanir viðkomandi séu þær einu réttu en aðrar skoðanir rangar. Samkvæmt fjölhyggju er að sannleikanum dreift á meðal mannkynsins og því eru allar skoðanir samspil sanninda og ósanninda. Af því leiðir að álit eins er aldrei rétthærra en álit annars (Touraine, 2000, bls. 78). Innan kenninga fjölhyggju er fólki frjálst að fylgja og styðja hverja þá skoðun sem því hentar, hvort sem hún er trúarlegs eðlis, veraldleg, siðferðisleg eða ósiðferðisleg. Frelsið til að velja er ein mikilvægasta stoð lýðræðis. Því er hugmyndafræði sem telur sig hinn eina rétta sannleika algjörlega ósamrýmanleg lýðræðislegu stjórnaritari og grunnhugmyndafræði. Trúarbrögð sem telja sig boðbera hins eina rétta sannleika eru því ósamrýmanleg lýðræðisstjórnaritari samkvæmt ofangreindu sjónarmiði. Slík sjónarmið eru ekki í samræmi við þá mynd sem almennt er haldið á lofti í lýðræðisríkjum. Önnur spurning sem ekki er ætlunin að svara hér er hvort pólitískt kerfi getur yfir höfðuð verið hlutlaust þar sem mótun þess hlýtur að vera beintengt þeim sem móta það, þ.e. þegnum, viðhorfum þeirra, gildum, trú og hagsmunum. Sama hve mikil íhlutun ríkisins telst ákjósanleg leikur enginn vafi á því að það íslam sem Íslamska bræðralagið hampar er algjörlega ósammála mörgum undirliggjandi gildum frjálshynds lýðræðis, þar á meðal veraldarhyggju, fjölræði og róttækri einstaklingshyggju. Því eru íslam og frjálshyggja algjörlega ósamrýmanleg, sér í lagi hvað varðar frjálshynd ríki. Hugmyndir frjálshyndsstefnunar voru í raun „vopn í höndum þeirra sem vildu brjóta niður einveldi og síðustu leifa lénsveldis í því skyni að koma á lagalegu jafnrétti allra þegna ríkisins. Frelsi einstaklinga til athafna, skoðanafrelsis og málfrelsis eru réttindi sem flestir meta mikils nú á tímum og þau eigum við öll að þakka stjórnálagahugmyndum frjálshyndsstefnunar“ (Guðmundur Hálfánarson, 2007, bls.50). Það grefur hins vegar ekki undan öðrum útfærslum takmarkaðs lýðræðis, þar á meðal trúarlegs lýðræðis.

Sumir íslamskir hugsuðir sem leggja áherslu á íslamskt stjórnunarform halda því fram að lýðræði sé í mótsögn við meginhugmyndafræði íslams. Ástæða þess hefur að gera með löggjöf en samkvæmt íslam getur slíkt löggjafarvald eingöngu verið í höndum Guðs. Hugmyndafræði íslams um fullveldi svipar til kenninga lögfræðingsins og stjórnspekingins Jeans Bodins. Hann lagði grunninn að stjórnarlögum franska einveldisins seint á sextánda öld, þar sem fullveldið skyldi hvíla eitt og ódeilanlegt í höndum konungs (Guðmundur Hálfðanarson, 2007, bls. 36). Innan íslams er því fullveldið í höndum Guðs í gegnum heilög sharía-lög en ekki hjá fólkinu. Það gerir að verkum að almenningur hefur ekki rétt á að setja lög í neinum málum. Almenningur gæti til dæmis ekki tekið sig saman og orðið sammála um að leyfa okurlánastarfsemi þar sem slík starfsemi yrði samt ólögleg þar sem slík ákvörðun væri á skjön við fyrirskipun Guðs sem bannar okurlánastarfsemi. Almenningur getur því ekki ákveðið að breyta lögum í andstöðu við íslam. Í vestrænu lýðræði er fullveldið hins vegar í höndum fólksins sem er frjálst að setja lög eftir sínum vilja og óskum, annaðhvort beint eða í gegnum kjörna fulltrúa. Því til stuðnings hefur Habermas sagt að eitt af einkennum lýðræðisríkja sé að fullveldið byggist á réttindum einstaklingana, þ.e. einstaklingurinn er fullveldið (Guðmundur Hálfðanarson, 2007, bls. 235).

Sayyid Qutb, sem fjallað er ítarlega um í 4. kafla, telur að grundvallarkenning lýðræðislegra frjálshyggju um fullveldi einstaklingsins yfir sjálfum sér sé í raun valdarán á fullveldi Guðs. Það sé í raun uppreisn gegn yferráðum Guðs þar sem slíkt fyrirkomulag setur sérhvern einstakling í undirgefna stöðu gagnvart vilja annarra einstaklinga í stað helgrar stjórnar Guðs á jörðu. Til að mynda er múslimum leyfilegt samkvæmt íslam að stunda og notast við vísindalegar uppgötvanir og hugmyndir mannsins svo framarlega sem þær eru ekki í andstöðu við íslam. Múslimum er hins vegar bannað að setja lög eða fara eftir lögum sem eru ekki íslömsk. Ástæðan er að talið er mögulegt að finna leiðbeiningar um hvernig háttá skuli málum í öllum aðstæðum samfélagsins. Þetta viðhorf nýtur mikils stuðnings meðal trúar- endurvakningarhreyfinga innan íslams og mikilvægt að skoða ólíka þætti þess. Til að það sé hægt þarf að útskýra hugtakið fullveldi Guðs, þ.e. að allt lagalegt vald sé í höndum Guðs og að trúaðir og hæfir dómara geti hvorki sett né mótað lög fyrir samfélag múslima. Hafa verður í huga að þekkingu skortir á íslamska lýðræðismódelinu sem gerir kröfu um fullveldi Guðs en veitir einnig almenningi vald í takmörkuðum þáttum pólitískra málefna. Fylgjendur þessarar kenningar einblína á muninn milli hugmyndarinnar um trúarlegt íslamskt lýðræði, hins tæra lýðræðismódelis, og frjálslýnda lýðræðismódelisins. Samkvæmt skilgreiningunni er „fullveldi æðsta pólitíska valdið og lýtur sjálfst engu æðra valdi hvað varðar löggjöf og framkvæmd pólitískra ákvarðana“ (Guðmundur Hálfðanarson, 2007, bls. 236). Innan alþjóðakerfisins er

fullveldi krafa ríkisins um sjálfstjórn og gagnkvæma viðurkenningu á fullveldi og því grunnurinn að alþjóðlegu samfélagi. Þannig er litið á fullveldið sem grundvöll pólitísku valds sem stjórnvöld reiða sig á til að geta skipulagt innan- og utanríkissamskipti. Innan þessarar skilgreiningar hefur hugmyndin um fullveldið sem pólitískt enga tengingu við guð. Þeir sem eigna Guðs þessa eiginleika rugla saman trúarlegri stöðu Guðsmeðal trúaðra og pólitísku valdi ríkisins, með skírskotun í undirhugtakið fullveldi. Af þeim sökum hafa margir hugmyndafræðingar hafnað öllum tilraunum til að túlka æðsta vald Guðsyfir í pólitískt fullveldi. Fullveldi sem pólitískt hugtak er frekar nýtilkomið.

Fullveldishugtakið „er mjög skýrt og afmarkar valdaaðila í samfélaginu sem hafa rétt á að nota þvingandi vald til að ná fram vilja sínum. Hins vegar er Guð ekki fullvaldur í þeim skilningi“ (Guðmundur Hálfðanarson, 2007, bls. 235). Samkvæmt skilgreiningu pólitísku fullveldis er aðeins á valdi fólks að vera fullvalda því endanlegt þvingandi vald er í höndum þess, þar sem orð þess eru endanlegt vald í pólitískum skilningi. Í raun er hvert ríki fullveldi óháð því hvernig pólitískri forystu er komið á og sniðin til. Því eru fullveldi ávallt í höndum stjórnvalda, hvaða nafni sem þau nefnast og hvernig sem þau komast til valda, svo framarlega sem þau halda völdum sínum og geta framfylgt þeim. Innan hugmyndafræði íslams eru hins vegar engar frumheimildir um stofnun pólitísku fullveldis. Því hefur grundvallarspurningin um lögmæti þess komið upp, þ.e. hvert er lögmætt form pólitísku fullveldis? Pólitískir heimspækingar hafa sett fram mismunandi svör við spurningunni. Sú hugmynd að einungis fólkið geti verið og sé fullvalda er skilgreining þeirra sem taka lýðræðislega afstöðu til spurningarinnar. Lögmæti pólitísku, stjórnvaldslegs fullveldis verður ekki að veruleika samkvæmt heimspækingum eins og Plató sem taldi að rétt stjórnunarform væri með umsjónaraðila í gegnum stjórn meirihlutans og með samþykki fólksins. Fullveldi má skapa á ýmsa vegu og með ólíkri umgjörð (Guðmundur Hálfðanarson, 2007, bls. 235-236). Allar pólitískar kenningar setja fram sína túlkun á lögmæti fullveldis og leggja áherslu á eitt ákveðið grundvallaratriði sem gefur ríki lögmæti. Samkvæmt afstöðu þeirra sem styðjast við kenningar um íslamskt ríki er lögmæti stjórnvalda sterklega tengt því hversu skuldbundin þau eru sharía-lögum, íslömskum kenningum og gildum. Íslamskir hugsuðir og kennismiðir túlka fullveldi Guðssem einstakt vegna þess að vilji Guðs inniheldur löggjöf hans (sharía), vilja og fyrirskipanir og hafa því forgang fram yfir fyrirskipanir leiðtoga íslamskra ríkja sem ber að stjórna samkvæmt helgum lögum sharía. Með tilliti til túlkunar á fullveldiGuðs, sérstaklega kröfuna um æðsta vald hans varðandi löggjöfina, má spyrja hvort fullveldið kemur í veg fyrir að trúaðir setji lög. Spurningin greinir á lýðræðis og ofangreindrar kenningar trúarlegs lýðræðis sem viðurkennir ekki að trúaðir hafi rétt til að móta lög sjálfir. Eins og fram hefur komið, leggur trúarlegt

Lýðræði áherslu á að algjört og endanlegt vald sé í höndum Guðssem felur einnig í sé löggjafarlegt fullveldi hans. Um er að ræða algjör lagaleg yferráð yfir stórum hluta lífs múslima. Þörf þeirra fyrir ný viðeigandi samtímalög til að ráða fram úr nýjum eða óvenjulegum aðstæðum er hins vegar önnur og brýn staðreynd. Samfélög múslima eins og önnur samfélög nú á tímum þurfa ný lög og reglur til að geta aðlagð lagaumhverfi sitt að tíðum breytingum samfélagslegra samskipta, til að mynda vegna þróunar á lífsstíl almennings, tækni og menningar ásamt efnahagslegum breytingum. Samfélagsbreytingar í víðum skilningi kveikja margar nýjar lagalegar spurningar og óvissu sem oft er ekki hægt að leysa úr án setningar nýrra laga. Almennungur í Egyptalandi og öðrum ríkjum Mið-Austurlanda upplifir sig í eins konar umsátursaðstæðum gagnvart vestrænum heimi. Andspænis völdum hans eru þau máttlaus og áhrifalítill (K.A. Mingst og J.L. Snyder, 2004, bls. 176).

Sú hugmynd er þekkt að íslam endurspegli hinn fullkomna Guð, sé alhliða og alltumleikandi hvað varðar þarfir einstaklinga, sérstaklega þegar upp koma mál sem leysa þarf í gegnum dóms- og lagakerfið. Margir fullyrða að íslamskt lagakerfi hafi yfir að ráða öllum lögum og reglum sem æskilegar eru fyrir íslamskan lífsstíl. Þetta má túlka á tvo vegu. Fyrsta túlkunin felur í sér að um mistúlkun fullyrðingarinnar sé að ræða, íslam séu fullkomin trúarbrögð. Fullyrðingin felur í sér að viðeigandi lög séu undantekningarlaust til staðar innan sharía sem sé sjálfkrafa hægt að nota bæði í opinberum málum og einkamálum, komi sú staða upp að lagalegs ramma og úrskurðar sé þörf. Af þeim sökum er miklum vandkvæðum bundið að réttlæta tilvist annars lagalegs fullveldis sem styðja myndi við ný lög. Samkvæmt þessu viðhorfi væri einungis hægt að setja nýjar reglur ef þær styddust við íslamskan uppruna, sem væri þó ekki í formi löggjafar. Í gegnum sjálfstæða túlkun (*ijtihad*) getur sérfræðingur í íslömskum lögum notað rökleiðslu til að komast að undirliggjandi meiningu íslamskra texta og þeim grunni sem sharía-lögin byggjast á til að komast að afstöðu íslams við nýjar aðstæður og spurningar sem vakna í kjölfarið. Þetta ferli er hins vegar algjörlega aðskilið frá löggjöf. Íslamskir lögmenn hafa engan rétt á að setja lög. Þeir eru einungis færir um að skilja út frá túlkunum og í kjölfarið tilkynna hinum trúuðu hvað almáttugur Guðhefur fyrirskipað.

Samfélög sem, eins og kóraninn og kenningar eru upprunnin, eru smá í sniðum og einföld að uppbyggingu. Þeim er auðvelt að stjórna með ákveðnum grunnreglum. Nútímasamfélög eru aftur á móti töluvert stærri og búa yfir ítarlegum infrastrúktúr, byggðum upp af flóknum samvinnuðum samböndum og tengjast alþjóðasamfélagi og kerfi og tengslum við aðila sem eru ekki múslimar. Í slíku umhverfi þarfnast allar hliðar og aðstæður opinbers lífs sveigjanlegs lagakerfis sem hefur yfir að ráða bæði ósveigjanlegum og sveigjanlegum reglum til að viðhalda samhug og kröfum í vaxandi nútímasamfélögum. Tilvist óbreytanlegra sögulegra laga sem eru ekki samtímalög eru stór þáttur í mörgum yfirgripsmiklum

lagakerfum, sérstaklega innan íslamska lagasafnsins. Margir múslimar hafa hins vegar kallað eftir endurskoðun þeirra túlkana sem íslömsk sharía-lög byggjast á (K.A. Mingst og J.L. Snyder, 2004, bls. 176). Þó er ekki hægt að horfa framhjá mikilvægi aðskildra, breytilegra reglna sem stjórnvöld verða að geta sett lög um í samræmi við nýjar efnahagslegar, félagslegar og pólitískar aðstæður. Geta til slíkrar lagasetningar og stefnumörkunar er nauðsynleg til að vernda hagsmuni samfélagsins og til að yfirstíga annars konar samfélagslega erfiðleika, m.a. varðandi menntun, skatta, öryggismál, útflutning, innflytjendur og önnur knýjandi mál. Af þeim sökum er innleiðing stefnu eitt mikilvægasta hlutverk stjórnvalda. Samkvæmt íslam er sharía fullkomið, ekki vegna þess að við þurfum ekki hvaða gerð af löggjöf sem er eða vegna þess að allar reglur hafa áður verið búnar til heldur er það vegna þess að íslam er fullkomnast allra lagakerfa. Það hefur yfir að ráða yfirgripsmiklum og allsumlykjandi helgum lögum. Íslömsk lögspeki býr einnig yfir ákveðnum þáttum sem gerir það að kraftmiklu og sveigjanlegu kerfi sem er fært um að starfa samhliða breytingum í samfélaginu. Einn þýðingarmikill þáttur þessa forms er réttur vel hæfra lögmanna að gefa frá sér úrskurði og fyrirskipanir. Hafi hins vegar sharía-lögin þegar sett fram úrskurð varðandi ákveðið mál er það skylda íslamsks ríkis að það taka upp og framfylgja úrskurði sharía. Ef aðstæður koma upp þar sem sharía-lögin eru óljós eða ef uppi eru ólíkar skoðanir varðandi hin helgu lög þá er það álit og tilskipun þess sem gegnir hlutverki leiðtogans, á meðan hinn óskeikuli ímam er fjarverandi, sem ræður úrslitum umfram alla aðra. Þegar ekki er til staðar nein skuldbinding eða bann í sharía-lögum er lögfróðum heimilt að gefa út stjórnvaldslega tilskipun ef nauðsin krefur fyrir íslam og múslima. Hinn réttláti, lögfróði aðili hefur lögmætt vald og lagalegt fullveldi sem aðrir stjórnendur ríkisins hafa ekki, þeirra á meðal þingmenn sem eru kosnir af almenningi en ættu að vera útnefndir af hinum réttláta lögfróða aðila, því annars teljast þeir ekki hafa lögmætt vald til að setja stjórnvaldsreglu og taka ákvarðanir.

Það að fá kosningu meirihlutans eða öðlast samhljóða álit almennings veitir ekki sjálfkrafa lagalegt fullveldi eða lögmætt trúarlegt vald til að stjórna íslömsku samfélagi. Jafnvel kjörnum fulltrúum sem hafa verið tilnefndir af hinum réttláta og lögfróða aðila er óheimilt að taka ákvarðanir og gefa tilskipanir sem brjóta í bága við sharía-lögin. Lögmæt staða meirihlutans er það sem aðgreinir trúarlegt lýðræði frá öllum öðrum hugmyndum um lýðræðisríki þar sem trúarlegt lýðræði takmarkar vald almennings í samræmi við fullveldi Guðs yfir löggjafarvaldinu. Á meðan takmarkast fullveldi kjörinna fulltrúa ekki af sharía-lögum í ríkjum sem skilgreind eru sem lýðræðisríki, en ekki trúarleg íslömsk lýðræðisríki, þar sem fullveldi kjörinna fulltrúa þar takmarkast ekki af sharía-lögum. Kenningar lýðræðis gera ráð fyrir því að veraldlegt kerfi sé aðskilið frá valdi og fullveldi guðs. Því mistekst hugmyndafræðinni að setja fram sannfærandi mat á trúarlegu líkani lýðræðis og sambandinu milli íslams og lýðræðis.



### 3. Saga Íslamska bræðralagsins og hugmyndafræðilegar rætur þess

#### 3.1 Saga og þróun Íslamska bræðralagsins

Íslamska bræðralagið er sennilega stærsta og útbreiddasta íslamistahreyfing samtímans. Það hefur því haft mest áhrif allra íslamskra hreyfinga sem starfa innan SunnÍ-Íslams í Mið-Austurlöndum og víðar. Egyptaland er fæðingarstaður nútíma-jihadista-hreyfinga (Gerges, 2007, bls. 22). Stofnun bræðralagsins og hvernig það seildist til áhrifa átti sér stað í skjóli dramatískra svæðisbundinna atburða, einkum falli Tyrkjaveldis undir lok fyrri heimsstyrjaldarinnar og hernáms múslimaríkja af Vesturlöndum. Stofnun Íslamska bræðralagsins markaði upphafið að seinni bylgju íslamskrar aðgerðastefnu – sem hugmyndafræðilegs skóla sem leitast við að veita menningar-, félags-, efnahags- og stjórnmálalega viðspyrnu við áskorunum sem innreið nútímavæðingar Vesturlanda í Mið-Austurlönd hefur leitt af sér fyrir svæðið, ekki síst Egyptalands. Fyrsta bylgjan, á árunum 1880-1920, var að mestu drifin áfram af vitsmuna- og hugmyndafræðilegri viðleitni en sú síðari, frá 1928, var annars eðlis. Þá var umbreytt fyrri áherslum og meiri áhersla lögð á skipulagða pólitíska starfsemi og að stofnanavæða félagslegar hreyfingar á borð Íslamska bræðralagið. Bræðralagið lagði mikla áherslu á trúarlegar prédikanir og velferðarþjónustu við þá sem minna máttu sín í samfélaginu, einkum í þéttbýli og stærri borgum. Íslamska bræðralagið er því hreyfing sem er kirfilega staðsett í nútímanum, bæði hvað varðar félagslegan efnivið félagsmanna og forystu. Hreyfingin fylgir hins vegar hugmyndafræðilegri línu sem heimspekingar af fyrstu bylgju íslamskra aðgerðarsinna mótuðu fyrstir. Stofnendur hreyfingarinnar voru nær eingöngu Egyptar og höfundar margra upphaflegra grundvallarrita þeirra (Gerges, 2007, bls. 23). Stofnendur Íslamska bræðralagsins, eldri aðgerðarsinnar og flestir meðlimir hreyfingarinnar nú tilheyra menntaðri miðstétt og lægri millistétt úr þéttbýli og borgum. Þó að margir þeirra hafi lagt stund á eitthvert hefðbundið námi innan íslam, öfluðu flestir meðlimir hreyfingarinnar sér menntunar innan nútímamenntastofnana frekar en hjá hefðbundnum klerkum og prédikurum eða dulspekingum Súfista sem er hluti af órjúfanlegri alþýðutrú íslams í Egyptalandi og mörgum öðrum ríkjum í Mið-Austurlöndum. Hefðbundið íslam, sem hefur þróast og starfað samhliða ríkjandi stjórnvöldum og pólitískum áherslum hverju sinni, boðar í gegnum stofnanir sínar tilbeiðslu sem gengur út á að treysta í blindni og breyta í einu og öllu eftir þeim trúar- og lagalegu hefðum sem myndast hafa. Íslamska bræðralagið leggur á hinn bóginn áherslu á afturhvarf til „upprunalegs“ íslams og túlkunar þess á þeim tíma með

endurreisn kalífadæmisins. Það tímabil á rætur að rekja til fyrstu kynslóðar múslima, þ.e. Múhameð spámann, förunauta hans og fylgdarmenn þeirra. Þannig gerir bræðralagið íslam að afli sem hefur vigt og skiptir máli fyrir samfélagsuppbyggingu.

Til að skilja hreyfingar íslamista þarf að átta sig á að grunnur þeirra liggur í stjórnámálum, ekki trúarbrögðum (Gerges, 2007, bls. 11). Meðal þess sem stuðlaði að vexti Íslamska bræðralagsins, og hefur að verulegu leyti viðhaldið tilvist hennar, eru efnahagsþrengingar sem almenningur hefur þurft að þola, versnandi félagslegar aðstæður, mikil stéttskipting milli hópa í þjóðfélaginu og hröð þéttbýlismyndun. Afleiðingin er versnandi sjálfsmynd egypsks almennings og efnahagsleg örbirgð sem oft fylgir slíkum umbyltingum þegar einstaklingar flytjast úr sveitum til borga eins og glöggt mátti sjá á lífsskilyrðum nýrra íbúa í borgum á tímum iðnbyltingarinnar. Atvinnuleysi jókst hjá millistéttinni en þar hafði langskólagengnum fjölgað mjög í kjölfar nýrrar menntastefnu sem gerði stéttum sem ekki höfðu áður haft tækifæri til slíkrar menntunar færi á að mennta sig. Þessum umbreytingum fylgdi hins vegar ekki uppbygging atvinnulífsins til að koma til móts við atvinnutækifæri og lífsgæðaaukningu sem þessi hópur vænti af þeirri menntun sinni. Þessum samfélagslegu hræringum fylgdu aukin vestræn áhrif og alltumvefjandi nærvera nýlenduherranna olli því að dró úr vægi trúarbragðanna, íslam, en veraldlegar áherslur jukust að sama skapi. Sósíalisminn beið skipbrot sem og samarabíska hugmyndafræðin (Pan-Arabisma) sem leidd hafði verið af Nasser. Í kjölfar þess skipbrots fylgdi svo algjört afskipta- og eftirlitsleysi stjórnvalda með trúarstofnunum og einkareknum trúfélögum. Megintilgangur trúarstofnana hins opinbera varð að veita stefnu stjórnvalda og gjörðum trúarlegan trúverðugleika og réttlætingu í augum almennings. Þökk sé bæði samfélagslegri starfsemi Íslamska bræðralagsins og hugmyndafræðilegum boðskap þess hefur hreyfingin öðlast vinsældir á meðal egypsks almennings. Það varð fyrsta hugmyndafræðilega og pólitíska aflið gegn egypskum stjórnvöldum sem var nógu öflugt til að stjórnvöld gátu ekki leitt það hjá sér.

Fyrri hluta ársins 2011, eftir fall stjórnar Mubarak, hóf Íslamska bræðralagið nýtt skeið í sögu sinni sem fólst meðal annars í því að hreyfingin var löglega leyfð að nýju. Reyndar var hún bönnuð aftur þegar her landsins neyddi Múhameð Morsi, leiðtoga flokks Frelsis og réttlætis, frá völdum. Í kjölfar falls Mubarak og stjórnar hans eygði Íslamska bræðralagið í fyrsta sinn möguleika á því að bjóða fram fulltrúa til þingsins undir nafni stjórn málaafslis Frelsi og réttlæti. Bræðralagsins stefndi þá á að vinna helming allra þingsæta. Meðlimir Íslamska bræðralagsins völdu pólitíska forystu flokksins sem móta skyldi pólitíska stefnu hans og freista þess að styrkja baklandið með hugsanlegri sameiningu við önnur stjórn mála-

öfl. Bræðralagið gaf út fjölmargar yfirlýsingar um markmið sín sem ætlað var að veita almenningi öryggi og tiltrú á fyrirætlanir þess.

Íslamska bræðralagið var stofnað af Hassan al-Banna í Ismailiyah árið 1928 (Gerges, 2007, bls. 23). Öfugt við yfirstéttarlega orðræðu heimspekinga frá fyrstu bylgju íslamskra aðgerðarsinna féllu skilaboð al-Banna í góðan farveg. Boðskapur hans náði til fjöldans með hagnýtum markmiðum sínum sem náðu bæði til styttri og lengri tíma. Stofnun og starfræksla félags- og trúarlegrar hreyfingar var fyrsta skrefið í átt að því langtímamarkmiði að frelsa bæði Egyptaland og land Palestínu frá erlendum yfirráðum og koma á fót íslömsku ríki í Egyptalandi. Lokatakmarkið var að sameina öll íslömsk ríki og endurvekja íslamska kalífadæmið sem hafði verið afnumið 1924. Íslamska bræðralagið hafði að markmiði að standa fyrir íslömskum umbótum í landinu til að þjóna betur þörfum almennings sem flutt hafði af landsbyggðinni til borga, sér í lagi á Súez-svæðinu sem þá laut breskri stjórn. Áhrif og umsvif Íslamska bræðralagsins breiddust hratt til annarra landshluta og náðu fljótt til Kaíró. Þegar hreyfingin hafði starfað á annan áratug er áætlað að hún hafi haft yfir að ráða um 500 útibúum og hálfri milljón félagsmanna.

Bræðralagið eflist og óx umfram sambærilegar hreyfingar sem störfuðu í Egyptalandi á þessum tíma. Vinsældirnar mátti að miklu leyti rekja til persónutöfra Hassans al-Banna og hæfileika hans við að sameina trúarleg skilaboð og ná til fjöldans. Hann talaði fyrir afturhvarfi til hins tæra, upprunalega íslam, lituðu sósíalískri hugmyndafræði með þróun innviða sem byggðist á starfsemi sjálfbodaliða við rekstur velferðarþjónustu fyrir lægst settu stéttir samfélagsins. Annar einkenni Íslamska bræðralagsins var hæfileikinn til að brúa bilið milli alþýðusiða og menningarlegra hefða annars vegar og nútímahugmynda um menntun og skipulag stofnana hins vegar. Samfélagsþjónusta Íslamska bræðralagsins var stofnuð og starfrækt af bræðralaginu og skapaði ákjósanlegan vettvang fyrir útbreiðslu hugmyndafræði þess. Ætlunin var að afla víðtæks félagslegs stuðnings og koma að lokum bræðralaginu til valda í Egyptalandi. Sveigjanleg inntökuskilyrði fyrir nýja félagsmenn, samkvæmt hugmyndum al-Banna, gerði bræðralaginu mögulegt að afla nýrra félagsmanna á skömmum tíma.

Mótunarár hreyfingarinnar voru tími mikillar gerjunar og hugmyndafræðilegra skoðana-skipta meðal félagsmanna hennar. Þau afhjúpuðu snemma djúpstæðan ágreining um hvaða stefnu hreyfingin skyldi boða sem olli mikilli spennu meðal félagsmanna. Hávær mótmæli gegn forystu al-Banna tóku að gera vart við sig strax fjórum árum eftir stofnun hreyfingarinnar og enn á ný árið 1939 með þeim afleiðingum að fjöldi félagsmanna sagði sig úr henni.

Þrátt fyrir vilja margra meðlima Íslamska bræðralagsins til formlegrar þátttöku í stjórnámálum kom upprunaleg hugmyndafræði Hassan al-Banna í veg fyrir það. Al-Banna taldi að næðu umsvif hreyfingarinnar bæði til trúarlegs vettvangs og stjórn mála gæti það leitt til spillingar. Hún hélt sig því frá allri formlegri stjórn málaþátttöku á fyrstu starfsárunum þótt þáverandi konungsstjórn legði engar hömlur á slíkt. Meðal annars vegna þess að hreyfingin taldi sig njóta sérstakrar velvildar hvað hugmyndafræði hennar varðaði af hendi konungsstjórnarinnar.

Grundvallarskipulag hreyfingarinnar var mótað og fest í sessi á fyrsta áratuginum. Þá voru höfuðstöðvarnar stofnaðar og var þeim ætlað að sinna leiðbeinandi og stefnumarkandi hlutverki. Samtímis voru stofnsett svæðisbundin útibú og ýmsir starfshópar og minni hreyfingar undir formlegri yfirstjórn höfuðstöðvanna. Hassan al-Banna varð fyrsti leiðtogi bræðralagsins. Strax í byrjun var komið á leynilegum aðgerðahópi sem ætlað var að berjast gegn yfirráðum Breta í Egyptalandi og Gyðingum í Palestínu með það að markmiði að frelsa lönd múslima undan erlendum yfirráðum. Stofnun þessa leynilega hluta samtakanna endurspeglar dýpri skilning á því að til að geta náð völdum í Egyptalandi væri ekki nægjanlegt að byggja hreyfinguna á breiðri félagslegri samstöðu heldur einnig raunverulegum styrk og hugsanlegri valdbeitingu. Ofbeldisstarfsemi aðgerðarhópsins hófst um 1940. Starfsemi skyldi ekki beinast gegn almennum egypskum borgurum heldur breskum stjórnvöldum og æðstu embættismönnum landsins. Starfsemi var að mestu í formi hefndaraðgerða gegn stjórnvöldum og breskum nýlenduherrum vegna aðgerða þeirra gegn Íslamska bræðralaginu. Fráfall Hassan al-Banna 1949 steypiti hreyfingunni í alvarlega innri kreppu og valdabaráttu. Við morðið á hinum hófsama al-Banna urðu hreyfingar íslamista mun róttækari og ofbeldisfyllri (Gerges, 2007, bls. 24-25). Fráfall hans kom líka á sama tíma og stofnun Ísraelsríkis og óánægju í egypsku samfélagi með konungsveldið í landinu. Líklegt er talið að al-Banna hafi veirð myrtur af leynilögreglu landsins eftir fyrirætlum egypskra stjórnvalda sem þannig vildu hefna fyrir morð Íslamska bræðralagsins á forseta landsins.

Stjórn Hinna frjálsu liðsforingja undir forystu liðsforingjans Gamal Abdel Nasser komst til valda 1952 og til 1954 má tala um hveitibrauðsdaga í samskiptum Íslamska bræðralagsins og hinna nýju stjórnvalda. Eftir það og til 1970 tók við tímabil ófriðar sem markaðist af átökum og árekstrum við stjórnvöld. Íslamska bræðralagið studdi valdarán Hinna frjálsu liðsforingja opinberlega og var virkur þátttakandi í atburðarásinni í aðdraganda stjórnskiptanna. Liðsforingjastjórnin launaði því stuðninginn með yfirmannastöðum innan stjórnkerfisins. Þetta tímabil gagnkvæmrar velvildar tók hins vegar skjótan endi 1954 þegar gerð var tilraun til að ráða Nasser af dögum, eftir að hann undirritaði samkomulag við bresk

stjórnvöld um viðveru hersins á landsvæðinu kringum Súez-skurðinn. Stjórnvöld brugðust við af öllu afli, bönnuðu hreyfinguna og fangelsuðu leiðtoga hennar (Lee, 2010, bls. 51). Meðan átökin við stjórnvöld stóðu yfir voru fjölmargir forystumenn Íslamska bræðralagsins, aðgerðarsinnar og almennir meðlimir handteknir og dregnir fyrir dómstóla. Undir forystu áhrifamestu aðgerðarsinna Íslamska bræðralagsins, sérílagi hugmyndafræðingsins Sayyid Qutb, fór það í gegnum ferli mikilla róttækra hugmyndafræðilegrar uppstokkunar (Gerges, 2007, bls. 25). Róttækar skoðanir Qutbs urðu þó uppspretta mikilla deilna innan hreyfingarinnar. Flestir meðlimir Íslamska bræðralagsins aðhylltust friðsamlega boðun íslams og álitu vopnaða baráttu neyðarúrræði væri hreyfingunni meinað að vera félagslega virk. Þó var önnur fylking innan hreyfingarinnar á þeirri skoðun að herskáar aðgerðir væru þáttur í baráttunni fyrir breyttu samfélagi. Þessi fylking einskorðaði sig ekki við andóf gegn útlendingum heldur vildi beita sér gegn stjórnvöldum í ríkjum múslima sem boðuðu hvorki né færu eftir sharíalögum og stofnuðu þannig velferð íslamska ríkisins í hættu. Við fráfall al-Banna 1949 varð Hassan al-Hudaybi, dómari af hófsamari vængnum, annar leiðtogi hreyfingarinnar (Brown, 2000, bls. 145). Árið 1969 afneitaði opinberlega sá armur Íslamska bræðralagsins undir stjórn Hassan al-Hudaybi, Sayyid Qutb og róttækri hugmyndafræði hans. Þrátt fyrir það urðu kenningar Qutbs einn af hornsteinum herskára íslamista og róttækari arms Íslamska bræðralagsins ásamt því að verða megininntak hugmyndafræði al-Qaeda. Þegar Íslamska bræðralagið var bannað af stjórn Nassers 1954 og þvingað til að halda sig til hlés notaði hreyfingin tímann til að móta hugmyndafræðilega stefnu sína nánar og breiða út boðskap helstu kennismiða sinna. Þannig dýpkuðu og styrktust félagslegir innviðir hreyfingarinnar.

Í kjölfar fráfalls Nassers tók liðsforinginn Anwar Sadat við embætti forseta Egyptalands 1970 en hann tilheyrði hópnunum sem braust til valda með Hinum frjálsu liðsforingjum undir stjórn Nassers. Frá þeim tíma og allt til 1990 sneri Íslamska bræðralagið baki við ofbeldis-aðgerðum og hóf hægfara vegferð sína inn á vettvang stjórnmálanna. Anwar Sadat beitti sér fyrir miklum umsnúningi gegn þeirri hugmyndafræði og stefnu sem mörkuð var og framfylgt í valdatíð Nassers (Gerges, 2007, bls. 45-46). Hagsmunir Íslamska bræðralagsins og stjórnar Sadats fóru því líkt og í byrjun stjórnartíðar Nassers tímabundið saman. Að fyrirskipan Sadats var mörgum af aðgerðarsinum bræðralagsins sleppt úr fangelsi og leyft að halda opinberri starfsemi sinni áfram í skiptum fyrir að veita stjórn hins trúaða forseta blessun sína og þar með aukið lögmæti (Abdo, 2000, bls. 128).

Opin pólitísk stefna Anwar Sadats hafði áhrif á forystu Íslamska bræðralagsins og styrkti smám saman raunsærri arm hreyfingarinnar enn frekar, þótt hann hefði einnig verið til staðar í stjórnartíð Nassers. Þá jókst einnig hvatinn til opinna tjáskipta við stjórnvöld. Löngun raun-

sæisarms Íslamska bræðralagsins til að virkja fjöldann í gegnum kerfið, stofnanir þess og samfélagið var í algjörrri mótsögn við viðhorf róttækari fylkingar Íslamska bræðralagsins, sem taldi samfélagið byggjast á trúvillu. Hún aðhylltist tafarlaugar og róttækar breytingar á stjórnkerfi og samfélagsgerð Egyptalands. Bilið milli fylkinganna breikkaði jafnt og þétt og klofningurinn náði hámarki um 1980 þegar róttækari hlutinn klauf sig frá Íslamska bræðralaginu. Segja má að valdatíð Anwar Sadats og morðið á honum árið 1981 hafi markað upphafið að tímabili sem hófst um 1980 og stóð í um áratug. Það fólst í því að Íslamska bræðralagið sneri aftur á braut til íslams og tók að samþætta það pólitísku kerfi sínu. Þessi áherslubreyting endurspegladist í auknum árásum á stjórnvöld og hugmyndafræðilega andstæðinga af hálfu herskárna klofningsfylkinga Íslamska bræðralagsins. Á þessu tímabili varð einnig mikil útbreiðsla íslamskra hópa og félagasamtaka innan og í kringum háskóla sem tengdist bæði einstökum fræðasviðum, m.a. lögfræði, læknisfræði og verkfræði, en einnig fagfélögum tiltekinnna stétta- og fræðafélaga. Herskárri hryðjuverkahópar komu hins vegar fram á sjónarsviðið síðar. Orsakir hræringanna á tímabilinu 1980-1990 eru margþættar. Nefna má áherslubreytingar og tilslakanir sem fylgdu stefnu Anwar Sadats ásamt fjölda annarra atburða bæði heima fyrir og erlendis (Abdu, 2000, bls. 129). Skipbrot hugmyndarinnar um Sam-Arabíu (*Pan-Arabism*) í kjölfar ósigurs samarabískra herja gegn Ísraelsríki 1967 hafði sitt að segja. Sama gildir um áhrifin sem menntamenn og aðrir Egyptar sem störfuðu í Sádi-Arabíu og öðrum olíuauðugum ríkjum við Persaflóann urðu fyrir. Þar voru þeir útsettir fyrir ofstækisfullum kenningum og hugmyndafræði Wahhabisma-íslams sem þar er framfylgt. Íranska byltingin var annar áhrifavaldur þar sem hún varð fyrirmyndin að vel heppnaðri og árangursríkri yfirtöku klerka landsins yfir veraldlega sinnuðum stjórnvöldum. Orsakanna er einnig að leita í áframhaldandi efnahagsvanda og versnandi afkomu almennings í Egyptalandi. Stjórn Anwar Sadats hóf að þrengja kerfisbundið að Íslamska bræðralaginu og öðrum íslamista-hreyfingum um miðjan áttunda áratuginn. Stjórn Anwar Sadats hafði þungar áhyggjur af vaxandi ítökum íslamskra hreyfinga og gerði ekki greinarmun á því hvort um herskáar eða hófsamar hreyfingar var að ræða. Stjórnvöld vildu einnig þagga niðri mótmælaröddum Íslamska bræðralagsins gegn stefnu stjórnvalda, sérstaklega hvað varðaði erlendar fjárfestingar í landinu og eflingu tengsla við bandarísk stjórnvöld og önnur vestræn ríki sem náði hámarki við undirritun Camp David friðarsamninga ríkisstjórnar hans við Ísraelsríki (Abdu, 2000, bls. 127). Anwar Sadat var ráðinn af dögum árið 1981 af Al-Jihad-samtökunum og markaði sá atburður ákveðinn hápunkt í átökum íslamista við stjórnvöld.

Líkt og fyrirrennarar hans á forsetastóli sýndi arftaki Anwar Sadats, Hosni Mubarak, Íslamska bræðralaginu og öðrum stjórnarandstæðingum nokkurt umburðarlyndi þegar hann

tók við forsetaembættinu 1981. Tilgangurinn var að sýna samstöðu út á við gegn ógninni við herskáa hópa íslamista (Wickham, 2002, bls. 104). Vel fram eftir miðjum tíunda áratugnum, meðan hryðjuverkastarfsemi herskára íslamista var veruleg og ógnaði stöðuleika í landinu, var það stefna Mubarak's gagnvart Íslamska bræðralaginu að sýna yfirvegað samþykki fyrir starfsemi þeirra. Því var fylgt eftir með hóflegu öryggiseftirliti, tilfallandi handtökum meðlima Íslamska bræðralagsins og hindrunum gegn tilraunum þeirra til að hefja formlega pólitíska þátttöku. Íslamska bræðralagið gerði hvað það gat til að forðast beinan ágreining við stjórnvöld. Hreyfingin vann þó ötullega að því að ná pólitískum völdum í krafti samfélagslegrar útbreiðslu sinnar. Pólitísk þátttaka Íslamska bræðralagsins náði til kosninga til embætta innan opinberra stofnana en einnig kosninga til efri og neðri deildar egypska þingsins og embætta innan stéttarfélagas ásamt þátttöku í sveitarstjórnarkosningum. Ekki var óalgennt að pólitísk þátttaka meðlima Íslamska bræðralagsins væri í samstarfi við stjórnarandstöðuflokka þar sem Íslamska bræðralagið var bannað sem pólitískt afl. Einstaklingar tengdir hreyfingunni buðu sig einnig fram til embætta stúdentaráða og annarra samtaka og nefnda innan háskólanna. Þrátt fyrir hindranir stjórnvalda náði Íslamska bræðralagið þannig víða áhrifum, m.a. í báðum deildum egypska þingsins. Í viðskiptalífínu jukust einnig umsvif meðlima þess í byrjun níunda áratugarins, sér í lagi í ýmsum íslömskum fjármálafyrirtækjum og stofnunum. Efnahagslegir innviðir hreyfingarinnar styrktust og stuðluðu að enn frekari uppbyggingu félagslegs velferðarkerfis hennar. Þetta vaxtartímabil tók enda þegar stjórnvöld hertu tök sín á fjármálastarfsemi Íslamska bræðralagsins í lok tíunda áratugarins. Stjórnvöld óttuðust að með öflugri fjármála- og efnahagsstarfsemi næði hreyfingin undirtökum í landinu, þótt vald hennar væri óformlegt (Kepel, 2000, bls. 279-280). Þetta var alvarlegt högg gegn hófsamri efnahagsstarfsemi Íslamska bræðralagsins en hún var augljóslega hluti af þaulskipulagðri áætlun þess um að ná stjórn landsins á sitt vald. Fjármagnið kom að mestu frá meðlimum bræðralagsins og auðugum aðilum í olúríkum löndum við Persaflóann en einnig frá stjórnvöldum ríkja eins og Sádi-Arabíu. Þau styrktu meðal annars uppbyggingu sjálfstætt starfandi moska í því skyni að breiða út Wahaabiisma og breyta samfélagsgerð ríkja á borð við Egyptaland. Vatnaskil urðu í afstöðu stjórnvalda gagnvart félags- og efnahagslegri starfsemi bræðralagsins þegar hreyfingin tók yfir björgunaraðgerðir og aðstoð við fórnarlömb jarðskjálfta 1992. Stjórnvöld reyndust algjörlega vanmáttug í því hlutverki (Kepel, 2000, bls. 293).

Frá miðjum tíunda áratugnum og til þess tíma þegar undiralda hins svokallaða „arabíska vors“ fór að láta á sér kræla var Íslamska bræðralagið í ákveðnu millibilsástandi, á milli þess að vera hreyfing og stjórnmalaflokkur. Á þessum tíma var stjórnvöldum loks orðið ljóst að

Íslamska bræðralagið gæti til lengri tíma litið orðið alvarleg ógn við völd þeirra og stöðugleika í landinu. Viðhorfsbreyting stjórnvalda kom í kjölfar sigurs íslamista 1992 í kosningunum í Alsír. Sama ár kom fram afhjúpunarskjal Íslamska bræðralagsins þar sem ítarlega var útlistað hvernig þau hygðust ná völdum í Egyptalandi innan nokkurra ára (Wickham, 2002, bls. 210). Stjórnvöld tileinkuðu sér þá mun harðari afstöðu til Íslamska bræðralagsins um miðjan tíunda áratuginn. Velgengni þeirra í baráttu gegn hryðjuverkastarfsemi herskárna íslamista hafði einnig sitt að segja. Stjórnvöld takmörkuðu þátttöku hreyfingarinnar á opinberum vettvangi og réðust gegn mannorði hennar með ýmsu móti, m.a. ásökunum um þátttöku í hryðjuverkaaðgerðum. Starfsemi hreyfingarinnar var bæld niður með stórtækum handtökum háttsettra meðlima hennar, sem stóðu til ársins 2000 (Wickham, 2002, bls. 214-216). Enn eitt áfallið dundi á Íslamska bræðralaginu 1996 þegar stór hópur ungliða sagði sig úr hreyfingunni og stofnaði nýtt stjórn málaafli, Al-Wasat. Stofnun þess mætti töluverðri andstöðu innan Íslamska bræðralagsins og hlaut ekki blessun þess. Meðlimir Íslamska bræðralagsins, sérstaklega gamalreynd kynslóð eldri leiðtoga þess, töldu að stjórnvöld myndu ekki leyfa stofnun og starfsemi flokksins. Þau gætu jafnvel notað stofnun hans sem átyllu til að láta enn frekar til skaras skrifa gegn bræðralaginu sjálfu (Wickham, 2002, bls. 217-218). Þessi skoðun var í ofanálag augljóslega lituð af innbyrðis erfiðleikum við að setta grundvallarhugmyndafræði íslams við pólitíska þátttöku og markmið. Stjórn málaaflið Al-Wasat hlaut einnig fyrst löglegan sess og viðurkenningu sem stjórn málaafli í Egyptalandi eftir að Mubarak og ríkisstjórn hans var steyp af stóli í febrúar 2011. Al-Wasat tileinkaði sér nokkuð hófsama og lýðræðislega stjórn málastefnu sem forsvarsmenn hans hafa gefið út að sé sambærileg hugmyndafræði núverandi stjórnvalda í Tyrklandi, þ.e. Lýðræðis- og þróunarflokksins undir stjórn Erdogan. Al-Wasat er í raun í beinni samkeppni við Íslamska bræðralagið um hylli kjósenda og félagsmanna.

Á árunum 1995 og 1996 voru meðlimir Íslamska bræðralagsins sem höfðu verið handteknir á fyrsta áratug 20. aldar látnir lausir og í kjölfarið vann hreyfingin nýja pólitískra sigra. Stærsti sigurinn varð 2005 þegar Íslamska bræðralaginu tókst að vinna um 20% þingsæta í alþingiskosningunum. Þessi velgengni varð einungis að veruleika vegna mikils þrýstings sem settur var á stjórnvöld Egyptalands af Vesturlöndum um alþjóðlegt eftirlit með kosningunum sem hluta af viðleitni til þróunar í lýðræðisátt. Þrýstingurinn gerði stjórnvöldum erfiðara fyrir að eiga við niðurstöður kosninganna eins og tíðkast í Egyptalandi. Erfitt er að segja til um að hve miklu leyti kosningasigurinn endurspeglar stuðning almennings við Íslamska bræðralagið. Hluti hans var kann fremur að hafa verið óánægjufylgi og andstaða við egypsk stjórnvöld og aðra opinbera andstöðuflokka. Þessi lýðræðisraun stjórnvalda entist ekki lengi, varði



einungis 2004-2006. Á þeim tíma tók Íslamska bræðralagið þátt í fjölda pólitískra mótmæla gegn stjórnvöldum ásamt öðrum andstöðuhópum sem var umhugað um að knýja á um umbætur. Pólitískt andóf þeirra náði hámarki þegar þau náðu að sýna samstöðu sína og styrk í Al-Azhar háskólanum. Stjórnvöld mátu þær aðgerðir sem raunverulega áskorun og ógn gegn sér. Um leið og utanaðkomandi þrýstingur á stjórnvöld um lýðræðisumbætur dróst saman 2007 hófu þau aftur herferð gegn Íslamska bræðralaginu, bæði í formi stjórnarskrárbreytinga sem bönnuðu stofnun og starfsemi flokka sem byggðust á trúarlegum grunni en einnig með því að hneppa meðlimi Íslamska bræðralagsins í fangelsi, hindra að þeir fengju framgang innan stofnana ríkisins og með því að koma höggi á og skaða bæði félags- og efnahagslega innviði hreyfingarinnar. Frá 2007 og allt þar til að stjórn Mubarak var steypt af stóli í byrjun árs 2011 forðaðist Íslamska bræðralagið árekstra við stjórnvöld og einbeitti sér þess í stað að trúboði íslams. Þótt Íslamska bræðralagið héldi áfram að gagnrýna stjórnvöld, oft opinberlega, forðaðist það að taka þátt í mótmælum gegn stjórnvöldum af tillitsemi við pólitískt landslag innan hreyfingarinnar. Það átti ekki heldur í samvinnu við aðra andstöðuhópa. Hins vegar tók bræðralagið skýrt fram í yfirlýsingum að hreyfingin ætti fullan rétt til þátttöku í stjórnámálum og að hún hefði ekki gefið upp á bátinn að bjóða fram í embætti stofnana hins opinbera.

Í kjölfar falls Mubarak-stjórnarinnar lýsti Íslamska bræðralagið því yfir að það hygðist stofna stjórnámálaflokk undir nafni frelsis og réttlætis. Talsmenn bræðralagsins gerðu tilraunir til að slá á áhyggjur með því að draga upp þá mynd af nýja stjórnámálaflokkinum að hann væri trúr íslamskri afstöðu og skuldbundinn því að fylgja lýðræði og aðferðum þess. Í 5. kafla er nánar fjallað um stöðu Íslamska bræðralagsins í ljósi þróunar undanfarinna ára.

### **3.2 Stjórnskipulag og starfsemi Íslamska bræðralagsins**

Hægt er að líta á skipulag Íslamska bræðralagsins sem blöndu hefðbundinnar Súfista-reglu og alræðislegs flokks (Brown, 2000, bls. 144). Hreyfingin heldur uppi starfsemi bæði á landsvísu og á sveitarstjórnarstiginu, gefur út tímarit og annað efni sem og opinberar yfirlýsingar þegar þess er þörf (Wickham, 2002, bls. 66). Stjórnskipulag bræðralagsins er þaulskipulagt og ætlað að geta aðlagast breyttum aðstæðum með skjótum hætti. Upphaflega var ætlunin að draga úr miðstýringu og tryggja dreifingu valds ásamt því að starfsemin hefði yfirbragð opinberrar stjórnsýslu í gegnum net stofnana og starfsstöðva, bæði á landsvísu og sveitarstjórnarstiginu. Miðlægar höfuðstöðvar hreyfingarinnar hafa yfir að ráða framkvæmdarvaldi, löggjafarútibúi og dómsstóli sem bæði dæmir í málum og aðstoðar við að útkljá mál í gerðardómi. Þessi starfsemi er öll í Kaíró en einnig á svæðisbundnum stöðvum á landsvísu. Innviðir Íslamska bræðralagsins eru hannaðir frá botninum og upp. Neðsta lag hreyfingarinnar er skipað

kjarnafjölskyldu (*'Usrahs*) sem virkar sem eins konar grunnrammi starfseminnar (Brown, 2000, bls. 144). Þessi kjarni er skipaður mörgum litlum hópum aðgerðarsinna sem eru í nánnum tengslum. Hann hefur á að skipa mestu breidd meðlima innan ýmissa stiga hreyfingarinnar. Hver þessara hópa velur sér talsmann sem virkar sem leiðtogi hópsins og er ætlað að koma fram fyrir hönd hans í framkvæmdaráði viðkomandi útibús íbúasamtaka Íslamska bræðralagsins. Öllum meðlimum viðkomandi grunnkjarna er skylt að ástunda íslamskan lífsstíl með því að tengjast öðrum múslimum, taka þátt í vikulegum fundum og öðrum athöfnum, biðjast fyrir reglulega, fasta í samræmi við íslam, fræðast og læra um kóraninn með öðrum meðlimum hreyfingarinnar og leggja hluta af launum sínum í sameiginlegan sjóð. Fjármunirnir er svo notaðir til reksturs höfuðstöðva hreyfingarinnar ásamt aðstoð við meðlimi Íslamska bræðralagsins sem á þurfa að halda. Þetta net kjarna hefur reynst árangursrík leið til þjálfunar og tengslamyndunar meðlima bræðralagsins. Athafnir félagsmanna og starfsemi þessara grunnkjarna er undir eftirliti stjórnsýslu hvers héraðs. Áður en félagsmenn eru teknir inn í hreyfinguna sem fullgildir meðlimir (*'amil*) fara þeir í gegnum skilorðsbundið tímabil. Þá er metið hvort þeir teljast hæfir til að vera meðlimir (Brown, 2000, bls. 144). Hverjum grunnkjarna er skipað ákveðið svið en þeim er ætlað að starfa sjálfstætt, bæði félagslega og stjórnmalalega. Þeim ber meðal annars að aðstoða almenning í neyð, starfrækja starfsemi moska í hverfinu og kennslu á ýmsum stigum. Starfsemi hvernar svæðisbundinnar framkvæmdastjórnar er svo undir eftirliti höfuðstöðvanna í Kaíró.

Á landsvísu hefur skipulag Íslamska bræðralagsins haldist nær óbreytt frá 1930. Þá voru gerðar umbætur til að draga úr miðstýringu og færa ákvörðunarvald nær meðlimum hreyfingarinnar, til einstakra starfsstöðva á sveitarstjórnastiginu þar sem nefndir og deildir voru stækkaðar. Leiðtogi Íslamska bræðralagsins hefur það hlutverk að móta stefnu og starfsemi þess. Hann er einnig í forsvari fyrir leiðsagnarskrifstofu hreyfingarinnar og shura-ráðsins. Meðlimum og deildum Íslamska bræðralagsins er ætlað að hlýða ákvörðunum leiðtogans í einu og öllu. Því geta orðið nokkrar áherslubreytingar með hverjum nýjum leiðtoga. Samkvæmt kosningareglum hreyfingarinnar ber að kjósa leiðtoga og aðra embættismenn reglulega. Æðstu stjórnendur hafa hins vegar sveigt reglurnar undir þeim formerkjum að hægt sé að túlka inntak meiningar þeirra með mismunandi hætti. Venju samkvæmt er leiðtogi Íslamska bræðralagsins kosin af shura-ráðinu út frá frambjóðendum sem eru útnefndir af skrifstofu Íslamska bræðralagsins. Frambjóðendur tilheyra oftast skrifstofu höfuðstöðva hreyfingarinnar í Kaíró. Það er þó ekki skilyrði fyrir að bjóða sig fram. Einungis er sett sem skilyrði að frambjóðendur séu meðlimir Shura-ráðsins. Samkvæmt hefðum hreyfingarinnar er sá sem talinn er verðugur þess að gegna embætti leiðtoga Íslamska bræðralagsins bæði elsti

meðlimur shura-ráðsins og aldursforseti. Sé shura-ráðinu af einhverri ástæðu ekki fært að koma saman flyst umboð þess til svokallaðrar skrifstofu leiðsagnar. Þar sem leiðtogi Íslamska bræðralagsins er einnig leiðtogi alþjóðasamtaka hreyfingarinnar verður viðkomandi fram-  
bjóðandi einnig að vera bæði þekktur og virtur innan Íslamska bræðralagsins utan Egyptalands ásamt því að hafa aflað sér stuðnings æðsta shura-ráðsins sem er shura-ráð alþjóðasamtaka hreyfingarinnar. Þær breytingar voru gerðar 2010 að leiðtogi hreyfingarinnar gæti einungis verið í embætti í tvö sex ára tímabil en fyrir þann tíma hafði leiðtogi Íslamska bræðralagsins oftast verið kosinn ævilangt. Núverandi leiðtogi Íslamska bræðralagsins, Múhamed Badie, er nú á fyrra kjörtímabili sínu í embætti þar sem hann var kosinn til þess 2010.

Skrifstofa leiðtoga Íslamska bræðralagsins er æðsta stjórnslu- og leiðtogasvið hreyfingarinnar og hefur umsjón með stefnumörkun og framkvæmd á landsvísu. Það felur meðal annars í sér mörkun stefnu og eftirlit með predikunum og starfsemi deilda hreyfingarinnar ásamt alþjóðasamskiptum (Mitchell, 1993, bls. 165). Samkvæmt reglum hreyfingarinnar er fjöldi meðlima skrifstofu leiðtoga Íslamska bræðralagsins sextán og eru flestir þeirra Egyptar þótt einnig séu þar meðlimir sem eru fulltrúar hreyfingarinnar í öðrum Arabaríkjum. Meðlimir skrifstofunnar eru kosnir af shura-ráðinu (*majlis al-shura al-'amm*) með nafnleynd þeirra. Eins og gildir um leiðtoga Íslamska bræðralagsins geta meðlimir skrifstofunnar verið í embætti í tvö kjörtímabil sem hvort um sig varir í fjögur ár. Skrifstofa leiðtoga hreyfingarinnar fundar reglulega í höfuðstöðvum sínum í Kaíró og er fundunum stjórnað af leiðtoga Íslamska bræðralagsins, fulltrúa hans eða meðlimi skrifstofunnar sem hefur lengsta setu í henni (Mitchell, 1993, bls. 167). Fjórir meðlimir skrifstofu leiðtoga Íslamska bræðralagsins eru fastafulltrúar hennar og taka ákvarðanir um lítilvæg venjubundin málefni en einnig í neyðartilfellum. Pólítísk deild hreyfingarinnar heyrir beint undir framkvæmdarvaldið og er undir beinni stjórn skrifstofu leiðtoga Íslamska bræðralagsins (Mitchell, 1993, bls. 170). Leiðtogi Íslamska bræðralagsins og skrifstofa hans eru í forsvari fyrir margar deildir sem jafngilda ráðuneytum og bera þær ábyrgð á sérstökum málefnum. Með því móti heldur hreyfingin uppi viðvarandi vinnusambandi við fjöldamörg samtök á sveitarstjórnarstigi hreyfingarinnar, þar á meðal samtök sem sinna velgjörðarmálum og félagslegri þjónustu, stéttarfélögum og nemendafélögum (Mitchell, 1993, bls. 167). Shura-ráð hreyfingarinnar sem jafngildir eins konar löggjafarvaldi hennar tekur samkvæmt reglum þátt í að móta og samþykkja heildarstefnu hreyfingarinnar og ársskýrslu, sem gefin er út af skrifstofu leiðtoga Íslamska bræðralagsins, ásamt ýmsum öðrum skipulags- og stjórnunarstörfum (Mitchell, 1993, bls. 165). Shura-ráðið hefur þó ekki komið saman reglulega síðan

1995 og virðist hafa orðið að eins konar sýndarsamkundu sem hefur aðeins það hlutverk að afgreiða ákvarðanir skrifstofu leiðtoga Íslamska bræðralagsins. Þrátt fyrir það eru meðlimir shura-ráðsins tæplega hundrað talsins og kosnir með nafnleynd af shura-ráðum á sveitarstjórnarstiginu. Þar að auki getur skrifstofa leiðtoga Íslamska bræðralagsins sjálft tilnefnt allt að fimmtán fulltrúa. Samkvæmt reglum er shura-ráðinu ætlað koma saman og funda tvisvar á ári en er einnig heimilt að koma saman í neyðartilfellum. Telst fundur þess löglegur ef helmingur meðlima situr hann. Samkvæmt reglum hreyfingarinnar er skrifstofu leiðtoga Íslamska bræðralagsins skylt að leggja fram umfangsmikla skýrslu um starfsemi sína og predikanir og er skrifstofu leiðtoga Íslamska bræðralagsins ætlað koma á og framfylgja tilögum shura-ráðsins. Samkvæmt reglum hreyfingarinnar er skrifstofu leiðtoga Íslamska bræðralagsins heimilt að taka yfir völd shura-ráðsins ef óvenjulegar aðstæður koma upp, sem hefur verið reyndin frá 1995. Dómskerfi hreyfingarinnar var fyrst komið á laggirnar 2011. Það hefur yfir að ráða bæði dómstólum og lagasérfræðingi og starfar bæði á landsvísu og á sveitarstjórnarstiginu. Það heyrir einnig undir skrifstofu leiðtoga Íslamska bræðralagsins og þarf dómsstóllinn að framvísa ákvörðunum sínum til samþykkis skrifstofu leiðtoga Íslamska bræðralagsins sem tilnefna einnig dómara dómstólsins (Mitchell, 1993, bls. 171). Á sveitarstjórnarstiginu starfa dómsstólarnir á nákvæmlega sama hátt og á landsvísu (Mitchell, 1993, bls. 175-179). Hvert hérað hefur eigin stjórnsýsluskrifstofu sem er sett upp með sambærilegum hætti og skrifstofa leiðtoga Íslamska bræðralagsins ásamt sínu eigin shura-ráði. Samskipti þessara aðila eru sambærileg þeim sem viðhöfð eru á landsvísu. Í gegnum þessar stofnanir og þjónustu starfrækir hreyfingin ýmiss konar almenningsþjónustu og er þannig í stöðugu sambandi við fólkið í landinu. Gagnvart stjórnvöldum hefur stærsta ógn Íslamska bræðralagsins í Egyptalandi verið framúrskarandi öflugt skipulag starfseminnar frekar en hugmyndafræði þess (Lee, 2010, bls. 51).

Hugmyndafræðilegur grunnur Íslamska bræðralagsins varð til sem viðbrögð gegn hugmyndafræði sem kom fram á sjónarsviðið á seinni hluta 19. aldar og fyrri hluta 20. aldar. Hugmyndafræðin sem sett var fram af Múhameð Abduh (1849-1905) og Jamal al-Din al-Afghani (1838-1897). Endurbótahreyfingin sem þeir voru í forsvari fyrir vildi stuðla að nútímavæðingu með tæknivæðingu efnahafs- og atvinnulífsins og innviða samfélagsins og innleiða sams konar samfélagsgerð og á Vesturlöndum, sveipað íslömskum klæðum. Þessi markmið kröfðust hins vegar umtalsverðra umbreytinga á íslam og stofnunum þess. Til þess að hægt væri að koma slíkum breytingum til leiðar var nauðsynlegt að endurskoða hefðir (*taqlid*) og vægi þeirra innan íslams og túlkanir á boðskap íslams á forsendum forrarr samfélagsgerðar sem enn höfðu áhrif á boðskap þess í nútímasamfélaginu. Þeir álitu að leita

þyrfti í frumtexta íslams til að túlka upphaflegan boðskap textans. Að mati Abduh gæti pólitísk og efnahagsleg þróun einungis átt sér stað ef slík endurskoðun færi fram (Lee, 2010, bls. 53). Þessir umbótasinnar töldu að trúar- og lagahömlur, sem smám saman höfðu bæst við trúarbrögðin, hindruðu nútímavæðingu og því skyldi leita allra leiða til að frelsa íslam undan þeim, með endurskoðun og breytingum á trúarlögum íslam. Hægt er að túlka tillögurog hugmyndir Abduh og al-Afghani sem tilraun til að stuðla að hægfare innleiðingu vestrænna lífnaðarháttá. Hugmyndir þeirra og viðhorf hlutu hins vegar ekki mikinn hljómgrunn innan hins íslamska heims. Eftirmaður þeirra, Múhameð Rashid Rida (1865-1935) hlaut mun meiri hljómgrunn en fyrirrennari hans. Hann kallaði eftir endurskoðun á hugmyndum þeirra en áleit þó eins og þeir að hinn íslamski heimur væri vanmáttugur samanborðið við þann vestræna. Til að bæta ástandið vildi hann hins vegar fara aðrar leiðir. Í stað innleiðingar vestrænnar menningar, hugmyndafræði og gilda lagði hann til afturhvarf til íslams frá tímum Múhameðs og lærisveina hans, innleiðingu sharía-laga og stofnunar íslamsks ríkis Eickelman and Piscatori, 1996, bls. 31). Múhameð Rashid Rida hafði mikil áhrif á fyrsta stofnanda og leiðtoga Íslamska bræðralagsins, Hassan al-Banna, sem tók hugmyndafræði hans og gerði að grunnstoð Íslamska bræðralagsins.

Al-Banna setti fram stefnu Íslamska bræðralagsins sem enn er megininntak hreyfingarinnar. Boðskapur hans og sýn gengu út á siðferðislega endurnýjun sem gæti þannig hrundið í framkvæmd íslömsku ríki og samfélagi (Gerges, 2007, bls. 23). Þessu markmiði vonaðist al-Banna eftir að ná með því að frelsa íslamskan heim undan hvers kyns erlendum yfirráðum og í kjölfarið mótun ríkisstjórnar sem hefði sharía-lög íslams að leiðarljósi. Boðskapur al-Banna gerði jafnframt grein fyrir því að endanlegt markmið Íslamska bræðralagsins væri að ná að breiða boðaða samfélagsgerð út um allan heim. Í fjórða kafla verður fjallað ítarlega um Hassan al-Banna, Sayyid Qutb og Ayman al-Zawahiri og hugmyndafræði þeirra og þau áhrif sem þeir hafa haft á Íslamska bræðralagið í Egyptalandi og íslamista og útbreiðslu þeirra í heiminum.

## 4. Helstu hugmyndafræðingar Íslamska bræðralagsins og arfleifð þeirra

### 4.1 Hassan al-Banna

Hassan al-Banna var fæddur 1928 og var stofnandi og fyrsti leiðtogi Íslamska bræðralagsins í Egyptalandi (Brown, 2000, bls. 143). Eins og margir áhrifamenn innan íslamskra hreyfinga, sem fylgdu í kjölfar al-Banna, naut hans alls þess ávinnings sem nútímamenntun hefur fram að færa. Þó var hann alinn upp í hefðbundnu íslömsku fjölskylduumhverfi. Hassan al-Banna var frá Mahmudiyah-héraði og elstur fimm bræðra. Faðir hans var virtur ímam í héraðinu og kennari í mosku (Brown, 2000, bls. 143). Faðir al-Banna hlaut klassíska menntun við Al-Azhar háskólann í Kaíró, sem einnig er virtasta trúarsetur og moska sunní-íslams. Hann fékkst við skriftir og átti í samstarfi við aðra höfunda um efni tengt íslömskum siðum og venjum. Auk þess rak hann vélaverkstæði og seldi plötuspilara og önnur smærri rafmagnstæki. Frá unga aldri hneigðist al-Banna að Súfisma (Gerges, 2007, bls. 23). Súfismi er angi af íslam og leitast við að færa einstaklinginn nær sannleikanum í gegnum dulspeki með von um að hann öðlist nánari tengsl við Guð. Eftir almenna skólagöngu fluttist al-Banna til Kaíró. Þar lagði hann stund á kennaranám. Í borginni komst hann í samband við mikilsmetna íslamska fræðimenn en varð um leið verulega órótt vegna vestrænna áhrifa sem þar réðu ríkjum. Hann leit á borgaralega veraldarhyggju sem ógn við hefðbundið íslamskt siðferði. Íslamskir fræðimenn ollu honum einnig vonbrigðum. Hann áleit það hlutverk íslamskra fræðimanna í Al-Azhar-háskólanum í Kaíró að mótmæla ítökum borgaralegra áhrifa á samfélagið og áhrifum kristinna trúboða í landinu. Á lokaári sínu í námi var al-Banna orðinn staðráðinn í að helga líf sitt kennslu, boðun og ráðgjöf til barna og fullorðinna. Í starfi sínu sá al-Banna tækifæri á að uppræða almenning um markmið trúarbragðanna, uppruna þeirra og þá vellíðan og hamingju sem þau veita einstaklingum í lífinu. Eftir að hann útskrifaðist sem barnaskólakennari 1927 bauðst honum að gerast móturmálskennari í grunnskóla í Isma'iliyya í nánd við Súez-skurðinn (Brown, 2000, bls. 143). Samhliða hefðbundinni kennslu, sem hann sinnti á daginn, kenndi hann foreldrum nemenda sinna á kvöldin. Al-Banna talaði fyrir og breiddi út boðskap sinn alls staðar þar sem hann taldi sig geta náð eyrum fólks, hvort sem var í moskum eða á öðrum óhefðbundnari stöðum, jafnvel á kaffihúsum sem þá voru álitin siðferðislega tortryggileg. Í byrjun var boðskapur hans litinn hornauga af forystu trúarlegrar yfirstéttar landsins, sem hafði ýmislegt við boðskap hans að athuga sem og það hvernig hann

taldi við hæfi að framkvæma íslamska siði. Af þeim sökum tamdi hann sér í kjölfarið að sneiða í lengstu lög hjá trúarlegum ágreiningi við boðun sína.

Á námsárum sínum í Kaíró í byrjun tuttugustu aldarinnar varð al-Banna meðvitaður um vestræn áhrif undir nýlendustjórn Breta (Brown, 2000, bls. 146). Hann sá hvernig borgaraleg hugmyndafræði og lifnaðarhættir voru að breyta samfélaginu. Sérstakar áhyggjur hafði hann af því hvað unga kynslóðin virtist vera að fjarlægjast íslam og gildi þess. Til að íslam ætti möguleika á að halda velli gegn vestrænum áhrifum yrði að efla vitund ungs fólks. Al-Banna las sér til um hugmyndafræði og sökkta sér ofan verk umbótahreyfingar íslamskra Salafiyya. Nafn hreyfingarinnar er tilvísun í frumíslam og horfa meðlimir hennar til fyrstu kynslóðar múslima sem fyrirmynd að réttum lifnaðarháttum og samfélagsgerð. Meðal stofnenda umbótahreyfingar íslamskra Salafiyya var Muhammad Abduh, sem einnig hafði verið kennari föður al-Banna þegar hann hafði verið við nám í Al-Azhar. Múhameð Abduh, sem varð æðsti leiðtogi sunní-íslams í Egyptalandi (*mufti*) 1899, taldi að almennur skilningur á íslömskum lögum þyrfti að koma til móts við nýjar aðstæður og veita þeim svigrúm (Lee, 2010, bls. 93). Lærisveinn Abduh, Rashid Rida, hafði enn meiri áhrif á al-Banna en Abdu. Al-Banna og Rida deildu áhyggjum af hnignun íslamskrar menningar í takt við uppgang vestrænnar menningar. Þeir töldu að besta leiðin til að snúa þróuninni við væri að hverfa aftur til upprunalegra rita íslams þar sem sá texti væri ekki litaður af margvíslegum túlkunum og seinni tíma skýringum (Gerges, 2007, bls. 23). Þótt al-Banna væri þess fullviss að vestræn borgaraleg hugmyndafræði væri mesta ógnin sem íslam stæði frami fyrir sparaði hann ekki gagnrýni sína á Al-Azhar háskólann og klerka hans sem misst höfðu áhrif sín meðal almennings og voru álitnir handbendi stjórnvalda (Abdo, 2000, bls. 54-55).

Undir forystu al-Banna var lagður grunnur að helstu stefnumálum Íslamska bræðralagsins þótt Sayyid Qutb sé almennt álitinn áhrifamesti hugmyndafræðingur þess eins og síðar verður vikið að. Eigi að síður var það al-Banna sem lagði grunninn að hugmyndafræði bræðralagsins, stjórnskipulagi og starfsháttum. Um miðja 19. öld var Íslamska bræðralagið orðið að öflugri pólitískri hreyfingu með hátt í milljón félagsmenn (Gerges, 2007, bls. 24). Hvorki landamæri einstakra ríkja né kynþáttur skyldi vera hindrun í útbreiðslu boðskapar Íslamska bræðralagsins því og trúarboðskapar hans í kóraninum var það sem sameina skyldi alla múslima. Eiginleg landamæri ætti að skilgreina út frá því að allt land sem væri byggt af múslimum væri hluti lands allra múslima. Eitt meginstef hugmyndafræði Íslamska bræðralagsins var krafan um endurvakningu kalísdæmisins sem væri sameiningarkraftur allra múslima. Það væri sá þráður sem héldi þeim saman hvar sem þeir væru í heiminum, þrátt fyrir að þeir ynnu í þágu síns landfræðilega ríkis. Endurvakning Kalífadæmisins skyldi vera eitt af forgangsverkefnum

Íslamska bræðralagsins og hafði verið einn meginhvatin fyrir stofnun þess á sínum tíma (Kepel, 2000, bls. 27). Með stofnun Íslamska bræðralagsins í Egyptalandi 1928 var strax ljóst að samtökin myndu kalla fram andstæð viðbrögð almennings gagnvart afstöðu sinni til vestrænnar hugmyndafræði, en Íslamska bræðralagið var fyrsta opinberlega pólitíska fjöldahreyfingin sem var andsnúin áhrifum vestrænna borgaralegra gilda í Mið-Austurlöndum. Í augum sumra Egypta voru andvestræn viðhorf meðlima Íslamska bræðralagsins birtingarmynd veruleikafyrts hóps bókstafstrúarmanna.

Íslamska bræðralagið undir forystu al-Banna áleit hins vegar hugmyndir og viðhorf þeirra sem hlyntir voru vestrænni menningu, hugmyndafræði og lifnaðarháttum vera rót hnignunar íslamsks samfélags. Al-Banna, og hugmyndafræðingar sem fylgdu í fótspor hans, töldu að afturhvarf til samfélagslegra gilda sem höfðu verið við líði á tímum Múhameðs og kynslóðanna á eftir honum myndi verða til þess að endurvekja gullöld íslams.

Al-Banna gerði því allt sem hann gat til að spyrna fótum við innreið vestrænnar menningar og gilda í samfélagið. Egypskt réttarkerfi og stjórnsýsla hafði um langt skeið búið við lagakerfi sem var samsuða vestrænna og íslamskra sharía-laga. Al-Banna lagði ríka áherslu á nauðsyn þess að endurskapa egypskt samfélag sem byggðist á eigin menningu. Hann var samfærður um að nota bæri íslam sem fyrirmynd réttar samfélagsgerðar (Gerges, 2007, bls. 23). Undir forystu al-Banna varð vöxtur og útbreiðsla bræðralagsins gífurleg og skipti sköpum í að festa samtökin í sessi sem öflugra fjöldahreyfingu sem teygði áhrif sín og starfsemi til fjölda ríkja Mið-Austurlanda. Það sem keyrði þennan vöxt áfram var aðdráttarafl upphaflegu samtakana í Egyptalandi, innra skipulag þeirra og velgengni ritverka al-Banna. Frá upphafi voru markmið Íslamska bræðralagsins bæði félagslegs og pólitísku eðlis og gengu út á að styðja málstað velgjörðar, annars vegar með góðgerðarstarfi, framförum og umbótum og hins vegar íslamsvæðingu samfélagsins (Gerges, 2007, bls. 13). Al-Banna var frá unga aldri uggandi yfir versnandi ásigkomulagi múslima í Egyptalandi og annars staðar í heiminum. Hann rakti vanþróun egypsku samfélags sérstaklega, en einnig annarra íslamskra samfélaga, til trúarlegrar og siðferðislegrar hnignunar hins íslamska einstaklings. Þótt samarabísk hugmyndafræði Nassers væri al-Banna ekki að skapi talaði hann engu síður fyrir sameiningu íslamskra þjóða á grundvelli lífsreglna kóransins í anda samfélags múslima í tíð Múhameðs og fyrstu leiðtoganna eftir hann. Hann taldi að besta leiðin til að ná því markmiði væri með pólitískum samtökum, áróðri og öflugri aðkomu að samfélags- og trúarlegum málefnum. Undir forystu al-Banna varð Íslamska bræðralagið að best skipulögðu og áhrifamestu pólitísku hreyfingu innan íslams en stóð utan opinbers kerfis Egyptalands sem eins konar ríki í ríkinu.



Sem upphafsmaður hugmyndafræði Íslamska bræðralagsins lét al-Banna meðal annars hafa eftir sér að tilgangur samtakanna væri tvíþættur. Annars vegar var tilgangurinn að íslömsk ríki öðluðust sjálfstæði undan erlendum yfirráðum og hins vegar að stofna og festa í sessi íslamskt félags- og stjórnmalakerfi með sameiningu þjóða í gegnum íslam í einu sameiginlegu samfélagi múslima (*ummah*). Hann lagði áherslu á mikilvægi þess að byrja á að efla meðvitund og virkja sérhvern einstakling samfélagsins til ábyrgðar og þátttöku (Lee, 2010, bls. 94). Al-Banna vildi að einstaklingar sem tækju þátt í uppbyggingu íslamsks samfélags væru gæddir ákveðnum eiginleikum, þar á meðal trúarlegum styrk sem kæmi fram í staðfestu, heilindum og fórnfýsi. Þessir einstaklingar þyrftu einnig að hafa þekkingu á grundvallarhugmyndafræði íslams og hæfileika til að geta tengt þá við daglegt líf og úrlausnarefni þess. Ekki væri hægt að gera málamiðlanir gagnvart andstæðum gildum, siðum og trúarlegri afstöðu. Íslam hafði fært mannkyninu fullkomið kerfi sem væri leiðarvísir til allra samfélagslegra athafna og því skyldi í lengstu lög sníða hjá því að hleypa erlendum áhrifum í inn í íslamskt samfélag.

Al-Banna setti fram þríþætta áætlun um hvernig ná skyldi markmiðum Íslamska bræðralagsins. Fyrsta skrefið fólst í að bæði tala til og við almenning ásamt því að beita áróðri í því skyni að upplýsa hann um sannan boðskap og tilgang íslams. Í kjölfarið væri hægt að safna félagsmönnum, svo skyldi stofna deild innan bræðralagsins sem hefði það hlutverk að velja og þjálfa meðlimi bræðralagsins. Að ofangreindum þáttum uppfylltum væri samfélagið tilbúið til framkvæmda og þá væri hægt að koma á fót algjörlega umbyltu samfélagi sem fylgdi í einu og öllu íslömskum gildum og sharía-lögum. Þótt al-Banna hafi ekki útlistað nákvæmlega hvert skref hvers þessara þátta fyrir sig eða hvernig og hvenær hvert þeirra hæfist eða lyki, þá lagði hann áherslu á að Íslamska bræðralagið hefði langa leið fyrir höndum þar til íslamskri endurreisn yrði náð. Sem leiðtogi Íslamska bræðralagsins lagði al-Banna einnig áherslu á að það boðaði ekki byltingu eða hefði hana að markmiði. Hann sagði að þeir sem byggjust við ofurskjótum árangri og hefðu ekki þrautseigju til að bíða eftir að rétta augnablikið skapaðist þyrftu að leita annað, þar sem langan tíma gæti tekið að breyta viðhorfi almennings. Eina byltingin sem hann og Íslamska bræðralagið boðuðu væri hugarfarsleg og þegar henni hefði verið náð yrði bylting samfélagsins sjálfkrafa að veruleika. Slík framsetning hafði það einnig að markmiði að veikja þjóðernisstefnuna. Það sem sameina ætti almenning væri íslam, þvert á þjóðerni, byggt upp af múslimum sem tilheyrðu einu og sama íslamska föðurlandinu eða í eins konar ríkjasambandi allra íslamskra þjóða. Á fyrstu starfsárum Íslamska bræðralagsins boðaði hreyfingin friðsama nálgun að markmiðum sínum og hafnaði ofbeldi (Abdo 2000, bls. 7-8). Sú nálgun myndi leiða til endurbóta samfélagsins með tvenns

lags áherslum. Annars vegar með því að breiða út boðskap íslams og efla vitund almennings á opinberum áherslum og starfsháttum og þeim félagslegu málefnum og aðstæðum sem hvíldu á almenningi og í kjölfarið bjóða uppá betri lausnir og valkosti á brýnum vandamálum hans. Íslamska bræðralagið undir forystu al-Banna lagði því mikla áherslu á að koma boðskap sínum til almennings á sem fjölbreyttastan hátt. Mikið var lagt upp úr útgáfu og gaf Íslamska bræðralagið út töluverðan fjölda af dagblöðum, tímaritum og öðru efni. Þar að auki lagði Íslamska bræðralagið áherslu á að ná til almennings með því að bjóða upp á grunnþjónustu sem hann þurfti stórlega á að halda, þótt stjórnvöld hefðu átt að annast slíka þjónustu. Bræðralagið styrkti félagsleg úrræði eins og sjúkrahús, skóla, góðgerðarstofnanir, klúbbastarf og margt fleira sem almenning skorti sárlega. Þörf almennings fyrir þessa grunnþjónustu var sár þar sem egypskum stjórnvöldum hafði mistekist að bjóða upp á viðunandi félagsþjónustu á nær öllum sviðum (Abdo, 2000, bls. 27). Með þessu móti sýndi bræðralagið að íslam og boðskapur þess byggðist á samfélagslegri velgjörðarstefnu ólíkt boðskap stjórnvalda. Þrátt fyrir hástemmdar yfirlýsingar al-Banna um að Íslamska bræðralagið væri friðsöm hreyfing og mótfallin ofbeldi setti á stofn leynilega herskúa deild innan Íslamska bræðralagsins. Deildin setti það ekki fyrir sig að pynda og lífláta fólk (Brown, 2000, bls. 147). Viljinn til að grípa til ofbeldis ef nauðsyn krefði virðist alltaf hafa verið til staðar undir yfirborðinu. Það sanna yfirlýsingar forsvarsmanna hreyfingarinnar í gegnum tíðina. Besta dæmið því til sönnunar var morðið á Al-Nuqrashi Pasha, forseta Egyptalands, 1948 sem framið var af meðlimum Íslamska bræðralagsins (Brown, 2000, bls. 145). Við ákveðnar aðstæður taldi al-Banna réttlætanlegt að grípa til ofbeldis ef enginn annar valkostur byðist. Al-Banna dró ekki dulu á að þegar aðstæður yrði nægjanlega hagstæðar til að hrifsa völdin í landinu yrði ekki hjá því komist að beita ofbeldi. Tilgangurinn helgaði meðalið. Misvísandi skilaboð forystu Íslamska bræðralagsins ollu því að sumir meðlimir hreyfingarinnar tók það í sínar hendur að hrinda í framkvæmd ofbeldisfullum aðgerðum gegn ríkjandi stjórnvöldum. Þrátt fyrir virka þátttöku Íslamska bræðralagsins í egypskum stjórnámálum leit al-Banna ekki á Íslamska bræðralagið sem stjórn málaafli heldur samfélagsafl, fyrirmynd hins rétta íslamska samfélags. Frá stofnun Íslamska bræðralagsins hefur hreyfingin ekki skilgreint sig sérstaklega sem pólitískt afl þar sem íslam væri heildstætt og næði yfir allt litróf samfélagsins – stjórn mál, menningu, trú og samfélagsmál (Kepel, 2000, bls. 28). Al-Banna leit því einungis á pólitíska þátttöku sína sem tímabundna baráttu gegn þeim öflum sem ynnu að því að hindra þróun og vöxt Íslamska bræðralagsins. Al-Banna hafði vanþóknun á stjórn málaflókum og starfsemi þeirra í Egyptalandi og þá spilla samfélaginu. Hann ásakaði þá um að hafa einungis áhuga á að auka auð og völd félagsmanna sinna og bregðast því hlutverki að stuðla að eflingu velferðar egypsk

almennings, þjóðfélaginu öllu til hagsbóta. Al-Banna taldi réttast að leysa upp alla stjórnsmálaflokka, þá fyrst yrði einhver von til þess að samfélagið næði að vaxa og dafna. Honum yfirsást hins vegar að með því að gefa ríkinu undir fótinn og leggja blessun sína yfir að sett væri bann við starfsemi þeirra væri hann að auðvelda stjórnvöldum að nota sömu rök gegn öllum stjórnsmála-, samfélags- og trúarhreyfingum sem störfuðu í landinu, Íslamska bræðralaginu þar með töldu. Það kom líka á daginn. Nasser bannaði alla stjórnsmálaflokka þegar hann komst til valda 1952 en hlífði þó hreyfingu Íslamska bræðralagsins, um stundarsakir. Ráðstafanir Nassers hlutu mikið lof forsvarsmanna Íslamska bræðralagsins sem töldu að hann hefði í hyggju að veita Íslamska bræðralaginu stærra hlutverk við stjórn landsins. Innan tveggja ára var Íslamska bræðralagið þó komið í sömu stöðu og önnur stjórnsmálaöfl í landinu. Þá hafði Nasser náð að styrkja vald sitt og losa herinn við liðsforingja sem höfðu samúð með málstað bræðralagsins eða voru ekki nægilega mótækilegir fyrir skoðunum hans (Kepel, 2000, bls. 29-30).

Á fyrstu árum hreyfingarinnar takmarkaði Íslamska bræðralagið síg við trúarlegar og siðferðislegar umbætur. Eftir því sem á leið tók það upp á arma sína breiðara svið pólitískra markmiða í jöfnu hlutfalli við vöxt hreyfingarinnar. Um miðja 20. öld er áætlað að hreyfingin hafi haft á að skipa í um eina milljón félagsmanna í Egyptalandi (Gerges, 2007, bls. 24). Bæði alþjóðlegt og innlent umrót í samfélaginu ásamt hugmyndafræðilegri uppbyggingu og starfsháttum hreyfingarinnar áttu þátt í velgengni samtakanna. Morðið á Hassan al-Banna 1949 var mikið högg fyrir hreyfinguna. Hann var aðalímynd hreyfingarinnar og gat með persónutöfrum sínum og leiðtogahæfileikum laðað fram samkennd og stuðning stórs hóps áhrifamikilla einstaklinga í samfélaginu. Þrátt fyrir dauða al-Banna yfirsteig Íslamska bræðralagið þær tilraunir sem gerðar voru til að bæla hreyfinguna niður. Vöxtur samtakanna varð undraverður, ekki aðeins í Egyptalandi heldur einnig í öðrum Arabaríkjunum þar sem útibú skutu rótum.

## 4.2 Sayyid Qutb

Hassan al-Banna var stofnandi Íslamska bræðralagsins en hugmyndafræði, verk og píslavottarganga Sayyid Qutbs slógu algjörlega við tilraunum al-Banna til að beina vonsviknum múslimum til Íslamska bræðralagsins þar sem þeir eygðu von um bætt samfélag. Byltingarkennd hugmyndafræði Qutbs hefur átt hljómgrunn þvert á þjóðríki og kynþætti og sameinað múslima undir hatti trúarinnar. Hreyfingar íslamista um allan heim eru enn dyggir fylgjendur hugmyndafræði Qutbs. Þó er túlkun hans á íslam vægast sagt mjög umdeild. Þekking hans á Bandaríkjunum og mikilsmetnum vestrænum hugsuðum var umtalsverð og

Því hefur fordæming hans á bandarískum og vestrænum viðhorfum og lifnaðarháttum, ásamt ákalli um byltingu, haft töluverða vigt meðal róttækra múslima um heim allan. Leiðtogar íslamskra hreyfinga vitna reglulega í Qutb og nota hugmyndafræði hans við að setja saman stefnuskrár sínar og áætlanir. Jafnvel verulega lágt settir meðlimir róttækra íslamskra hreyfinga þekkja til hugmyndafræði Qutbs og vitna oft í hana ef þeir eru handsamaðir fyrir byltingarathafnir sínar. Ritverk Qutbs hafa um langt skeið verið hornsteinn róttækra íslamskra hreyfinga og þar ber hæst *Leiðarvísir (Milestones)*, sem oft er álitinn heimspekilegur leiðarvísir og skyldulesning fyrir alla íslamista. Í *Leiðarvísir* setti Qutb meðal annars fram þá fullyrðingu að stjórnvöld væru ólögmat þar sem þau gengju gegn fullveldi Guðs (Lee, 2010, bls. 90).

Sayyid Qutb var elstur fimm systkina, fæddur í smábænum Musha í Egyptalandi 1906 og því jafnaldri al-Banna (Brown, 2000, bls. 153). Fjölskylda var ekki rík en lifði þægilegu lífi. Sayyid Qutb var einstaklega vel gefið barn og gekk vel í skóla. Faðir hans sendi hann til Kairó til að stunda nám í gagnfræðaskóla og framhaldsskóla þar sem hann bjó hjá frænda sínum. Þegar faðir hans lést fluttust móðir hans og systkini einnig til Kairó. Eftir að hafa lokið námi með góðum árangri hóf Qutb störf hjá menntamálaráðuneyti Egyptalands (Brown, 2000, bls. 154). Hins vegar dró aldrei úr áhuga hans á að skrifa og á tímabili vann hann sem bókmenntagagnrýnandi og orti ljóð í frítíma sínum (Lee, 2010, bls. 95). Árið 1948 þegar Qutb var 42 ára hlaut hann námsstyrk frá egypska menntamálaráðuneytinu til frekara náms í Bandaríkjunum. Hann bjó í litlum íhaldssömum bæ í Greeley, Colorado, meðan hann stundaði meistaranám í menntunarfræðum við ríkiskennaraháskóla fylkisins (Colorado State College of Education) (Gerges, 2007, bls. 36). Þau tvö ár sem Qutb var við nám í Bandaríkjunum ollu straumhvörfum í viðhorfum hans (Brown, 2000, bls. 156). Óbeit Qutbs á Bandaríkjunum virðist hafa farið að láta á sér kræla á meðan hann dvaldist þar. Skiljanlega upplifði Qutb sig einangraðan frá öðru fólki, samfélaginu og síðum þess, enda tilheyrði hann fámennum erlendum minnihlutahópi í íhaldssömum, bandarískum smábæ 1948. Qutb var nokkuð hörundsökku og var brugðið við þá fordóma sem mættu honum (Brown, 2000, bls. 154). Upplifun hans af því vera útskúfaður í samfélaginu umbreyttist hratt í reiði og andstyggð. Fljótlega fór hann að tala um sjálfan sig sem hetju sem væri grafin innan virkisveggja óvinarins. Hann tók sér því með stolti það hlutverk að ráðast á og gagnrýna vestræna fáfræði, ótrausta trúarlega samfæringu almennings, samfélagslegt og efnahagslegt hátterni og almennt siðleysi. Qutb hafnaði því að gefa óflekadán anda sinn og hold af hendi til óhreinnar menningar sem umlukti hann, þrátt fyrir freistingar sem á vegi hans urðu. Þessi þankagangur kom síðar fram í verki hans *Leiðarvísir (Milestones)*. Að mati Qutb hafði borgaralegt samfélag

Bandaríkjanna alið af sér samfélagsgerð sem var byggð í kringum lagaramma sem var mannanna verk. Lagaramminn hafði alið af sér þjóðfélag sem var rekið áfram af lostadrifnum hálfmennskum einstaklingum. Hvert sem litið var varð hann vitni að efni, bæði í máli og myndum, sem var kynferðislega hvetjandi. Bandarískir karlmenn þóttu honum bæði grófir og óheflaðir og bandarískar konur upp til hópa hórur. Hann var gagnrýninn á það frelsi sem konur höfðu til ákvarðanatöku um málefni eigin lífs án samþykkis karlmanna. Bandarískar stúlkur voru meðvitaðar um lokkandi aðdráttarafl líkama þeirra og hvernig þær gætu nýtt sér þá til fullnustu. Þessi meðvitund og háttsemi sem hafði gert þær að hlutgervingu kynferðislegs lauslætis taldi hann afleiðingu þess að þær höfðu ekki notið leiðsagnar karlmanna. Qutb var einnig verulega misboðið yfir kynferðislegum undirtón dansskemmtunar sem hann sótti í kirkju bæjarins og kynferðislegum undirtóni tónlistar sem þar var leikin (Brown, 2000, bls. 155). Þessar túlkanir hans urðu síðar aðalinntak andvestræns áróður hans. Reiði Qutbs í garð Bandaríkjanna magnaðist enn frekar þegar hann las umfjöllun um dauða Hassan al-Banna í grein í New York Times 13. febrúar 1949 þar sem al-Banna var lýst sem hryðjuverkamanni. Qutb var verulega misboðið að maður sem hann áleit bæði göfuglyndan og réttlátan væri þarna opinberlega úthrópaður sem hryðjuverkamaður af stórsyndugri þjóð. Tími Qutbs í Bandaríkjunum átti þátt í því að hraða ferð hans yfir á róttækan væng íslamista. Verk hans, Samfélagsleg réttindi í íslam (*Social Justice in Islam*), sem kom út 1949, fyrir Bandaríkjadvölinu sýnir þó glögg að hann var þá þegar á þeirri leið (Brown, 2000, bls. 155).

Eftir að hafa hlotið meistaragráðu í menntunarfræðum var Qutb með of mikla óbeit á bandarísku samfélagi til að geta dvalið þar áfram við frekara nám. Árið 1950 sneri Qutb því aftur til Egyptalands og síns fyrra starfs hjá menntamálaráðuneytinu. Tveimur árum síðar hætti hann störfum hjá ráðuneytinu eftir að hafa átt í hugmyndafræðilegum útistöðum við samstarfsfélaga sína. Fljótlega eftir það gerðist hann málsvari Íslamska bræðralagsins og aðalritstjóri dagblaðs þess. Innan bræðralagsins reis Qutb til töluverðra metorða (Lee, 2010, bls. 95). Í starfi sínu hjá hreyfingunni fór hann fljótlega að semja þá hugmyndafræði sem átti eftir að leggja grunninn að stefnuritinu Þáttaskil. Íslamska bræðralagið var eins og áður segir stofnað 1928 af Hassan al-Banna með það að markmiði að boða samfélagslegar umbætur. Straumhvörf urðu hins vegar á árunum 1940-1949 þar sem mun róttækara hugmyndafræðilegt afbrigði af stefnu þess breiddist út meðal meðlima hreyfingarinnar. Hún magnaðist jafnt og þétt vegna áhrifa Qutb. Íslamska bræðralagið hafnaði algjörlega hugmyndum Nassers um sameiningu allra Arabaríkja (*Pan-Arabism*) á þeim hugmyndafræðilega grunni sem Nasser boðaði. Íslamska bræðralagið hafði það hins vegar að markmiði að sameina öll samfélög múslima á íslömskum grunni. Bræðralagið vildi steypa núverandi stjórnvöldum af stóli og ná

völdum í landinu. Í kjölfar misheppnaðs morðtilræðis gegn Nasser voru mörghundruð meðlimir bræðralagsins handteknir, þeirra á meðal Qutb. Árið 1954 var hann svo dæmdur í fangeldi fyrir aðild að skipulagningu morðtilræðis gegn Nasser (Lee, 2010, bls. 95). Sayyid Qutb hlaut 15 ára fangelsisdóm fyrir að hafa lagt á ráðin um morðtilræðið á Nasser. Meðan á fangelsisvistinni stóð fór Qutb í auknu mæli að leggja stund á skriftir. Stærstur hluti verka hans fjallaði um kóraninn og útfærslu pólitískrar hugmyndafræði hans (Lee, 2010, bls. 95). Afrakstur skrifa hans áttu eftir að gera hann að dáðasta og mikilmetnasta hugmyndafræðingi meðal íslamista í heiminum. Í stjórnartíð Nassers var aðbúnaður í egypskum fangelsum slæmur og var Qutb orðinn afar heilsuveill eftir 10 ára afplánun. Fyrir milligöngu Íraksforseta var hann látinn laus og skömmu síðar gaf hann út Þáttaskil. Innan árs var hann handtekinn að nýju og ásakaður um föðurlandssvik. Ljóst var að ekki yrði um neina miskunn að ræða í það skiptið. Við réttarhöldin gegn honum studdust egypsk stjórnvöld aðallega við tilvitnanir úr Þáttaskilum til að tryggja sakfellingu hans. Stuðningsmönnum hans til mikillar skelfingar var Sayyid Qutb dæmdur til dauða og hengdur 29. ágúst 1966.

Bæði hugmyndafræðileg og trúarbragðafraeðileg arfleifð Sayyid Qutb var rík, þótt hann væri ekki fyrsti hugmyndafræðingur íslamista. Hann sótti innblástur til trúarlegra kennismiða, bæði frá fyrri tíð og úr samtímanum.

Löng röð róttækra hugmyndafræðinga hafði komið fram á undan Qutb innan íslamska heimsins og höfðu margir þeirra áhrif á heimssýn Qutbs. Þar má einna helst nefna Ibn Taymiyya (1268-1328) sem er af mörgum álitinn einhver áhrifamesti fræðimaðurinn innan íslam (Brown, 2000, bls. 157). Markmið Ibn Taymiyya var að endurvekja hið sanna og tæra íslam frá upphafstíma þess og var hann algjörlega mótfallinn því að sveigja með nokkrum hætti frá þeirri samfélagsgerð. Hugmyndafræði hans féll hvað það varðaði vel að hugmyndum Íslamska bræðralagsins. Skoðanir Ibn Taymiyya, líkt og skoðanir Qutb, voru oft á skjön við stjórnvöld, með þeim afleiðingum að honum var varpað í fangelsi. Annar íslamskur hugmyndafræðingur sem hafði mikil áhrif á Qutb var Muhammad ibn Abd al-Wahhab (1703-1792). Abd al-Wahhab var sádi-arabískur trúarlegur hugmyndafræðingur og meðstofnandi ríkis Sáði-Arabíu. Ibn Taymiyya hafði mikil áhrif á al-Wahhab (Brown, 2000, bls. 157). Eins og gildi um Ibn Taymiyya var það krafa Abd al-Wahhab að íslamskur heimur væri hreinsaður af öllum vestrænum áhrifum en báðir álitu að þau áhrif hefðu flekkað íslam. Hann boðaði og hvatti lærisveina sína til að endurvekja íslam í samræmi við lifnaðarhætti frumíslam. Trúarleg hugmyndafræði og boðun Abd al-Wahhab átti eftir að verða að trúarlegri fjöldahreyfingu, Wahhabisma, sem hefur allt frá stofnun verið studd fjárhagslega og pólitískt af stjórnvöldum í Sáði-Arabíu. Höfnun Wahhabisma á nútímasamfélaginu, meinlætisleg syn og trúarlegt

umburðarleysi hans hefur haft mikið aðdráttarafl fyrir hreyfingar íslamista um allan heim. Abdu al-‘Ala `Mawdudi var annar trúarlegur hugmyndafræðingur sem Qutb varð fyrir áhrifum af. Mawdudi var pakistanskur blaðamaður, stjórnmalamaður og hugmyndafræðingur, fæddur 1906. Mawdudi var einnig stofnandi íslamista-hreyfingarinnar Jamaat-i-Islami (Íslamskt samfélag) 1941 (Brown, 2000, bls. 148-150). Ólíkt öðrum leiðtogum hreyfinga íslamista einskorðaði Mawdudi höfnun sína við nútímavæðingu nýlendustefnunnar og þau áhrif sem innreið vestrænnar menningar hafði haft á samfélög íslam. Mawdudi var þeirrar skoðunar að vestræn menning, stjórnmal og efnahagur væri ógn við framtíðarafkomu íslams. Þrátt fyrir að Ibn Taymiyya, Wahhab og Mawdudi væru áhrifavaldar við mótun trúar- og stjórnmalalegrar hugmyndafræði Qutb er velgengni hans að þakka hæfileikum hans sjálfs og orðkynngi, bæði í ræðu og riti. Hann hafði líka lag á að fella hugmyndir sínar og túlkanir að hefðbundinni hugmyndafræði íslamista. Trúarleg hugmyndafræði Qutbs var mun róttækari og storkaði frekar ríkjandi venjum og samfélagsgerð en hugmyndir fyrirrennara hans. Stóð yfirvöldum því mun meiri stuggur af honum. Ekki verður lögð næg áhersla á hve hugmyndafræði hans var mikið frávik frá almennri pólitískri hugmyndafræði íslams í gegnum aldirnar (Brown, 2000, bls. 156-157). Qutbs lagði því grunninn að starfsemi íslamista-hreyfinga og samtaka um allan heim.

Qutb kom fram á sjónarsviðið og fullyrti að íslam stæði í miðju stríði gegn vestrænni hugmyndafræði. Ekki væri einungis hægt að rekja þetta stríð til stjórnmalalegra, efnahagslegra, kynþáttarlegra, trúarlegra og samfélagslegra þátta, slíkt væri of mikil einföldun. Því varaði Qutb lærisveina sína sterklega við því að óvinurinn myndi vilja beina átökunum inn á þann farveg til að villa fyrir þeim og dylja raunverulegar ástæður átakanna. Mikilvægt væri að íslamistar létu ekki afvegaleiðast af óvininum og hvikuðu frá eiginlegu markmiði um endurreisn hins fullkomna ríkis að fyrirmynd Guðsundir einu stjórnvaldi, með endurreisn Kalífadæmisins. Leiðtogi þess myndi stjórna í umboði Guðs. Mönnum er einungis ætlað að stjórnast af Guði en ber þó að hlýða leiðtoga sem stjórnar að vilja Guðs (Brown, 2000, bls. 156). Endanlegt markmið skyldi vera að breiða út boðskap íslams um allan heim sem myndi sameinast undir einu Kalífadæmi. Til þess að slík sýn gæti orðið að veruleika lagði Qutb ríka áherslu á mikilvægi þess að ráðast að óvininum innan frá. Óvinurinn var vestræn hugmyndafræði og samfélagsgerð hennar. Réttlættinguna fyrir því að skilgreina vestrænt samfélag sem óvin, studdi hann með tilvitnunum úr kóraninum, en hún var að sú samfélagsgerð væri í ástandi Fáfræðinnar (*Jahiliyya*). Fáfræðin vísar til tímabilsins áður en boðskapur Guðs hafði verið þeim kunngjörður (Brown, 2000, bls. 156). Almennungi ætti að vera ljóst slík viðhorf væru ekki til eftirbreytni og hefðu sér ekki málsbætur. Átök þessara

tveggja hugmyndafræðilegu kerfa áleit Qutb fullkomlega eðlileg. Meginástæða þeirra að mati Qutb var að til lengri tíma litið gætu þessi hugmyndafræðilegu kerfi ekki þrífist saman, þar sem í hvorugu kerfinu væri rúm fyrir málamiðlanir. Stundin væri runnin upp. Eftir margra alda samvistir og baráttu íslams við heiðingjana og samfélagsgerð byggða á Fáfræði var nú komið að baráttu upp á allt eða ekkert. Því þyrfti að berjast af afli líkt og fyrstu múslimarnir þurftu að gera (Lee, 2010, bls. 96). Til að halda athygli lærisveina sinna á endanlegu markmiði setti Qutb skýrt fram hugmyndafræðilegan grunn ofbeldisfullrar byltingar sinnar. Í sex binda samantekt, skýringa úr kóraninum, afmarkar hann sig að mestu við og leitast við að varpa ljósi á þrjú hugtök, Fáfræði (Jahiliyya), Fullveldi (Hakimiyya) og Baráttu (Jihad) (Brown, 2000, bls. 156). Qutb leggur ríka áherslu á að hún snúist eingöngu um trú, engar aðrar hvatir liggi að baki. Samkvæmt trúarlegri hugmyndafræði Qutbs og túlkunum hans á kóraninum er að finna útskýringar á tilvist allra hluta heimsins í því helga riti og aðkomu Guðs að öllum þáttum sköpunarverks hans. Guð með milligöngu íslams og boðskapar þess ber að stjórna öllum þáttum mannlegs lífs, hvort sem um er að ræða sambönd og samskipti einstaklinga, uppbyggingu og útfærslu samfélagsins eða þeim lögum sem farið er að. Öll skulu þau lúta stjórn og vilja Guðs. Samtíminn, hugmyndafræði hans, lög og samfélagsgerð eru mannanna verk og því í beinni andstöðu við íslam og boðskap Guðs. Hugmyndafræði Qutbs, túlkanir hans á íslam og textum þess veita skýra mynd af afstöðu hans. Qutb hafnar algjörlega á þeim forsendum að þar sé verið að leggja að jöfnu mannlega hugsun við hugmyndir Guðs. Afleiðingar þess urðu að réttar og rangar hugsanir og gjörðir voru ekki metnar út frá leiðsögn Guðs. Slíkar gjörðir jafngiltu syndugu samfélagi. Kerfi sem treysti á mannlega dómgreind í stað Guðs væri í eðli sínu syndugt. Hnignun íslams og dvínandi áhrif þess mátti rekja beint til þeirrar saurgunar sem íslam hafði orðið fyrir af hugmyndafræði samtímans.

Reynsla Qutbs af hinum veraldlega þenkjandi Bandaríkjum olli því að hann skilgreindi og fordæmdi öll samfélög sem byggðust á rökhyggju í stað trúar sem óvin. Öll þekking sem væri byggð á öðrum grunni en trúarlegum væri utan skilgreiningarinnar á þeirri þekkingu nefndri í kóraninum. Tryggð nútímans við rökhyggju var ekki bara í mótsögn við íslam, markmið hennar virtust einnig vera að tortíma trúnni. Qutb lét sér ekki nægja að lýsa yfir og fordæma vestræna siðmenningu sem Fáfræði heldur fordæmdi einnig öll samfélög múslima, arabískum stjórnvöldum til mikillar gremju. Með því að leggja að jöfnu nútímann og heiðin samfélög á tímum Múhameðs tókst Qutb að skapa andlega tengingu milli múslima nútímans og fagnandi fyrstu kynslóðar múslima. Íslamistar eru pólitískir aðgerðarsinnar með það að



meginmarkmiði að ná völdum og innleiða hugmyndafræði sína við stjórn ríkisins og alls samfélagsins, helst með valdboði að ofan (Gerges, 2007, bls. 12).

Að mati Qutbs var hvaða samfélag sem var, sem tileinkaði sér vestræn gildi og fylgdi ekki samfélagslegri fyrirmynd kóransins, hluti af fáfróða (*Jahiliyyah*) samfélaginu. Þeim hópi tilheyrðu íslömsk samfélög, ekki vegna þess að þau tryðu á og tilbæðu önnur goð samhliða Guði, heldur vegna þess að lífsmáti þeirra væri ekki byggður á undirgefni og hlýðni við Guð. Stjórnvöld í öllum íslömskum ríkjum væru spillt af nútímameningu, jafnvel þó að þau fullyrtu að þau aðhylltust íslam (Lee, 2010, bls. 96). Með þessari umfangsmiklu fordæmingu á íslömskum samfélögum kallaði Qutb afdráttarlaust eftir tortímingu allra stjórnmalaleiðtoga þeirra og afsals alls pólitísks valds til íslamista. Réttlætning fordæmingarinnar var að megintilgangur íslams í heiminum væri að losa samfélagið við stjórnunarlega Fáfræði (*Jahiliyyah*) mannsins og koma henni í hendur þeirra sem færu eftir kóraninum við stjórnun þegnana. Mestu afglöp samfélags væru að innleiða ekki sharía-lög íslams. Án sharía-laga gæti samfélag múslima ekki verið til því lög þess færðu boðskap íslams frá hugmyndafræði og gildum yfir í samfélagslegan raunveruleika (Baker, 2003, bls. 110). Sharía væru því bæði alhliða samfélagslegar og trúarlegar reglur og leiðarvísir sem krefðist algjörar höfnunar samfélagskerfa og laga sem búin væru til af óguðlegum almenningi. Sharía-lög íslams bæri að samþykkja eins og þau væru, allt annað væri trúvillla.

Jihad sem innra stríð mannsins í viðleitni til sinni til að skilja og fara að vilja Guðs var ekki sú túlkun sem Qutb lagði mesta áherslu á (Lee, 2010, bls. 96). Jihad, að mati Qutb, var fyrst og fremst til að heyja árásarstríð í þeim tilgangi að tryggja sigur íslams. Það væri því skylda allra múslima sem gætu tekið þátt, að gera það. Með því að heyja ofbeldisfullt jihad gæti íslam fært út yfirráð sín og endurheimt sess sinn sem völdugasta ríki veraldar. Máli sínu til stuðnings og réttlætningar fyrir því að hvetja til ofbeldis vísaði Qutb ítrekað í helga texta kóransins. Þar sem Qutb var mjög meðvitaður um hernaðarlega yfirburði Vesturveldanna hvatti hann því til óhefðbundinna hernaðaraðgerða og skipulags þar sem ekki væri hægt að heyja stríð augliti til auglitis. Óhefðbundnar hernaðaraðferðir og skipulag gætu því veitt hreyfingum íslamista færi á að koma óvininum að óvörum og þannig náð að jafna aðeins stöðuna. Qutb ýtti einnig undir og lofsamaði og hvatti til píslarvættisdauða þar sem þeir sem tækju þátt í jihad-stríði íslamista yrðu þar með heiðraðir af Guð. Því ætti fólk ekki að sýna eigingirni og ríghalda í jarðneskan heim þegar Guðbiði komu þess í himnaríki. Qutb áleit að enginn leið væri betri til að láta í ljós tryggð sína við Guð og vilja hans en að deyja í hans nafni í baráttunni gegn hinu illa. Píslarvættisdauði myndi ekki einungis færa viðkomandi ríkuleg laun í himnaríki heldur myndi nafn hans verða frægt um allan heim. Allt samfélag múslima myndi bera virðingu fyrir þeim sem látist hefði á hetjulegan hátt og heiðra hann sem einstakling.

Markmið Qutbs afmarkaðist ekki eingöngu við að endurskapa blómlegt íslamskt samfélag. Hann vildi ryðja nútímanum og hugmyndafræði hans úr vegi og stjórnendum hans frá völdum til að greiða leiðina fyrir íslamska hugmyndafræði. Hún myndi tryggja að allir lytuGuði. Um leið og markmiðunum hefði verið náð tæki íslam við yfirráðum heimsins og knúði fram rétta lifnaðarhætti íslams og boðskap þess í krafti stöðu sinnar. Frelsinhugmyndir Qutbs svipta einstaklinginn réttindum sínum og valfrelsi. Ávinningurinn væri að losa einstaklinginn undan veraldlegum freistingum og truflunum í þeim tilgangi að tilbiðjaGuð. Með öflugum trúarlegum orðaforða, nútímalegu tungutaki og hæfni í að tvinna vísindi saman við tærleika íslams náði Qutb að verða einn mesti áhrifavaldur íslamskrar hugmyndafræði og kenninga samtímans.

Segja má að al-Banna, Qutb og al-Zawahiri myndi eins konar þríeyki í kringum starfsemi, hugmyndafræði og hernaðarlega útfærslu á Íslamska bræðralaginu og ítökum og áhrifamætti þess á íslamista og hreyfingar þeirra.

### **4.3 Zawahiri**

Ayman al-Zawahiri hefur haft mikil áhrif á hvernig hugmyndafræði rótækra íslamista hefur verið hrundið í framkvæmd. Hann hefur mikið stuðst við verk Sayyid Qutb og kenningar hans við þá útfærslu. Rætur hans liggja hjá Íslamska bræðralaginu sem hann varð ungur meðlimur að. Hann hefur einnig sótt innblástur annars staðar frá. Al-Zawahiri hefur haft mikil áhrif á mótun Al-Qaeda og var einn af stofnendum hreyfingarinnar (Gerges, 2007, bls. 23). Að skilja al-Zawahiri er að skilja ofbeldismesta form róttæks íslamisma. Innan þess er ekkert pláss fyrir málamiðlanir og algjör ósveigjanleiki í trúnni á að heyja heilagt jihad gegn þeim öflum sem hann áleit vera óvini túlkunar sinnar á róttækum íslamisma.

Al-Zawahiri var fæddur 1951 inn í virta og vel stæða fjölskyldu fræðimanna og klerka og bjó í einu fínasta hverfi Kaíró (Gerges, 2007, bls. 39). Faðir al-Zawahiri var prófessor við virtan háskóla í Kaíró og föðurafi hans var einn af háttsettustu klerkum Al-Azhar háskóla og mosku. Hann var mjög mótfallinn breskri íhlutun og áhrifum en var einnig gagnrýninn á egypsku konungsfjölskylduna. Móðurafi hans var ekki síður áhrifamikill innan samfélagsins þar sem hann var fyrsti aðalritari Arababandalagsins. Al-Zawahiri hefur verið lýst strax frá barnæsku sem trúuðum og einrænum, hæverskum og lítillátum en ósveigjanlegum í deilum. Hann kaus frekar bóklestur, og þá sérstaklega bækur um íslam, en samvistir við jafnaldra sína. Al-Zawahiri gerðist ungur meðlimur í Íslamska bræðralaginu. Hann varð fyrir miklum og djúpstæðum áhrifum af hugmyndafræði og persónu Qutb (Gerges, 2007, bls. 169). Al-Zawahiri einsetti sér snemma að innleiða hugmyndafræði Qutb og koma á íslömsku ríki.

Sayyid Qutb var tekinn af lífi af stjórnvöldum 1966, einungis ári eftir að al-Zawahiri gerðist meðlimur Íslamska bræðralagsins. Í kjölfarið stofnaði al-Zawahiri ásamt fleirum fyrstu jihadista-hreyfinguna 1967 (Gerges, 2007, bls. 37). Al-Zawahiri hóf háskólanám í læknisfræði 1968 og útskrifaðist þaðan 1974 með fyrstu einkunn. Í kjölfarið sérhæfði hann sig í skurðlækningum við sama skóla og lauk því námi 1978. Þaðan hélt hann til Pakistan í doktorsnám í læknisfræði þar sem hann útskrifaðist einnig með fyrstu einkunn. Árið 1979 giftist al-Zawahiri Izzat Ahmed Nuwar, sem einnig var menntuð frá háskólanum í Kaíró.

Al-Zawahiri gerðist meðlimur í íslömsku jihad-hreyfingunni í Egyptalandi 1967. Al-Zawahiri tók þátt í skipuleggja margar hryðjuverkarárásir hennar og varð formlega leiðtogi hreyfingarinnar 1991. Í kjölfar morðsins á Anwar al-Sadat forseta Egyptalands var al-Zawahiri handtekinn og dæmdur í fangelsi fyrir aðild sína að því (Gerges, 2007, bls. 38). Í bók sinni, Riddarar undir fána spámannsins (*Knights Under the Prophet's Banner*) sem gefin var út í kjölfar hryðjuverkaárásanna 11. september 2001, lýsti hann því hve snortinn hann varð af styrk Qutb að biðja Nasser ekki um að þyrma lífi sínu (Gerges, 2007, bls. 38). Einnig lýsir al-Zawahiri því hvernig morðið á Sadat hafi verið kveikjan að frekari áformum um að ráða af dögum háttsetta aðila egypskra stjórnarvalda og ná yfir stjórn landsins. Þau áform gengu ekki eftir, meðal annars vegna þess að hreyfingin naut ekki stuðnings millistéttarinnar (Gerges, 2007, bls. 91). Al-Zawahiri var látin laus úr fangelsi 1984 og fluttist í kjölfarið til borgarinnar Jeddah í Sádi-Arabíu þar sem hann starfaði sem læknir og tók að kynna íslömsku jihad-hreyfinguna utan landamæra Egyptalands. Þar kynntist al-Zawahiri Osama bin Laden og í kjölfarið hófu þeir náið samstarf (Gerges, 2007, bls. 122). Í kjölfarið yfirgaf al-Zawahiri Sádi-Arabíu og fluttist til Afganistans í leit að öruggum stað til að fylgja eftir íslömsku jihad-herferð sinni gegn egypskum stjórnvöldum (Gerges, 2007, bls. 122). Í Afganistan starfaði al-Zawahiri að uppbyggingu höfuðstöðva hreyfingarinnar. Þar var starfrækt umfangsmikið og flókið net æfingabúða, stjórnsýsluleg umsýsla og ráðgefandi nefnd (*Shura Council*) sem hafði hlutverk eins konar framkvæmdastjórnar hreyfingarinnar. Starfseminni hafði verið komið á fót og skipulögð af Abdullah Azzam (Gerges, 2007, bls. 119). Fjármögnun hreyfingarinnar var í höndum Osama bin Laden en einstakir velgjörðarmenn í Sádi-Arabíu höfðu styrkt hreyfinguna um milljónir dollara þegar árásirnar á Tvíburaturnana 11. september 2001 voru gerðar (Gerges, 2007, bls. 109).

Í kjölfar dauða Abdullah Azzam 1989 styrktist samstarf al-Zawahiri og Osama bin Laden til muna. Abdullah Azzam er af mörgum talinn vera lærifaðir Osama bin Ladens og var hvatamaður þess að hann fór að berjast í Afganistan (Gerges, 2007, bls. 120). Azzam var frá Vesturbakkanum í Palestínu og áhrifamikill íslamskur hugmyndafræðingur og fyrrverandi

háskólaprófessor í íslömskum lögum. Hann boðaði bæði varnar- og sóknar-jihad. Þar hvatti hann múslima til að koma til hjálpar og aðstoða trúbræður sína í Afganistan í baráttu þeirra gegn sovéska hernum og innrásarliði þeirra með það að lokamarkmiði að endurvekja Kalífadæmið (Gerges, 2007, bls. 120). Al-Zawahiri og Osama bin Laden ákváðu að egypska jihad-hreyfingin og Al-Qaeda skyldu hvor um sig halda sérkennum sínum. Í kjölfar ósætta Al-Qaeda við stjórn Talíbana í Afganistan fluttu al-Zawahiri og Osama bin Laden starfsemina til Súdans í lok tíunda áratugarins þar sem þeir byggðu hana upp frá grunni. Í Súdan nutu þeir bæði verndar og aðstoðar stjórnvalda. Landið gekk þá í gegnum miklar efnahagslegar hremmingar og hafði Osama bin Laden fjárfest mikið þar. Al-Zawahiri stofnaði einnig Brautryðjendur landvinninga (*Talai'i alfath*) á tíunda áratugnum, í þeim tilgangi að endurvekja hreyfingu íslamska jihad í Egyptalandi. Þannig vildi hann endurvekja þá velgengni sem náð hafði hámarki við morðið á Anwar al-Sadat. Æfingabúðir hreyfingarinnar kenndu ýmiss konar skæruhernað og löðuðu til sín meðlimi frá Súdan, Egyptalandi, Afganistan og ríkjum Norður-Afríku. Meðan á dvöl hans í Jemen stóð var al-Zawahiri viðriðinn röð hryðjuverkaárása á egypsk skotmörk, bæði innan og utan landamæra Egyptalands. Þeirra á meðal var fjöldamorð á ferðamönnum í Luxor í Egyptalandi 1997. Þau vöktu mikla athygli og umfjöllun um allan heim. Fyrir aðild sína að þeim hryðjuverkum var al-Zawahiri dæmdur til dauða af egypskum dómstólum 1999, að honum fjarstöddum.

Til að skilja hvatir sem liggja að baki herskáum og ofbeldisfullum viðhorfum al-Zawahiri er mikilvægt er að gera sér grein fyrir því hvaða íslamistar mótuðu og höfðu áhrif á hann. Eins og fram hefur komið varð al-Zawahiri á æskuárum sínum fyrir miklum áhrifum af kenningum og hugmyndafræði Sayyid Qutb. Í bók sinni Riddarar undir fána spámansins ber al-Zawahiri mikið lof á Qutb og lýsir honum sem einum mikilvægasta einstaklingi í mótun hugmyndafræði Íslamska bræðralagsins. Þar rekur al-Zawahiri hvernig aftaka Qutb olli straumhvörfum í vexti og þróun hreyfinga íslamista þrátt fyrir að stjórn Nassers teldi sig með aftöku hans vera að bæla hana niður og stöðva framgang hennar. Eins rekur hann hvernig hann hafi hjálpað íslam og múslimum að skilgreina óvininn. Hugmyndafræði Qutbs sáði fræjum íslamskrar byltingar með herskáum og ofbeldisfullum aðgerðum, bæði gegn múslimum sem fylgdu ekki boðskap kóransins og heiðingjum. Eins lofaði al-Zawahiri framlag hugmyndafræði hans til egypsku jihad-hreyfingarinnar sem í fyllingu tímans gat af sér alþjóðlegt jihad. Meginframlag Qutbs til íslamista-hreyfinga taldi al-Zawahiri vera fullyrðingu hans og rök fyrir því að fullveldi ríkisins gæti einungis verið í höndum Guðsog algjörar innleiðingar sharía-laga, ásamt áherslu á að allar íslamskar hreyfingar sameinuðu krafta sína með stofnun eins sameiginlegs kjarna alþjólegrar jihad-hreyfingar. Hægt er að fullyrða að al-Zawahiri hafi

verið dyggasti lærisveinn Qutbs (Gerges, 2007, bls. 163). Aðrir kennismiðir sem höfðu áhrif á viðhorf al-Zawahiri og róttæka hugmyndafræði íslamsks jihad voru meðal annars Abdullah Azzam, sem fjallað var um að framan, og Múhameð Qutb yngri, bróðir Sayyid Qutb. Áhrifa Azzam gætir greinilega í hugmyndafræði al-Zawahiri en Azzam var sjálfur undir miklum áhrifum af Sayyid Qutb, í það miklu mæli að hugmyndafræði þeirra skaraðist. Al-Zawahiri var einnig undir áhrifum frá Múhameð Qutb sem hafði töluverð áhrif á hugmyndafræði al-Zawahiri. Múhameð skrifaði bækur sem endurspegluðu að miklu leyti hugmyndafræði bróður hans. Hann ritstýrði jafnframt útgáfu verka bróðurins (Gerges, 2007, bls. 163). Samband Múhameð Qutb og al-Zawahiri var mun nánara og persónulegra en við aðra þá sem höfðu áhrif á al-Zawahiri þar sem þeir þekktust og höfðu dvalist samtímis í Sáði-Arabíu en þar kenndi Múhameð íslömsk fræði.

Mikilvægt er að fá sem gleggsta mynd af hugmyndafræðinni sem al-Zawahiri setti saman og lifði í samræmi við. Í Riddarar undir fána spámansins segir al-Zawahiri frá því að hann hafi byrjað að setja saman heildarhugmyndir sínar um alþjóðlegt íslamskt jihad á seinni hluta níunda átatugarins, í Peshawar, Pakistan. Reynslan þaðan og síðar í Afganistan veitti honum mikilvæga innsýn inn í það hvernig best væri að stjórna alþjóðlegri jihad-hreyfingu og starfsemi hennar. Al-Zawahiri taldi mikilvægt fyrir slíka hreyfingu að hafa yfir að ráða staðbundnu landsvæði sem gæti þjónað tilgangi eins konar útungunarstöðvar nýrra jihad-bardagamanna og þannig séð hreyfingunni fyrir nýju blóði í baráttu hennar gegn Fáfæði. Mið-Austurlönd voru álitlegasta staðsetning slíks samastaðar en þar sem slík aðstaða var ekki í boði þar þjónaði Afganistan því hlutverki. Þar varð til fyrsta raunverulega alþjóðlegi jihad-herinn (Gerges, 2007, bls. 163). Al-Zawahiri lagði áherslu á mikilvægi þess að þessir ungu jihad bardagamenn leituðust einungis eftir innblæstri og hvatningu í hugmyndafræði og gildi íslamista og höfnuðu hugmyndafræði þjóðríkisins, þar sem múslimar skyldu einungis sameinast undir Guðisem leiðtoga þeirra og því væru allir þeir sem berðust undir öðrum formerkjum óvinir.

Með ofangreindum hætti gæti jihad sigrast á öllum stórveldum, þar sem múslimar alls staðar að mynduðu alþjóðlegt bandalag sem væri nægilega öflugt til að sigrast á óvininum. Einnig hvatti al-Zawahiri efnaða múslima um allan heim að veitta stuðning í jihad-stríðinu í Afganistan. Al-Zawahiri gerir grein fyrir heimssýn um jihad, bæði út frá hugmyndafræði sinni og starfssviði sínu og menntun, og greinir aðstæðurnar bæði á alþjóðlega vísu en einnig sérstaklega út frá Egyptalandi í þeim tilgangi að skilja rötina að þeim vanda sem hrjáir íslamskar þjóðir. Megintilgáta hans fyrir orsökum þess vanda sem íslam og múslimar stæðu frami fyrir á alþjóðavísu var sá að alþjóðasamfélagið væri fjandsamlegt íslam vegna þess að

herská íslamista-hugmyndafræðin ógnaði vestrænum yfirráðum, ítökum, heimsmynd og völdum í Mið-Austurlöndum. Heimspressan, alþjóðleg velferðasamtök og alþjóðafyrirtæki arðrændu auðlindir í Mið-Austurlöndum og væru þátttakendur í vopnainnflutningi í hagnaðarskyni. Sú háttsemi gerði stjórnvöldum og stjórnmalaleiðtogum hliðhollum vestrænum öflum kleift að viðhalda völdum sínum og þar með hamla velferð almennings og hindra hann í að lifa samkvæmt sönnum boðum kóransins og íslam. Í þessu sambandi er mikilvægt að halda til haga því lykilhlutverki sem Bandaríkjamenn og Rússar sem léku í stríðinu í Afganistan, Rússar sem innrásaraðilar og Bandaríkin og Sáði-Arabía sem fjármögnunaraðilar. Þar berðust afganskir sjálfboðaliðar með blessun þeirra (Gerges, 2007, bls. 102). Því var al-Zawahiri samfærður um að eina leiðin til að berjast gegn þessari ógn væri að heyja alþjóðlegt jihad. Staðbundið jihad í einstaka ríki hafði mistekist því jihad-bardagamennirnir höfðu ekki verið undirbúnir fyrir það að berjast gegn stjórnvöldum, né fengið nægan utanaðkomandi stuðning annarra jihad-bardagamanna. Stjórnvöld þessara ríkja ættu hins vegar greiðan aðgang að stuðningi vestrænna ríkja vegna sameiginlegra hagsmuna þeirra að viðhalda núverandi stjórnar- og valdafyrirkomulagi. Einnig væri mikilvægt að hefna þess óréttlætis, þjáninga og blóðbaðs sem höfuðþaurar þeirra verka höfðu kallað yfir almenning og lönd múslima. Þar voru Bandaríkin, Rússland og Ísrael fremst í flokki. Áriðandi væri að þær hefndir og stríð ættu sér stað innan landamæra ofangreindra ríkja svo að almenningur þar gæti fundið hvernig það væri að þurfa að þola viðstöðulausar árásir eins og þær sem múslimar höfðu orðið fyrir í sínum eigin ríkjum. Því væri mikilvægt að árásirnar væru gerðar með það fyrir augum að sem mest mannsfall yrði og skotmörkin væru valin með það fyrir augum að valda sem mestri sundrunu á meðal almennings þannig að álitshnekkir hlytist af. Það væri eina tungumálið sem óvinurinn skyldi. Í því skyni skiluðu sjálfsmorðsárásir einna mestum árangri. Líkt og Qutb leit al-Zawahiri svo á að ósvikið íslamskt ríki þyrfti að fela í sér endurupptöku kalífadæmisins þar sem leiðtoginn stjórnaði bæði andlegum og veraldlegum málefnum í umboði Guðs. Ekki væri þó rétt að saka almenning um hvernig komið væri fyrir íslam og samfélögum þeirra. Sú ábyrgð væri alfarið viðkomandi stjórnvalda og klerka. Al-Zawahiri líkt og Qutb er ekki ragur við að tjá hatur sitt og vanþóknun á bandarískum stjórnvöldum og hefur ítrekað ásakað þau og bandamenn þeirra um að standa að standa að aðför og samsæri gegn múslimum um allan heim. Eins og Qutb taldi al-Zawahiri borgaralega menningu vestræns heims ekki samrýmast boðskap íslams og því ættu þessir tveir heimar ekki samleið.

Seinna Persaflóastríðið 1991 olli mörgum Arabaríkjum og leiðtogum þeirra miklum erfiðleikum, veikti lögmæti stjórna þeirra og ógnaði hagsmunum þeirra og vestrænna

bandamanna. Stjórnvöldum í Sádi-Arabíu stafaði veruleg ógn af því ástandi sem skapaðist í kjölfar þess stríðs. Millistéttaröflum í landinu fannst ekki mikið koma til stjórnvalda sem þurftu að hleypa hundruðum þúsunda erlendra hersveita inn í landið svo að það gæti varist yfirvofandi árás meðan trúarleg öfl álitu að helgasti staður íslams hefði verið alvarlega vanhelgaður af stjórnvöldum með því að hleypa heiðingjum og hersveitum þeirra inn í Sádi-Arabíu (Eickelmann og Piscatori, 1994, bls. 61). Ákveðin kaflaskil urðu í því stríði þar sem Bandaríkin höfðu áður verið mun varkárari. Bandarísk stjórnvöld höfðu áður gert sitt ýtrasta til að gæta hagsmuna sinna á bakvið luktar dyr með milligöngu vinveittra stjórnvalda viðkomandi ríkja, eins og þau höfðu tamið sér í stjórnartíð Hosni Mubarak í Egyptalandi. Nú voru Bandaríkin hins vegar komin í bein átök fyrir allra augum við ríki múslima til að verja olíuhagsmuni sinna. Afstaða al-Zawahiri gagnvart ríkjum Vestur-Evrópu og bandamanna Bandaríkjanna er ekki jákvæð. Hann álitur þau leggja sig fram um að skerða lífsgæði múslima sem þar búa. Al-Zawahiri hefur lýst því yfir að öll lönd í Evrópu sem hefðu á einhverjum tímamarki verið undir yfirráðum múslima skyldu tafarlaust færð aftur í hendur múslima og undir íslamska stjórn. Rússland að mati al-Zawahiri væri einnig óvinur íslams og alþjóðlegs jihads. Hins vegar batt hann vonir við að tjetjenskir jihad-uppreisnarmenn íslamista næðu að frelsa landsvæði Kákasus úr höndum Rússa. Nú virðist svæðið vera undir stjórn hófsamra andspyrnuhreyfinga múslima (Gerges, 2007, bls. 124-125).

Stofnun Ísraelsríkis 1948 hefur skapað mikla spennu í Mið-Austurlöndum og valdið stjórnvöldum þar miklum erfiðleikum, bæði í samskiptum þeirra við bandarísk stjórnvöld og Ísraelsríki, en ekki síður gagnvart almenningi í ríkjum Mið-Austurlanda sem hefur verið afar ósáttur við Ísraelsríki og þá áþján sem Palestínumenn og trúbræður þeirra hafa þurft að þola.

Líkt og hjá Hasan al-Banna og Sayyid Qutb var hugmyndafræði al-Zawahiris undir sterkum áhrifum af andgyðinglegum skoðunum. Hlutverk Ísraelsríkis væri einungis að gæta vestrænna hagsmuna á svæðinu og væri því heppilega staðsett til árása á nágrennaríki þess þegar og ef hagsmunum Vesturlanda væri best þjónað með þeim hætti. Sama mátti segja um al-Azhar, klerka þess og fræðimenn þar sem þeim væri stýrt af stjórnvöldum. Væru þeir valdir sjálfstætt úr fræðasamfélagi þeirra taldi al-Zawahiri að þeir létu stjórnast af íslam og boðskap þess, í stað hagsmuna og boðskapar stjórnvalda (Abdo, 2000, bls. 50-51). Al-Zawahiri er ekki einn um þessa skoðun gagnvart al-Azhar þar sem margir hugmyndafræðingar íslamista telja einmitt að ástæða þess hvernig komið er fyrir íslam og múslimum í heiminum sé vegna þess að stjórnvöld og leiðtogar þeirra hafi afvegaleiðst í spillingu, yfirgefið íslam og stefnt þannig samfélögum þeirra og almennum borgurum í glötun. Þeir einu sem hafi reynt að sporna gegn þeirri þróun væru jihad-bardagamenn íslam.

Enginn vafi er á því að rætur al-Zawahiri eru í Íslamska bræðralaginu og þeirri hugmyndafræði sem þar var mótuð, sér í lagi hugmyndum Sayyid Qutb. Eigi að síður hefur hann verið mjög gagnrýnin á Íslamska bræðralagið og þá braut sem það hefur sveigt inn á. Hann hefur fullyrt að hreyfingin virðist í meginatriðum vera búin að setta sig við að starfa innan ramma lýðræðis, þrátt fyrir að sú hugmyndafræði sé algjörlega andstæð boðskap íslams þar sem þar sé fullveldið í höndum Guðs. Þannig væri Íslamska bræðralagið búíð að gefast upp gegn ríkjandi stjórnarfyrirkomulagi og hefði yfirgefið jihad í baráttu sinni gegn Fáfræði (Jahyyili) sem leið til að koma á íslömskum stjórnvöldum. Efnishyggja væri því farin að stjórna gjörðum Íslamska bræðralagsins í stað göfugra markmiða íslams. Meginástæður þess að ungt fólks gengi til liðs hreyfinguna væru ekki löngun til að stuðla að breyttri þjóðfélagsgerð undir handleiðslu Guðsheldur von um að hljóta efnahafslegan ávinning þar sem Íslamska bræðralagið hefði yfir að ráða miklum efnahagslegum styrk. Al-Zawahiri taldi Íslamska bræðralagið stjórnunarlega vel þróað en hefði hugmyndafræðilega hefði það sveigt af leið. Brýnt væri að unga kynslóðin einbeitti sér að endurvakningu íslams í samfélaginu, með áherslu á endurupptöku sharía-laga þar sem fyrsta kynslóð múslima væri höfð til fyrirmyndar hins íslamska samfélags. Með slík markmið að leiðarljósi taldi al-Zawahiri að unga kynslóðin gæti endurheimt sjálfsvirðingu sína og stolt. Sá kostur væri mun ákjósanlegri en sú niðurlægjandi staða sem vestrænn menningarheimur hafi ætlað þeim.

Al-Zawahiri er af mörgum talinn vera einn áhrifamesti hugmyndafræðingur Al-Qaeda-hreyfingarinnar. Enginn vafi er á því að hlutverk hans innan Al-Qaeda er stórt. Hins vegar sleit hann barnsskóm sínum innan Íslamska bræðralagsins og varð fyrir miklum áhrifum og mótun af róttækri íslamsista-hugmyndafræði Sayyid Qutb. Helsta framlag al-Zawahiri til hugmyndafræði íslamista hefur verið að taka róttæka hugmyndafræði Sayyid Qutb og koma henni í notkun. Því gegndi al-Zawahiri lykilhlutverki í þróun Íslamska bræðralagsins og annarra hreyfinga íslamista.



## 5. Ólýðræðisleg samfélagsgerð

### 5.1 Frjósamur jarðvegur ólýðræðislegra afla

Til að skilja hvers vegna boðskapur Íslamska bræðralagsins og fleiri hreyfinga íslamista nær fótfestu í samfélaginu er nauðsynlegt að skoða aðstæður almennings í Egyptalandi sem hafa allt frá stofnun hreyfingarinnar verið afar bágur. Sama er að segja um mörg önnur ríki Mið-Austurlanda, meðal annars af því að flest lönd á svæðinu tilheyrðu tyrkneska heimsveldinu sem liðaðist í sundur við lok fyrri heimsstyrjaldarinnar. Í kjölfarið var ríkjum þess og svæðum skipt milli vestrænna ríkja. Seinni heimstyrjöldin og samningar sem gerðir voru meðan á henni stóð og í kjölfarið settu líka mark sitt á aðstæður á svæðinu. Íslamska bræðralagið og margar aðrar íslamskar hreyfingar spretta upp úr þessum jarðvegi. Atburðarásin í framhaldinu hefur gert að verkum að egypskt samfélag er í ákveðinni tilvistakreppu. Vanmáttartilfinningar virðist gæta meðal almennings, sem miðar sig við vel stæð og tæknilega þróuð Vesturlönd. Sameinuð arabísk hreyfing spratt upp um miðja síðustu öld og bauð upp á möguleika til að leiðrétta ástandið. Hún náði þó ekki árangri, meðal annars vegna skorts á samheldni Araba, ósættis milli stjórnvalda landanna og hernaðarlegra ósigrá Arabalandana gegn hinni smáu „vestrænu“ þjóð Ísrael. Ósigurinn í Sex daga stríðinu 1967 jók einnig til muna íþyngjandi vanmátt Araba gagnvart Vesturlöndum. Segja má að það hafi markað endalok hugmyndafræðinnar um sameinuðu arabísku hreyfinguna (Magnús Bernharðsson, 2005, bls. 83). Þar við bættist missir Vesturbakkans og vandamál palestínskra flóttamanna sem ekki tókst að leysa á viðunandi hátt. Þessir þættir ýktu enn frekar slæma sjálfsmynd Araba og þá tilfinningu að þeir hefðu brugðist. Þetta hefur gert að verkum að þegar múslimar líta til fortíðar og rifja upp gullöld Araba undir íslamskri stjórn, hvort sem það stenst söguskoðun eða ekki, veitir það Íslamska bræðralaginu og öðrum hreyfingum íslamista sterkt aðdráttarafl.

Annað sem virðist eiga þátt í uppgangi Íslamska bræðralagsins er upplifun almennings á brestum í veraldlegri hugmyndafræði sem tengist Vesturlöndum. Í grósku nýlendusjálfstæðis reyndu mörg ríki í Mið-Austurlöndum á yfirborðslegan hátt að líkja eftir Vesturlöndum eða Sovétríkjunum, bæði hvað varðar stjórnarfar og í efnahafslegu tilliti. Árangurinn var oftast nær afleitur, hvort sem litið er til iðnaðar, landbúnaðar eða almenns efnahags. Þessir stjórnarhættir höfðu yfirbragð þjóðernishyggju og sums staðar bættust við íslamskir drættir, til að hjálpa til við að efla lögmæti stjórnvalda. Niðurstaðan varð oft og tíðum úrkynjaðar sósíalískar einræðisstjórnir sem mistókst einnig að sjá fyrir almenningi. Almenningur í

Egyptalandi hefur í áratugi þurft að horfa upp á mislukkaða vestræna hugmyndafræði í stjórnarfari landsins. Margir múslimar telja því eftir litlu að slægjast á Vesturlöndum, að undanskyldum tækni og vísindum. Fyrir almenning, sem ekki hefur haft um neitt annað skipulagt andstöðuáfl að velja, er freistandi að líta á íslam sem grunninn að nýju réttlátu þjóðfélagi og lausn þeirra vandamála sem önnur hugmyndafræði hefur ekki náð að leysa.

Yfiringangur og vanvirðing Vesturlanda í garð íslams, menningar þess og gilda átti einnig þátt í því hversu móttækilegur almenningur var í garð boðskapar Íslamska bræðralagsins. Þegar vestræn menning hélt innreið sína lét fyrirbyggjandi samfélagsgerð, sem mótuð var af íslam, undan og úr varð eins konar skopstæling af Vesturlöndum. Fyrir marga Egypta hefur Íslamska bræðralagið því á margan hátt verið eini fulltrúi andsvarsins gegn siðleysi og úrkynjun samfélagsins, af völdum vestrænna áhrifa. Íslamska bræðralagið er á þann hátt eins konar holdgervingur tilrauna til að snúa við því sem túlkað hefur verið sem mengun íslamskrar menningar af vestrænum áhrifum. Þó er íslam í túlkun Íslamska bræðralagsins ekki á móti öllu því sem vestrænt er. Hreyfingin eins og Sayyid Qutb var afar hlynnt vestrænni tækni og þekkingu en lagði áherslu á að hún væri nýtt í þágu íslamsks samfélags. Hana mætti einungis nota ef hún væri ekki á skjön við íslam og túlkanir bræðralagsins á boðskap þess.

Yfirstétt landsins hefur misst allt lögmæti og trúverðugleika í augum almennings en virðist ekki tilbúin að horfast í augu við að vitjunartími hennar nálgist hratt. Þessi valdastétt hefur haldið um stjórnartauma landsins um áratugaskeið og í skjóli valdsins hefur hún auðgast gríðarmikið. Beinn aðgangur og ítök í stofnunum ríkisins ráða mestu þar um, umsvif í atvinnulífnum og hagsmunir tengdir allflestum afkimum þess. Í flestum ríkjum Mið-Austurlanda er nú mikið umrót í samfélaginu með auknum áhrifum íslamskra hreyfinga. Þau eiga sammerkt með Egyptalandi að hafa um langt skeið verið undir stjórn eins flokks, einræðisherra eða einhvers konar einræðis og ógnarstjórnar sem staðið hefur í skjóli Vesturveldanna og hagsmuna þeirra. Egypsk stjórnvöld hafa því sögulega haft veikt umboð og streist á móti kröfum almennings um að opna hið pólitíska ferli. Slíkar breytingar myndu óhjákvæmilega fela í sér hættu á að þau misstu völd sín. Þannig hafa þau hamlað gegn eðlilegri stjórnmalapróun og styrkt stöðu ólýðræðislegra íslamista-hreyfinga.

Til að halda vaxandi óánægju almennings í skefjum hafa Mubarak og fyrirrennar hans, og nú al-Sisi, þurft að bregðast við af vaxandi hörku, valdniðslu og ofbeldi. Orsakir óánægjunnar má rekja til efnahagslífsins. Það er aðalástæða þess að almenningur hefur flykkst út á götur til að mótmæla. Stjórnvöldum hefur ekki tekist að útfæra farsælar efnahagslegar og félagslegar aðgerðir. Egypsk stjórnvöld og leiðtogar þeirra hafa þess að auki verið mörkuð af spillingu og vanhæfni sem hefur aukið enn frekar á vantraust í þeirra garð og vonleysi almennings. Með

Því að hefta útbreiðslu fjölbreyttrar flóru borgaralegra stjórnmalahreyfinga og þátttöku almennings í þeim juku stjórnvöld aðeins aðráttar afl Íslamska bræðralagsins og annarra hreyfinga íslamista. Eini vettvangurinn fyrir óánægju og andstöðu við stefnu stjórnvalda er innan veggja moskunnar. Starfsemin þar er oft í höndum frjálsra félagasamtaka eins og Íslamska bræðralagsins sem þannig hafa fengið mikið forskot við að móta áheyrendur sína og miðla skoðunum sínum og markmiðum. Vegna sterkrar stöðu Íslamska bræðralagsins í stjórnartíð Mubarak tóku stjórnvöld að velja sér aðstoðarmenn úr röðum einstaklinga tengdum Íslamska bræðralaginu. Markmiðið var að auka lögmæti sitt meðal hreyfinga íslamista og koma þannig til móts við andstöðuöfl í von um að kaupa sér frið. Árangurinn var þó takmarkaður. Þó almennt líti þau á íslam sem ógn við stjórnaröryggi sitt og heftandi fyrir framfarir hafa stjórnvöld bæði í stjórnartíð Sadats og Mubarak reynt að ná tökum á trúarlegri umræðu með því að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald á moskum, sem og með því að bæði skipa og borga laun opinberu prestastéttarinnar. Í stað þess að veita stjórnvöldum lögmæti hafa þessar aðgerðir haft þær afleiðingar að almenningur hefur efasemdir um lögmæti klerka og hefðbundinna opinberra íslamskra stofnana, þeirra á meðal al-Azhar.

Annar þáttur sem skýrt getur uppgang Íslamska bræðralagsins eru aðstæður og lífsskilyrði ungu kynslóðarinnar. Tækifæri hennar og framtíðarhorfur eru ekki til þess fallin að auka bjartsýni. Mikill fjöldi ungs fólks sér fram á að vera atvinnulaust eða í störfum sem krefjast færni og menntunar sem er mun minni en hún hefur aflað sér. Margir sjá ekki fram á að geta fengið vinnu að háskólanámi loknu. Ef vinna býðst er hún svo illa launuð að einstaklingar geta varla séð sjálfum sér farborða, hvað þá flutt að heiman og stofnað eigin fjölskyldu. Þá hafa breytingar á alþjóðlegu efnahagsumhverfi haft mikil áhrif á afkomu egypska ríkisins með þeim afleiðingum að mjög er þrengt að félagslegum úrræðum stjórnvalda. Þessar aðstæður hafa veikt samskipti stjórnvalda við almenning, sér í lagi ungu kynslóðina. Áður fyrr niðurgreiddi ríkið ýmsar nauðsynjar en sú aðstoð er ekki lengur til staðar. Það hefur haft mikil áhrif á almenning, aukið til muna bilið milli ríkra og fátækra og skert lífsgæði millistéttarinnar. Hrun heimsmarkaðsverðs á olíu, frá byrjun níunda áratugar tuttugustu aldar, hefur einnig dregið út tækifærum Egypta til að sækja sér vel launuð störf í olíuauðugum grannríkjum við Persaflóann. Afleiðingarnar eru þær að stjórnvöld finna fyrir aukinni pressu frá menntamönnum sem hvergi fá vinnu og stórfjölskyldum þeirra sem gátu reitt sig á peningasendingar frá fjölskyldumeðlimum í hálaunastörfum í olúríkjum.

Misheppnuð iðnaðar- og landbúnaðarstefna hefur skilið landið eftir í efnahagslegum sárum. Í vanþróuðum ríkjum er fæðingatíðni einatt há og þannig er ástatt í Egyptalandi.

Samhliða efnahagsvandnum hefur há fæðingartíðni og búferlaflutningar frá sveitum til borga fjölgað gríðarlega fólki sem býr við bág skilyrði og lélegan húsakost í þéttbýli. Alvarlegur húsnæðisskortur hefur því einnig orðið í borgum landsins. Úrræði stjórnvalda við brýnum húsnæðisvanda hafa verið fá og almenningur brugðið á það ráð að byggja ólögleg hús. Heilu göturnar og hverfin hafa þannig byggst upp. Efnahags-, landbúnaðar- og menntastefna Nassers tókst ekki sem skyldi. Aðeins fáum Egyptum hefur vegnað vel og þá oftast vegna opinberra tengsla eða spillingar. Meirihluta almennings bíður í flestum tilfellum óljós og dapurleg framtíð. Bág staða egypskis samfélags, bæði í efnahagslegu tilliti og andlegs ástands almennings, er auðvelt að skilja aðdráttarafl hreyfinga á borð við Íslamska bræðralagið sem boðar breytta sýn og nýja stjórnunarhætti. Á sjötta, sjöunda og byrjun áttunda áratugar síðustu aldar voru Marxistar og Þjóðernishreyfingar Araba í fararbroddi þeirra sem mótmæltu ríkjandi stjórnarháttum og kröfðust breytinga. Á því varð hins vegar breyting þegar samarabíska hreyfingin liðaðist í sundur í kjölfar ósigurs Arabaríkjanna í sameiginlegu stríði þeirra við Ísraelsríki 1967, sem fyrr segir. Samhliða ósigrinum varð vart vitundarvakningar um að Marxisminn hefði ekki skilað árangri og uppfyllt þær væntingar sem gerðar voru til hans. Í kjölfarið virðist almenningur hafa snúið sér að hugmyndafræði íslamista á borð við þá sem Sayyid Qutb boðaði og þannig hengt allar vonir sínar um bætt lífsgæði á hana. Vegna trúarlegs yfirbragðs Íslamska bræðralagsins hafa margir tengt aðdráttarafl hreyfingarinnar til þess að hún sé í grundvallaratriðum trúarleg. Margt bendir til að svo sé ekki. Líklegra er að skipulögð hugmyndafræði laði til sín fólk, svo og aðstaða til að mótmæla núverandi ástandi og bjóða upp á félagslega þjónustu og andlega huggun sem stjórnvöld hafa ekki veitt. Félagsmönnum Íslamska bræðralagsins finnst þeim tilheyrja hópi sem skiptir máli, veitir þeim sjálfsvirðingu og sér þeim fyrir félagslegri þjónustu og störfum ásamt því að fullnægja trúarlegum þörfum þeirra.

Saga og menning Egyptalands er stórbrotin og spannar árpúsundir. Þar gætir menningarlegra áhrifa víða að sem mótað hafa samfélagsgerð Egyptalands. Innreið íslams og Araba hafði hins vegar meiriháttar áhrif á nútímasamfélag Egyptalands. Þrátt fyrir mikilfenglega forna menningu og glæsta sögu er sjálfsmýnd og ímynd Egypta mikið löskuð. Egypskir leiðtogar frá því að Farouk, síðasti konungur Egyptalands hrökklaðist frá völdum, eru nátengdir þróun Íslamska bræðralagsins. Því er mikilvægt í þessu samhengi að fjalla um stjórnarfar þeirra og arfleifð. Tímabilið er markað miklum umbrotum og kom fyrsti Þjóðernishópurinn fram á sjónarsviðið í byrjun tuttugustu aldarinnar undir áhrifum vestrænt menntaðra embættismanna og íslamskra leiðtoga. Þjóðernishreyfingin í Egyptalandi styrktist til muna þegar hún barðist samhliða Bretum í fyrri heimstyrjöldinni. Fyrir þann stuðning gáfu

Bretar Egyptalandi loforð um fullt sjálfstæði. Þeir efndu það loforð ekki að fullu eftir stríðið sem ýtti mjög undir gremju Egypta á síðari hluta þriðja áratugarins og í byrjun þess fjórða. Afleiðingar svikanna urðu þau að Íslamska bræðralagið öðlaðist aukin áhrif í Egyptalandi, á undiröldu þeirrar gremju, þrátt fyrir að stjórnvöld gerðu hvað þau gætu til að bæla þau niður.

Við upphaf seinni heimsstyrjaldarinnar gerðu Bretar Egyptaland aftur að verndarsvæði sínu enda stafaði ógn af Þjóðverjum og Ítölum í Norður-Afríku og við Miðjarðarhafið. Afnot bandamanna af Egyptalandi sem herstöð meðan á stríðinu stóð og áframhaldandi áhrif Breta á málefni Egypta urðu til að sá fræjum óánægju meðal almennings. Vera Breta í landinu eftir lok seinni heimsstyrjaldarinnar ásamt niðurlægjandi ósigri Egypta gegn Ísrael í stríðinu 1948 hafði þær afleiðingar að stofnuð voru þjóðernisleg en jafnframt leynileg Samtök hinna frjálsu liðsforingja. Með stuðningi hersins náðu samtökin að sannfæra Farouk Egyptalandskonung um að segja af sér í júlí 1952 og fara í útlegð. Tveimur árum síðar var konungsveldið lagt niður. Gamel Abdel Nasser, einn af fyrirliðum liðsforingjanna, tók yfir stjórn landsins og náði fljótlega öllum völdum (Little, 2004, bls. 163). Markmið Nassers voru háleit. Hann vildi endurreisa stöðu og virðingu Egyptalands, útrýma erlendum yfirráðum og gera landið að leiðandi aflu í Arabaheiminum (Little, 2004, bls. 168). Til að hrinda þessum markmiðum í framkvæmd kom Nasser á fót borgaralegri þjóðernisstjórn en frestaði ótímabundið frjálsum kosningum í landinu (Little, 2004, bls. 165). Í byrjun valdatíðar sinnar umbar Nasser Íslamska bræðralagið til að friðþægja óvini stjórnarinnar og skapa sér nauðsynlegt svigrúm til framkvæmda. Innan tveggja ára áleit Nasser sig hins vegar vera orðinn nógu öruggan til að snúast gegn þessum fyrrverandi bandamönnum. Þeir voru þá orðnir einu pólitísku andstæðingar hans þar sem hann hafði nýtt tímann vel við að koma öðrum andstæðingum frá.

Nasser hafði mikinn pólitískan metnað fyrir sína hönd og Araba. Hann og átti sér þann draum að sameina Araba-heiminn eins og Íslamska bræðralagið en samkvæmt annarri hugmyndafræði og undir sinni forystu. Honum til mikilla vonbrigða tókst honum það ætlunarverk sitt aldrei. Með sigri Ísraelsmanna á sameinuðum herjum Araba í sex daga stríðinu 1967 var úti um sameinuðu Arabísku hreyfinguna sem Nasser hafði verið í forsvari fyrir.

Lífsgæðum í Egyptalandi hrakaði til muna á tveggja áratuga valdatíð Nassers. Minnkandi landbúnaðarframleiðsla, fátækt og óheft fólksfjölgun, stórfelldur flutningur almennings til borga og stöðnun í nútímaatvinnusköpun hrjáði landið. Í stjórnartíð Nassers var líka algjör skortur á lögmætri pólitískri stjórnarandstöðu gagnvart stjórnvöldum. Samfélagsleg tilvistar-  
kreppa og menningarlegur ágreiningur milli íslamskra hefða og borgaralegra viðhorfa lögðu grunninn að ört vaxandi andstöðu Íslamska bræðralagsins við stjórnvöld. Einungis grimmileg

bæling Nassers á meðlimum þess og öðrum hópum íslamista, ásamt persónulegum vinsældum hans meðal almennings, hélt ástandinu stöðugu (Cole, 2009, bls. 56). Eftir dauða Nassers 1970 kom það því í hlut eftirmanns hans að takast á við aðkallandi vandamál sem hrannast höfðu upp og orðið erfiðari úrlausnar sökum aðgerðarleysis stjórnvalda meðan á valdatíð Nassers stóð.

Sem varaforseti Egyptalands varð hinn lítt þekkti Anwar al-Sadat forseti Egyptalands við andlát Nassers. Egypska þjóðin syrgði hann mikið þar sem hann hafði verið gæddur miklum persónutöfrum og átt auðvelt með að hrífa fólk með sér. Sem varaforseti hafði Sadat ekki verið mikils metinn. Hann tók fljótt og af mikilli hörku til við að setja mark sitt á Egyptaland. Sadat var jafnþekktur sem hægrimaður og Nasser hafði verið þekktur sem vinstri maður (Cole, 2009, bls. 62). Fljótlega eftir að Sadat komst til valda hóf hann að leiðrétta það sem hann leit á sem mistök forvera síns, þar á meðal ofurtraust hans á Sovétmönnum og óhóflega íhlutun ríkisins í efnahagslífinu, ásamt því að hafa mistekist að semja um viðunandi arabíska stefnu varðandi Ísraelsríki. Sadat kynnti eins konar leiðréttingu á byltingunni sem hann áleit að héldi aftur af Egyptalandi (Cole, 2009, bls. 62). Árið 1972 skipaði hann svo stórum hluta sovéskra ráðgjafa úr landi. Þá gekk eftir það sem hann hafði gert ráð fyrir, að Bandaríkin launuðu honum þessa sjálfstæðisyfirlýsingu (Khalidhi, 2009, bls. 29). Stærsti alþjóðlegi sigur Sadats kom þó nokkrum árum seinna þegar hann ferðaðist til Ísraels til að ávarpa Knesset Ísraelsmanna. Upp úr því var Camp David samkomulagið undirritað og friðarverðlaun Nóbels komu í hans hlut (Khalidhi, 2009, bls. 137). Heimurinn lofuðu Sadat fyrir framtak sitt en Araba-heimurinn sniðgekk Egyptaland. Það hugsaði augljóslega aðeins um landamæri sín við Ísrael í stað þess að leita heildstæðra lausna á deilunni, fyrir allan arabíska heiminn (Khalidhi, 2009, bls. 134-136). Bæði Nasseristum, Íslamska bræðralaginu og öðrum hreyfingum íslamista innan Egyptalands gramdist einnig liðlegheitin sem Sadat sýndi Ísraelsríki.

Mestu mistökin gerði Sadat í innanríkisstefnu sinni. Liður í leiðréttingum hans á stefnu Nassers var stofnun svokallaðs infitah-kerfis 1974 en infitah þýðir opnun og vildi Sadat opna egypska hagkerfið og innleiða meiri kapitalisma á skjön við sósíalískar hugmyndir Nasser, einskonar einkavæðingu. Það var sett á laggirnar í þeim tilgangi að komast út úr sósíalísku efnahagskerfi Nassers og hvetja til erlendra fjárfestinga, tækniframfara og aukins iðnaðar. Þannig átti infitah sem Sadat kom á að færa Egyptalandi efnahafslegan bata og uppgang. Reyndin varð allt önnur. Í stað þess að færa egypskum almenningi efnahagslega velmegun gerði kerfið það að verkum að takmarkaður hópur auðgaðist verulega, lítil spillt yfirstétt, sérstaklega þeir sem voru tengdir Sadat, eins og fjölskylda hans og nánustu ættingjar og vinir. Á meðan var allur almenningur skilinn eftir í efnahagslegu moldviðri. Leiðrétting Sadats á því

sem hann taldi hafa verið misbrestir í stefnu Nassers reyndist honum mun hættulegra en hann gerði sér í hugarlund þó að eftir á að hyggja sé auðvelt að spyrja hvernig honum hafi ekki mátt vera ljóst hverjar afleiðingar gjörða hans yrðu. Skýringanna er meðal annars að leita í stjórnarháttum Nassers en í stjórnartíð sinni hafði hann niðurgreitt matvörur, rafmagn, almenningssamgöngur og húsnæði sem hluta af félagslegu samningi við egypskan almenning. Þegar Sadat dró úr niðurgreiðslum á matvælum 1977, vegna þrýstings frá alþjóðlegum lánadrottnum, hleypti hann af stað miklum mótmælum og leysti úr læðingi óánægju sem kraumaði rétt undir yfirborðinu. Á endanum sá Sadat að sér og boðuðum verðhækkunum var aflýst. Hann hafði hins vegar fjarlægst almenning enn frekar með boðuðum aðgerðum, sem urðu þess valdandi að almenningur áleit hann ekki hafa hagsmuni hans og velferð að leiðarljósi.

Sadat leyfði stjórnmalapáttöku annarra flokka og umbar andstæð viðhorf og reyndust þær breytingar farsælli en efnahagsstefna hans. Árið 1973 lét hann lausa úr fangelsi meðlimi Íslamska bræðralagsins. Eins lagði hann blessun sína yfir stofnun bæði íslamsks og vinstri andstöðuflokks 1975. Hans eigin flokkur, Bandalag arabískra jafnaðarmanna (*Arab Socialist union*), sem var endurskírður Lýðræðislegi þjóðarflokkurinn (*National Democratic Party*) 1978, hélt fast um valdataumana í þjóðfélaginu. Starfsleyfi og hugmyndafræðilegt eðli þessara tveggja stjórnarandstöðuflokkana virðist einungis hafa verið ætlað að þjóna því hlutverki að vera mótvægi hvor við annan og veita þannig flokki Sadats og stjórn hans nægt andrými til að stjórna án teljandi truflana. Við lok áttunda áratugarins voru aðstæður í Egyptalandi orðnar þannig að stuðningur við Íslamska bræðralagið og aðrar íslamskar hreyfingar var algjör. Þrátt fyrir að Sadat væri virtur á Vesturlöndum var álit fleiri og fleiri Egypta á heimsþekktum leiðtoga sínum ekki eins mikið. Trúarleiðtogar og íhaldshamir múslimar voru meðal annars ósáttir við ríkulegan lífsstíl Sadats. Fátækum gramdist að þurfa að borga meira og meira fyrir helstu nauðsynjar og menntastéttin var ósátt við fullyrðingar Sadats um að stjórnkerfið væri nú orðið mun opnara og lýðræðislegra, raunin var önnur. Sadat og stjórn hans höfðu misst lögmæti sitt, að miklu leyti vegna misheppnaðra félagslegra og efnahagslegra áætlana, óstjórnar og opinberrar spillingar. Atvinnuleysi, sérstaklega meðal fólks í þéttbýli og ungs fólks, var komið upp úr öllu valdi á sama tíma og bilið milli ríkra og fátækra jókst jafnt og þétt. Í miðjum glundroðanum steig Íslamska bræðralagið fram á sjónarsviðið með því að bjóða fram og veita almenningi aðstoð við að uppfylla grunnþarfir, félagslega þjónustu, leiða rödd andstöðu og vonar í augum almennings. Endalok Sadats urðu svo í september 1981. Sem svar við trúarlegum óróleika og neikvæðum viðbrögðum á friðarsamningum hans við Ísraelsríki fangelsaði Sadat hundruð pólitískra andstæðinga sinna

sem margir hverjir voru úr röðum Íslamska bræðralagsins og annarra hreyfinga íslamista. Anwar al-Sadat var myrtur mánuði síðar af herskáum íslamistum sem álitu hann svikara við Egyptaland, Araba-heiminn og íslam (Cole, 2009, bls. 66).

Líkt og Sadat þurfti arftaki hans, Hosni Mubarak, að horfast í augu við vaxandi íslamska ógn eftir að hann kom til valda og hóf valdatíð sína á því að hneppa hundruð í varðhald (Cole, 2009, bls. 15). Mubarak hafði ekki sama aðráttarafl og Sadat, hvað þá persónutöfra Nassers. Honum er frekar lýst sem embættismanni með stöðu forseta, hæfileikar hans voru skipulagslegs eðlis. Því miður fyrir Mubarak var stjórnkerfið sem fyrirrennarar hans tveir höfðu komið á ekki móttækilegt fyrir breytingum. Valdastéttin hafði mikinn ávinning af ríkjandi stjórnkerfi og sá lítinn ávinning af breytingum.

Ný stjórn komst á 8. júní 2014 undir forystu Abdel Fattah el-Sisi, fyrrverandi yfirmanns egypska hersins. Múhameð Morsi hafði sett Múhameð Hussein Tantawi af sem yfirmann hersins 2012 og skipað el-Sisi í embættið í hans stað. El-Sisi er því mjög tengdur hernum og valdastéttum landsins og óvíst hversu mikinn vilja eða getu hann hefur til að gera breytingar. Lífskjörum meirihluta Egypta heldur áfram að hraka og þeir eru meðvitaðir um spillingu og lúxus-lifnaðarhætti sem viðgangast enn á hærri stigum. Eins og fyrr hefur komið fram er skortur á lögmæti stjórnvalda einungis eitt af vandamálunum sem Egyptalandi glímir við. Önnur snúast um efnahagssamdrátt og skort á grunnauðsynjum meðal almennings. Stjórnvöldum hefur algjörlega mistekist að sjá almenningi fyrir viðeigandi félagslegri þjónustu, viðunandi viðhaldi á innviðum samfélagsins og menntakerfi (Abdo, 2000, bls. 27). Viðbrögð stjórnar Mubaraks voru einnig óviðeigandi gagnvart efnahagsvanda landsins og stjórn málaumbætur stjórnvalda misheppnaðar. Afleiðingarnar þeirra misheppnuðu aðgerða voru tíðari vopnaðar uppreisnir víða um landið sem ollu óöryggi hjá stjórnvöldum og almenningi. Mikil spilling var einnig til staðar í her- og öryggissveitum landsins sem óvíst er hvort breyting verður á með nýrri stjórn el-Sisi. Bandarísk stjórnvöld virtust ekki skynja alvarleika þeirra vandamála sem stjórn Mubaraks stóð frammi fyrir og hvaða afleiðingar þær gætu haft í för með sér. Það sést glögg á viðbrögðum þeirra þegar Mubarak hrökklaðist frá völdum og bandarísk stjórnvöld virtust algjörlega ráðalaus. Fyrstu lýðræðislegu fjölflokkakosningarnar voru haldnar í Egyptalandi 2012, í tveimur umferðum. Bandarísk stjórnvöld báru mikið lof á það lýðræðislega kosningaferli sem bráðabirgðastjórn hersins hafði gefið loforð um að efnt yrði til. Í kjölfar kosninganna vann flokkur Íslamska bræðralagsins, Frelsis- og réttlætisflokkurinn, yfirburðarsigur. Múhameð Morsi varð í kjölfarið forseti landsins. Egypski herinn, valdastétt landsins, bandarísk stjórnvöld og bandamenn þeirra ásamt almennum borgurum í landinu urðu fljótlega uggandi yfir þeim



stjórnunarstíl sem Morsi og stjórn hans viðhafði. Þessar áhyggjur ollu fjöldamótmælum meðal almennings með ungu kynslóðina í broddi fylkingar, eins og í aðdraganda þess að Mubarak hrökklaðist frá völdum. Afleiðingar mótmælana gegn Morsi og stjórn hans urðu þær að herinn skarst í leikinn og færði Múhameð Morsi frá völdum. Erfitt er að skilgreina aðgerðir hersins með öðrum hætti en að um valdarán hafi verið að ræða á lýðræðislega kjörinni stjórn landsins. Bandarísk stjórnvöld hafa hins vegar varast að kalla aðgerðir egypska hersins valdarán og þar sem stuðningur þeirra við stjórn el-Sisi gengur gegn því lýðræðislega ferli sem bandarísk stjórnvöld höfðu heitið stuðningi við. Afleiðingarnar gætu orðið lyftistöng fyrir herskár íslamista-hreyfingar í Egyptalandi.

Mikil fylgisaukning hefur orðið um öll Mið-Austurlönd við málstað íslamistahreyfinga. Ólíkt því sem var í valdatíð Nassers og Sadats, þegar ógnin kom aðallega frá „hefðbundnum“ hópum íslamista eins og Íslamska bræðralaginu hefur svæðisbundin ógn frá suðurhluta Egyptalands aukist á undanförunum árum. Þar fara fremstir í flokki svokallaðir *fellahin* sem eru frumbyggjar Egyptalands, en lengi hefur verið komið fram við þá eins og annars flokks þegna í landinu. Þeir hafa í auknu mæli snúið sér til hreyfinga íslamista með von um að slíkar hreyfingar geti rétt við félagslegt misrétti sem þeir hafa þurft að þola. Norðurhlutinn hefur ítrekað verið tekinn fram yfir suðurhluta landsins við dreifingu ríkisfjár til félagslegra verkefna enda ítök Araba og ættbálka í norðri meiri. Frum-Egyptar hafa því snúið sér að moskunum, eina staðnum þar sem þeir eiga von um að geta náð yfirráðum. Íslamska hreyfingin, al-Gama'a al-Islamiyya, var stofnuð eftir að Íslamska bræðralagið hafnaði ofbeldi til að ná markmiðum sínum. Frum-Egyptar hafa margir flykkt sér bakvið hana. Hreyfingin byggir stefnu sína á hugmyndafræði Sayyid Qutb. Eins hefur Zawahiri, sem fjallað var um 4. kafla, látið hafa eftir sér að al-Qaeda og al-Gama'a al-Islamiyya hafi myndað með sér bandalag. Hreyfingin er stærsta og áhrifamesta íslamska hreyfingin í Suður-Egyptalandi, bæði pólitískt, félagslega og efnahagslega. Hún hefur í nafni íslams unnið að bættum hag Frum-Egypta og verndunar hefða þeirra, sem í mörgum tilfellum eru andstæðar íslam og boðun þess (Abdo, 2000, bls. 35-36). Flest ofbeldisverk íslamista-hreyfinga í Egyptalandi undanfarin ár hafa verið framin af hópum frá þessu svæði. Hreyfingin hefur einbeitt sér að öfgafullum árásum á áberandi hópa eins og öryggissveitir landsins og ferðamenn, í þeim tilgangi að grafa undan stjórnvöldum. Ekki er ólíklegt að hreyfingin eigi eftir að verða stórtækari í aðgerðum sínum. Af þeim sökum er mikilvægt fyrir bandarísk stjórnvöld að móta sér stefnu í málefnum Egyptalands sem tekur mið af straumum í stjórnmálum landsins (Cole, 2009, bls. 78).

## 5.2 Afturkiptir lýðræðisþróunar

Spyrja má hvað undangengnir atburðir hafa að segja fyrir Íslamska bræðralagið, lýðræðisþróun í landinu og egypskan almenning. Afleiðingar *arabíska vorsins* svokallaða hafa verið miklar fyrir egypskt samfélag og enn sér ekki fyrir endann á atburðarrásinni. Upphaf arabíska vorsins má, sem fyrr segir, rekja til þess þegar Múhameð Bouazizi, ungur Túnisbúi sem hafði það að atvinnu að selja vörur á götuvagni sínum, kveikti í sjálfum sér 17. desember 2010 í mótmælaskyni við afskipti lögreglu af sölustarfsemi hans. Dauði Bouazizis var vendipunktur sem hratt af stað mikilli mótmælaöldu um öll Mið-Austurlönd þar sem almenningur flyktist út á götur til að mótmæla (Dodge, 2012, bls. 5).

Arabíska vorið var leitt áfram af ungu fólki úr millistétt landa á borð við og Túnis, Egyptaland, Bahrain, Sýrland og Yemen. Mikill hluti þess hóps er veraldlega sinnaður. Þessu unga fólki var mjög umhugað um að bæta sitt daglega líf og hafa kröfur þess og áherslur að stórum hluta snúist um varanlegar framtíðarlausnir í ýmsum innanlandsmálum sem hafa verið í ólestri í Egyptalandi og mörgum öðrum ríkjum Mið-Austurlanda um langt skeið. Mikið atvinnuleysi er meðal ungs fólks á svæðinu. Það hefur því ekki getað aflað sér þeirra lífsgæða sem það hefur metnað og menntun til (Dodge, 2012, bls. 9). Meðlimir hreyfingarinnar, Egypska breytingahreyfingin (*Egyptian Movement for Change*), betur þekkt undir slagorðinu Nóg (*Kefaya*), barðist meðal annars fyrir umbótum í stjórnartíð Mubaraks. Hreyfingin, Tamarrod (*Uppreisn*), var meðal annars stofnuð á grunni Nóg-hreyfingarinnar og annarra hópa sem sameinuðust undir Tamarrod. Sú hreyfing var í fararbroddi mótmæla sem urðu þess valdandi að Múhameð Morsi var steipt af stóli. Samskiptamiðlar eins og Facebook, Twitter og Youtube nýttust til að koma upplýsingum manna á milli þar sem almennar fjöldasamkomur eru bannaðar í Egyptalandi og flestum öðrum löndum Mið-Austurlanda (Lawson, 2012, bls. 14-15). Eini staðurinn í Egyptalandi og mörgum öðrum ríkjum Mið-Austurlanda þar sem fjöldasamkomur eru leyfðar er í moskum. Það er því staðurinn þar sem þeir sem eru ósáttir hafa getað hist, borið saman bækur sínar og skipulagt sig. Einungis hreyfingar íslamista hafa úr slíkum kjöraðstæðum að spila. Hreyfingar íslamista hafa nýtt sér til fulls þessa forréttindastöðu sína við að koma boðskap sínum á framfæri og laða til sín nýja meðlimi. Íslamista-hreyfingar eins og Íslamska Bræðralagið, eiga sér hliðstæður í flestum ríkjum Mið-Austurlanda. Þessar hreyfingar eru, eins og fjallað hefur verið um, afar vel skipulagðar og með ítök í grasrótinni. Þau hafa látið til sín taka í málefnum sem skipta almenning miklu máli, eins og heilbrigðis- og menntamál, ásamt ýmsum öðrum réttinda- og félagsmálum þar sem Stjórnvöld hafa ekki staðið sig sem skyldi. Þessi íslamistasamtök hafa tekið yfir þessi innviði samfélaganna og hlotið fyrir lof og virðingu almennings (Abdo, 2000,

bls. 96-97). Andstætt því sem búast hefði mátt við tók hvorki Íslamska bræðralagið né aðrar íslamista-hreyfingar virkan þátt í mótmælum egypsks almennings í arabíska vorinu heldur biðu á lengdar. Mögulega vildu þau ekki styggja stjórnvöld og fórna því sem þau höfðu þó áorkað. Ef mótmælin hefðu ekki tekið flugið hefðu þau getað átt á hættu að lenda í alvarlegum málum gagnvart stjórnvöldum, sem þau höfðu illa efni á. Af þeim sökum létu bræðralagið öðrum eftir forvinnuna, en steig fram þegar því hafði gefist ráðrúm til að meta aðstæður. Ekki er heldur ólíklegt að Íslamska bræðralagið hafi gert sér ljóst að væri það í forgrunni arabíska vorsins gæti það fælt almenna mótmælendur frá, þar sem þeir hafa töluvert aðra sýn á hvernig samfélagið ætti að þróast. Almennir mótmælendur eru hins vegar ekki eins skipulagðir og íslömsku hreyfingarnar vegna hamla á starfsemi stjórnmalaflokka. Íslamska bræðralagið og aðrar hreyfingar íslamista hafa væntanlega einnig gert sér grein fyrir að ef þær hefðu verið sýnilegri hefðu Vesturlönd ekki látið tilleiðast að styðja mótmælin og ákall mótmælenda um lýðræðisumbætur.

Sökum ólíkrar sýnar ungu millistéttarinnar og Íslamska bræðralagsins og annarra íslamista-hreyfinga er ekki óeðlilegt að spurt sé hvað valdi því að egypskur almenningur flykkist á kjörstað og gefi þeim atkvæði sitt. Það skýrist að einhverju leyti af því að borgaralegt samfélag hefur ekki fengið að þróast og eflast eðlilega í landinu. Þroskað borgaralegt samfélag er forsenda þess að hægt sé að viðhalda lýðræðislegri samfélagsgerð. Íslamska bræðralagið er, eins og áður hefur komið fram, best skipulagða fjöldahreyfingin í landinu og hefur skipulagt sig pólitískt í skjóli þess að um trúarhóp sé að ræða. Það réði miklu um tækifæri þess til að hafa áhrif á almenning í kosningunum. Kennsla og predikanir eru mikilvægt tæki Íslamska bræðralagsins til að hafa áhrif á almenning og snúa honum á sitt band. Sá hluti spannar breitt svið pólitískrar starfsemi sem annars væri bannað.

Afskipti Vesturlanda hafa einnig haft mikil áhrif á Egyptaland og önnur ríki Mið-Austurlanda. Núverandi ríkjaskipulag Mið-Austurlanda varð til úr rústum tyrkneska heimsveldisins eftir lok fyrri heimsstyrjaldarinnar í heimsvaldabrölti evrópsku ríkjanna. Ríkjum og ættbálkum var sundrað og aðrir sameinaðir til að þjóna hagsmunum Vesturveldanna, innbyrðis átökum þeirra og samningum um skiptingum auðlinda, landsvæða og valda. Mið-Austurlönd hafa allar götur síðan verið viðkvæmt svæði í þessum alþjóðlegu átökum. Þessi utanaðkomandi afskipti höfðu í för með sér innbyrðis sundrunu og glundroða sem hefur átt þátt í því að skapa núverandi ástand. Segja má að þessar aðstæður hafi gert Mið-Austurlönd og íbúa þess að fórnarlömbum í valdabaráttunni. Sögulegt minni múslima nær því líka til þess mikla óréttlætis sem þeir hafa verið beittir og litar sýn þeirra á nútímann. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að fátækt, skortur og vanræksla og sú tilfinning að

hafa verið beittur ranglæti getur virkað niðurlægjandi á lönd og borgara þeirra í margar kynslóðir. Upplifun margra í Mið-Austurlöndum er sú að það hafi núverandi valdakerfi heimsins gert (Sen, 2006, bls. 143-145).

Á örskömmum tíma í samhengi heimssögunar tók samfélagsgerð Mið-Austurlanda miklum breytingum. Stjórnafyrirkomulagið sem mótast hafði eftir lífi Múhameds og kóraninum hélst í meginatriðum óbreytt þar til ríki Mið-Austurlanda urðu eitt af öðru nýlendur Evrópsku heimsveldanna á 19. öld. Frá þeim tíma vilja margir múslimar meina að lönd þeirra hafi farið inn í Dar al-Harb þar sem Mið-Austurlönd og lagakerfi þeirra hafa tekið of miklum breytingum (Ramadan, 2004, bls. 68). Með þeim breytingum fór í fyrsta sinn síðan íslam kom fram á sjónarsviðið af stað opinber umræða um íslam. Meðferð á konum innan íslamskra sharía-laga varð áberandi í þeirri umræðu ásamt hefðum sem skapast höfðu, þ.e. fjölkvæni, hversu auðvelt var fyrir karlmenn að fá skilnað og aðskilnaður kynjanna (Ahmed, 2011, bls. 20-21). Umræður af þessum toga voru að stærstum hluta keyrðar áfram af erlendum embættismönnum nýlendnanna. Gagnrýni á meinta slæma meðferð á konum innan íslams virðist bæði hafa verið sett fram í þeim tilgangi að sýna fram á vanþróun samfélaga Mið-Austurlanda en ekki síður sem réttlætning á yfirráðum vesturveldanna yfir þessum samfélögum. Hafa verður hugfast hversu miklir hagsmuni þau hafa af yfirráðum á svæðum í Mið-Austurlöndum. Í byrjun 20. aldarinnar fannst þar olía. Sá fundur hafði mikil áhrif á sjálfstæði og sjálfsákvörðunarrétt þessara landa. Olúfundurinn hefur orðið til þess að ríkin á svæðinu hafa ekki fengið frið til að þróa lýðræði né efla stjórnarhætti almennings til hagsbóta. Óvíst er hvort efling lýðræðislegra stjórnarháttar þjónar efnahagslegum hagsmunum Vesturlanda. Hætt er við að slík þróun geti dregið úr möguleikum þeirra til að nýta sér auðlindirnar hindrað yfirráð þeirra. Í byrjun 20. aldarinnar tóku íslamskir menntamenn, sem urðu fyrir áhrifum af vestrænni menningu, eins og nýlenduherrarnir að hafa áhyggjur af því hve íslamski heimurinn væri vanþróaður. Málefni kvenna voru nefnd sem birtingarmynd af stærra þjóðfélagslegu vandamáli sem spannaði félagslega, pólitíska og menningarlega þætti (Ahmed, 2011, bls. 22). Með innreið þjóðernishyggju til Mið-Austurlanda, í byrjun 20. Aldarinnar, varð það markmið þeirra sem hana aðhylltust að afhelga samfélagsgerðina og ná fram aðskilnaði ríkis og trúar, ásamt því að auka vægi íslamskra sharía-laga. Aðskilnaður ríkis og kirkju er hins vegar frekar pólitísk hugmyndafræði en endurspeglun á raunveruleikanum (Lee, 2010, bls. 3). Þjóðernissinum tókst að koma mörgum hugðarefnum sínum í framkvæmd. Allar tilraunir til breytinga á fjölskyldulögum sharía hafa hins vegar alltaf verið mjög viðkvæmar innan pólitísks vettvangs. Þegar leið á seinni hluta 20. aldarinnar tók að bera á óþreyju og vonbrigðum egypsks almennings með takmarkaðan árangur af undangengnum

samfélagsbreytingum. Minni áherslu á íslam í opinberu rými samfélagsins, ásamt tilraunum til að móta samfélagið að vestrænni fyrirmynd, höfðu ekki skilað sér í auknum lífsgæðum og hagsæld almennings, eins og vonir voru bundnar við.

Hægt er að fullyrða að Egyptaland eins og mörg ríki Mið-Austurlanda séu í raun leppríki vesturveldanna. Þeim er stjórnað af litlum valdaklíkum, í skjóli vesturveldanna, sem hafa hagsmuni sína og þeirra að leiðarljósi. Almennungi er þessi tilhögun löngu ljós. Stjórnarfar sérhagsmuna hefur getið af sér misheppnaðar félags- og efnahagsstefnur, óstjórn og óhefta opinbera spillingu. Atvinnuleysi, sérstaklega meðal fólks í þéttbýli og ungs fólks, er mikið og bilið milli ríkra og fátækra eykst alltaf meira og meira. Vel menntað háskólafolk fær ekki vinnu við hæfi og hefur lág laun miðað við menntun (Abdo, 2000, bls. 82). Því er vantraust og tiltrú á stjórnvöld allsráðandi. Meirihluti egypsks almennings þráir lýðræðisumbætur með auknu tjáningarfrelsi og tækifærum til að hafa áhrif á samfélagið sem það býr í. Vesturveldin stýra ekki ein samfélagsgerð einstakra ríkja Mið-Austurlanda eins og Egyptalandi. Sádi-Arabía ásamt öðrum olíuauðugum ríkjum við Persaflóann hefur markvisst notað hluta olíuauðs síns í þeim tilgangi að koma að íhaldssömum viðhorfum sínum. Það hafa þau gert í gegnum fjármögnun skóla og hjálparsamtaka og með félagasamtökum sem hafa sömu íhaldssömu túlkanir á íslam og hvernig ber að stjórna ríkjum með sharía-lögum að leiðarljósi. Í írönsku byltingunni 1979 var Íranskeisara var steipt af stóli á undiröldu óánægju almennings með hlutskipti sitt undir hans stjórn og vestrænum áhrifum og spillingu sem henni hafði fylgt. Í byltingunni komust klerkar landsins til valda. Atburðarásina og arfleifð hennar ber að taka alvarlega, einkum þar sem allar götur síðan hefur Íslamska bræðralagið í Egyptalandi og aðrar hreyfingar íslamista aukið ítök sín. Þau hafa aukist þrátt fyrir að Hosni Mubarak og fyrri stjórnir hafi beitt miklu harðræði gagnvart almennungi og andstöðuhópum til að halda andstöðu þeirra í skefjum. Í stríði gegn íslamistum hafa stjórnvöld og öryggissveitir þeirra gerst sekar um svívirðileg mannréttindabrot, allt frá varðhaldi án ákæru eða réttarhalda, til pyntinga, morða á grunuðum í yfirheyrslum og hræðilegra grimmdarverka í þorpum og borgarhverfum í þeim tilgangi að bæla niður andstöðu (Abdo, 2000, bls. 25). Jákvæðar afleiðingar áhrifa Íslamska bræðralagsins og annarra hreyfinga íslamista í samfélaginu hafa hins vegar orðið til þess að miklar rökræður og vangaveltur hafa farið fram um frumtexta íslams og undirliggjandi ásetning hans. Slík umræða hefur ekki átt sér stað áður. Hún gæti orðið kveikjan að breytingum túlkunum sem fengið hafa að festa sig í sessi í aldanna rás, litaðar af samfélagsgerð og hefðum löngu liðinna tíma.

Marga samverkandi þætti þurfti til að framkalla þær aðstæður sem sköpuðu Íslamska bræðralagið, aðrar hreyfingar íslamista, arabíska vorið, sigur flokks Íslamska bræðralagsins í

fyrstu lýðræðisleg kosningunum í Egyptalandi, valdarán hersins í framhaldinu og sigur el-Sisi í forsetakosningum í landinu. Íslam og menningararfleifð þess á stóran þátt atburðarás undanfarinna missera. Ástæðurnar er meðal annars hægt að rekja til stjórnarfyriřkomulagsins sem tekið var upp í Egyptalandi þegar landið varð vestræn nýlenda. Nýtt stjórnsýslufyrirkomulag átti að endurspeglar nútímalega stjórnsýslu og vinnubrögð að vestrænni fyrirmynd. Þær fyrirætlanir hafa ekki raungerst né skilað sér í þeirri velmegun sem vestræn samfélög hafa búið við, ólíkt því sem almenningur telur að hafi átt sér stað þegar Mið-Austurlöndum sneru til Múhameðs og íslams. Margir Egyptar hafa komist að þeirri niðurstöðu, hvort sem þeir eru fylgjendur Íslamska bræðralagsins eða annarra íslamskra hreyfinga, ásamt þeim sem eru nútímalegri í viðhorfum, að vestræn menning, gildi og stjórnarhættir séu ekki þeirra og geti aldrei orðið það. Á margan hátt er skiljanlegt að almenningur komist að þeirri niðurstöðu þegar framkoma Vesturlanda gagnvart Egyptalandi er höfð í huga. Ólíkt vestrænni hugmyndafræði sem leggur ríka áherslu á aðskilnað ríkis og trúar er íslam hluti af stjórnarfarslegri uppbyggingu ríkisins og á þannig stóran þátt í menningarlegri arfleifð landsins. Því er mikilvægt að íslam sé hluti af uppbyggingu nútímaríkis Egyptalands, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Til þess að svo megi verða þarf íslam að geta átt samleið með sem breiðustum hópi almennings. Forsenda samleiðar getur að einhverju leyti falist í skipulegri endurgreiningu á frumtextum íslams út frá forsendum nútímaviðhorfa, í stað þeirrar túlkana sem settar voru fram af feðraveldislegri samfélagsgerð þess tíma. Hún samrýmist ekki samtímanum né réttlætiskennd alls almennings. Lúti slík endurskoðun og túlkun í lægra haldi fyrir íhaldssamari öflum, á borð við Íslamska bræðralagið, er hætta á að íslam verði notað sem kúgunartæki fremur en boðskapur um réttlæti fyrir samfélagið.

Þátttaka Íslamska bræðralagsins á pólitíska sviðinu virðist hafa verið stöðvuð, a.m.k. um stundarsakir. Sigur Abdel el-Sisi í forsetakosningunum er enn einn ósigurinn í röð ósigra og áfalla Íslamska bræðralagsins frá því að egypski herinn steypți Múhameð Morsi af forsetastóli í júlí 2013. Síðan þá hefur margrómuð og öflug stjórnmalavél þeirra verið óstarfhæf. Íslamska bræðralagið hefur verið bannað á grundvelli þeirrar skilgreiningar hreyfingin teljist til glæpasamtaka og meðlimir hennar verið hneptir í fangelsi með órökstuddum og handahófskenndum hætti. Það væri freistandi að draga þá ályktun að egypskur almenningur hafi snúið baki við hófsamari hreyfingar íslamista á borð við Íslamska bræðralagið og valið þess í stað að veita borgaralegri einræðisstjórn el-Sisis brautargengi. Slík einföldun gæti verið varasöm og gert erfiðara að sjá hverjir raunverulegir sigurvegarar átakanna eru. Herskárri hreyfingar íslamista á borð við al-Qaeda eru ekki ólíklegir sigurvegarar og hafa því til stuðnings á undanförunum misserum bent á atburðarásina sem staðfestingu á

grunnhugmyndum þeirra um að ofbeldi sé eina leiðin til að koma á íslömsku ríki í landinu. Friðsamleg þátttaka í lýðræðislegu ferli, eins og Íslamska bræðralagið hafði skuldbundið sig til þátttöku í, sé ófær leið. Herská samtök íslamista höfðu ítrekað gagnrýnt Íslamska bræðralagið fyrir lýðræðislegar tilhneigingar og vilja þeirra til samstarfs og samninga við stjórnmalahópa sem byggja ekki á íslamskri hugmyndafræði. Íslamska bræðralagið sneri baki við ofbeldi og valdi lýðræðislegt ferli. Að mati al-Zawahiri og margra annarra herskárri íslamista, var það meginástæðan fyrir falli þess. Í fjarveru leiðsagnar stórs hluta forystu Íslamska bræðralagsins, sem annaðhvort hefur verið fangelsuð eða er í felum, er veruleg hættu á að meðlimir hreyfingarinnar laðist að herskárri hópum. Um stundarsakir virðist sá armur eini farvegurinn fyrir andspyrnu gegn núverandi stjórnvöldum, sem að öllu nema nafninu til er herstjórn. Herstjórn sem óðfluga styrkir yfirráð sín yfir fjölmiðlum, efnahag og stjórnmalum landsins.

Undanfarnir atburðir hafa haft gífurlega neikvæð áhrif á stjórnsýslu og lýðræði í landinu. Fyrir nýja stjórn el-Sisis eru allar hreyfingar íslamista alvarlegasta ógnin sem hún stendur frammi fyrir. Hún hefur valið þá leið að gera muninn milli herskárri fylkinga og hófsamari hópa óskýran. Þannig réttlætir hún bann hófsamari fylkinga frá stjórnmalapátttöku. Margir sem undir eðlilegum kringumstæðum væru mótfallnir núverandi stjórnvöldum, eins og borgarasinnar, trúarlegir minnihlutahópar og hófsamir múslimar, telja sig knúna til að styðja þau í stað andstöðuafla sem enn hafa nægt rými. Það er mikið áhyggjuefni fyrir framtíð Egyptalands að þrátt fyrir að svo virðist sem náðst hafi að stöðva hreyfingar íslamista á borð við Íslamska bræðralagið tímabundið hafa þeir náð svo mikilli fótfestu og undirtökum í samfélaginu að ekki er ólíklegt að þeir nái vopnum sínum á nýjan leik. Þá koma þeir tvíefldir til leiks að nýju, með mun herskárri hætti.

### **5.3 Er Íslamska bræðralagið lýðræðissinnað?**

Í ljósi grunnhugmyndafræði Íslamska bræðralagsins og sögulegra róta þess, sem og afstöðu helstu hugmyndafræðinga hreyfingarinnar, er erfitt að færa rök fyrir því að hana megi skilgreina sem lýðræðislega. Til þess að svo mætti verða þyrfti Íslamska bræðralagið að umbreyta algjörlega hugmyndafræðilegu, kenningarlegu og stjórnskipulegu kerfi sínu og stefnu. Með slíkri umbreytingu yrði upprunalegur grundvöllur fyrir stofnun og markmiðum hreyfingarinnar að engu. Því er erfitt að sjá hvernig slík umbreyting gæti verið nokkuð annað en upphafið að endalokum Íslamska bræðralagsins.

Hafa verður hugfast að Íslamska bræðralagið hefur sitt eigið trúarlega yfirvald og viðurkennir ekki vald ríkisins. Ástæða þess er sú að það vald er veraldlegs eðlis en Íslamska

bræðralagið byggir samfélagslega hugmyndafræði sína algjörlega á upphaflegri fyrirmynd samfélags Múhameðs spámanns. Á tímum Múhameðs og fyrstu leiðtoganna í kjölfar hans var stjórnskipunarfyrirkomulag samfélagsins með þeim hætti að kosið var shura-ráð sem var rágefandi fyrir æðsta andlega leiðtogann (*imam*). Innan shura-ráðsins er ekkert rúm fyrir skoðanir utan íslam. Íslamska bræðralagið hefur allt frá stofnun einnig lagt ríka áherslu á að samfélaginu væri stjórnað í samræmi við íslömsk sharía-lög. Með slíkri laganotkun væri enginn aðskilnaður milli ríkis og trúar. Slík stjórnskipun hefði í för með sér að öll lýðræðisleg umfjöllun og skoðanaskipti yrðu virt að vettugi ef þau fælu í sér breyttar áherslur frá hugmyndafræði og boðum íslam. Þar væri ekkert val um að geta skipt stjórnskipulaginu út á grunni lýðræðislegs vilja meirihlutans. Þó svo að Íslamska bræðralagið hafi íslam að leiðarljósi þegar kemur að samfélagsgerðinni viðurkennir hreyfingin ekki al-Azhar sem áður hefur verið fjallað um sem leiðandi trúarlega stofnun -Sunní-íslams. Meginástæða þess er að al-Azhar hefur verið undir stjórn ríkisins frá 19. öld og því ekki sjálfstæð og óháð í afskiptum sínum, túlkunum og tilskipunum. Sú staðreynd hefur valdið því að hreyfingin álitur yfirlýsingar Al-Azhar marklausar og stofnunina rúna trúverðugleika sínum og trausti. Tilvist hennar sé í þeim eina tilgangi að réttlæta gjörðir stjórnvalda. Yfirlýsingar Íslamska bræðralagsins um að hreyfingin sé mótfallin því að starfa með herskáum og ofbeldisfullum hætti ber að taka með fyrirvara í ljósi hugmyndafræðinnar sem leiðtogar hreyfingarinnar hafa ítarlega gert grein fyrir í ræðu og riti. Í því samhengi er vert að velta því fyrir sér hverju slíkar hreyfingar þjóna, hvort þær eru fyrirfram ákveðið kænskubragð.

Stjórn málafl Íslamska bræðralagsins, Frelsis- og réttlætisflokkurinn (*The Freedom and Justice Party*), var bannað af egypskum stjórnvöldum sem fóru í gagngerar breytingar og endurskoðun á stjórnarskrá landsins meðan flokkurinn var við völd undir forystu Múhameðs Morsis og stjórnar hans. Stjórnunarstíllinn var ekki til þess fallinn að efla tiltrú á að hreyfingin geti verið lýðræðislegt afl.

Í stjórnartíð sinni kom Frelsis- og réttlætisflokkurinn fram af miklu offorsi og virti að vettugi skoðanir annarra þjóðfélags- og trúarhópa við gerð nýrrar stjórnarskrár. Yfirlýsing hreyfingarinnar um að hún hafnaði ofbeldi hljómaði því frekar hol. Vera kann að hún sé sett fram í þeim tilgangi að tryggja stefnu flokksins brautargengi. Líklegt verður að teljast að hreyfingin gripi til ofbeldis frammi fyrir aðstæðum sem hindruðu framgang hugmyndafræði hreyfingarinnar og endanlegra markmiða. Afstaða Íslamska bræðralagsins gæti orðið herskárri í kjölfar þess að Múhameð Morsi var þvingaður frá völdum af egypska hernum. Hafa verður í huga að Múhameð Morsi komst til valda í fyrstu lýðræðislegu forsetakosningunum í landinu. Þegar bráðabirgðastjórn hersins tók við stjórnartaumunum eftir að Mubarak hrökklaðist frá



völdum gaf hún loforð um að efnt yrði til lýðræðislegra kosninga. Frelsis- og réttlætisflokkurinn, undir forystu Múhameðs Morsi, sat ekki nægilega lengi á valdastóli til að fram kæmi langtímaafstaða Íslamska bræðralagsins til starfsemi og stjórnmalabátttöku hugmyndafræðilegra andstæðinga þess. Ekki varð ljóst hvort hreyfingin liði einungis skoðanabræður sína, þ.e. flokka sem styddu að sharía-lög væru einu lögin í landinu. Því er einnig ósvarað hvert umburðarlyndi hreyfingarinnar yrði gagnvart kristnum og fólks utan trúflokka næði Frelsis- og réttlætisflokkurinn aftur völdum. Erfitt er að fullyrða um afstöðu bræðralagsins til þess hvernig innleiða skuli sharía-lög í egypsku samfélagi. Hún virðist hafa þróast með tímanum. Áður fyrr stefndi bræðralagið að tafarlausri innleiðingu laganna en í seinni tíð er innleiðingin fremur langtímamarkmið þess. Það er sérstaklega áhugavert að velta fyrir sér hvernig Íslamska bræðralagið kæmi því til leiðar að íslömsku stjórnkerfi og lögum væri komið á með friðsömum hætti. Sú stefna vekur óneitanlega upp spurningar um hver örlög þeirra yrðu sem væru ósáttir við slíkt stjórnkerfi. Þeirri spurningu hefur ekki verið svarað hvernig slíkt stjórnarfar geti talist lýðræðislegt þar sem lýðræði einskorðast ekki við eina hugmyndafræði sem meirihluta almennings er óheimilt að kjósa á brott. Yfirlýsingar hreyfingarinnar um friðsama nálgun við innleiðingu boðaðra breytinga hefur samt sem áður haft það í för með sér að hún hefur verið flokkuð á hófsömum væng róttækra hreyfinga. Erfitt er að meta hversu hófsöm hreyfingin er líkleg til að vera í framhaldi af áföllum sem hún hefur orðið fyrir að undanförunu. Almennungur í Mið-Austurlöndum sem að stórum hluta er hægt að skilgreina sem nokkuð hófsaman virðist einnig standa frammi fyrir erfiðu og mjög svo takmörkuðu vali um hvernig samfélagsgerð það kys að búa við. Líklegt er að egypskur almenningur þjáist áfram undir stjórn spillingar og harðræðis eins og undir stjórn Mubarak. Ný stjórn el-Sisi sýnir alla tilburði í sömu átt og hefur í ofanálag þrengrt til muna að tjáningarfrelsi enda sækir el-Sisi umboð sitt til sömu valdahooa og Mubarak.

Erfitt er að koma auga á réttlætninguna fyrir því að kalla Íslamska bræðralagið hófsama hreyfingu. Raunar virðist lítill munur á hófsömum og róttækum hreyfingum múslima þegar báðar fylkingar stefna leynt og ljóst að íslömsku samfélagi sem byggist á sharía-lögum, hvort sem almenningur aðhyllist slíka samfélagsgerð eða ekki. Hugmyndir Íslamska bræðralagsins um hvað felst í lýðræði eru ólíkar klassískri vestrænni skilgreiningu á hugtakinu. Íslamska bræðralaginu virðist hins vegar hafa verið ljóst að til að eiga möguleika á að komast til valda yrði það að gerast í lýðræðislegu ferli, þótt það væri því ekki að skapi. Það er ekki ferli sem bræðralagið hefur trú á þar sem hugmyndafræði hreyfingarinnar virðir eingöngu frelsi einstaklinga innan ramma íslams og sharía-laga. Líkt og gildir um flestar fasista-hreyfingar er ekki ólíklegt að Íslamska bræðralagið hafi tamið sér tvöfeldnislega orðræðu á vegi sínum til valda.

## 6. Niðurstöður

Í ritgerðinni er leitað svara við því hvort Íslamska bræðralagið í Egyptalandi sé ólýðræðislegt afl en hreyfingin skilgreinir sig innan ramma trúarlegs lýðræðis. Fyrst er hugmyndafræðilegur bakgrunnur lýðræðis skilgreindur og kenningar grunnhyggju (*foundationalism*) og fjölhyggju (*pluralism*) notaðar til að varpa ljósi á hann. Eitt helsta einkenni nútímalýðræðis er varanlega varinn stjórnarskrárlegur réttur íbúa samfélagsins til að kjósa sér valdhafa (Beetham, 2005, bls. 13). Í risasamfélögum nútímans er fulltrúalýðræði með tíðum kosningum sem reynt er að hafa eins sanngjarnar og kostur er. Þvingun og skoðanakúgun er tiltölulega óalgeng. Jafnframt er gert ráð fyrir því að tjáningarfrelsi borgara sé tryggt, þ.e. þeir eiga rétt á að tjá sig um pólitísk málefni án þess að eiga á hættu að hljóta þunga refsingu. Í því felst frelsi til að halda uppi gagnrýni á kjörna fulltrúa og skipaða embættismenn ásamt rétti til aðgangs að upplýsingum og starfrækslu frjálsra félagasamtaka og stofnana. Lýðræðisríki einkennast einnig af því að öllum fullorðnum borgurum þess sem þar hafa fasta búsetu og heyra undir lögsögu ríkisins eru tryggð öll ofangreind réttindi. Einstakir hópar eru ekki undanskildir eða mismunað. Almennigur hefur þannig bæði réttindi og skyldur til að hafa eftirlit með ákvörðunum og gjörðum valdhafa til að tryggja lýðræðislega starfshætti pólitíska kerfisins undir virku eftirliti almennings. Segja má að lýðræði sé pólitískt kerfi þar sem viðurkenndur er réttur fólks til þátttöku í pólitískum ákvörðunum, ýmist beint eða óbeint í gegnum kjörna fulltrúa, og í þeim tilgangi að dreifa og stýra pólitískum völdum undir stjórn meirihluta.

Til að útskýra hugmyndafræði trúarlegs lýðræðis er stuðst við kenningar grunnhyggju. Hún byggist á því að ákveðinn grunnsannleikur þjóni því hlutverki að vera akkeri fyrir allar aðrar kenningar og sé því alltumlykjandi í sögu pólitískrar hugmyndafræði. Sumar skoðanir okkar og sannfæring styðjist þannig við óumbreytanlegar staðreyndir (B. Macallan og H.J. Hendriks, 2013, bls. 136). Kenningin gengur út frá því að til sé rétt svar við öllum pólitískum spurningum og með því að þræða viðeigandi hugsanagang sé hægt að komast að pólitískum sannleika. Ekki þarf miklar málalengingar til að sjá að tærasta form lýðræðis sem afhendir allt umfang opinberra mála, þar á meðal löggjöf, í hendur meirihlutans án nokkurra takmarkana er algjörlega ósamrýmanlegt íslam. Samkvæmt skilgreiningu á lýðræði þarf aðgreining milli ríkis og trúar að vera næg til að tryggja að trúarbrögðin stjórn ekki lagasetningu, markmiðum og stjórn málastefnu (Beetham, 2005, bls. 83). Trúarlegt lýðræði samþykkir ekki ótakmarkað lýðræði. Samkvæmt því þarf að standa vörð um trúarlegan boðskap og því er ekki hægt að tryggja að farið sé að vilja meirihlutans. Þeir sem aðhyllast ofangreinda hugmyndafræði hafa

bent á að bæði jafnaðarstefna eða frjálshyggja þurfi að starfa innan ramma stjórnarskrár til að hafa eftirlit með því að lýðræðislegum vinnubrögðum sé fylgt. Hvorki lýðræði né ferli þess sjái okkur hins vegar fyrir alhliða hugmyndafræði og gildum. Lýðræði sem slíkt er einungis ein þeirra aðferða sem búin hefur verið til í þeim tilgangi að yfirstíga erfiðleika við ákvarðanatöku í hvers kyns samtökum og í samfélaginu í heild. Lýðræði tekst hins vegar ekki með áreiðanlegum hætti að fanga réttlátar ákvarðanir eða svokallaðan sannleika og geti því ekki komið í stað alhliða trúar- og siðferðislegar heimspekikennningar. Yfirburðir lýðræðis umfram aðra valkosti hafa ekkert að gera með heimspeki eða hugmyndafræði heldur hversu hagnýtt og raunsætt það er í framkvæmd og notkun. Að mati þeirra sem aðhyllast hugmyndafræði trúarlegs lýðræðis skortir lýðræði því það sem er eftirsóknarverðast, algilda heimspekilega hugmyndafræði.

Stjórnvöld þurfa að uppfylla ákveðin viðmið til teljast lýðræðisleg, þ.e. tækifæri borgaranna til þátttöku í þýðingarmiklum pólitískum ákvörðunum og tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri. Lýðræðisleg stjórnvöld eru tilbúin til að dreifa valdi með frjálsum kosningum. Í takmörkuðum fulltrúalýðræðum nútímans er stjórnarskráin holdgervingur ákveðinna réttinda og gilda en án þeirra er ógjörningur fyrir lýðræðislega kosið þing að hafa áhrif. Stjórnarskráin mótast af skoðunum og lífsgildum almennings. Trúarlegt lýðræði afmarkast af trúarlegum viðhorfum hverju sinni og fellur því ekki innan ramma lýðræðis. Sama gildir um Íslamska bræðralagið. Einungis þeir sem aðhyllast sömu sýn á íslam kunna að njóta lýðræðis og þá aðeins innan þröngs ramma íslamskra laga.

Þrátt fyrir alla þá annmarka sem felast í því að tengja einstök trúarbrögð og lýðræði verður ekki hjá því komist að veita Shura (samræðunefnd innan íslams) vægi sem einnar af meginstöðum íslamsks lýðræðis. Hafa verður í huga að lýðræði hefur í langri sögu þróast og tekið breytingum en krafan um þátttöku almennings og löggjöf og það að leiðtogi samfélags eða ríkis axli ábyrgð gjörða sinna eru enn grunnstoðir lýðræðis. Íslam gerir á sama hátt kröfu um að leiðtogar axli ábyrgð.

Íslamskt stjórnkerfi og kenningar lýðræðis eru sumpart sambærilegar þar sem kóraninn leggur áherslu á þátttöku almennings í málefnum sem varða bæði stjórnsmál og málefni samfélagsins. Áhrif almennings á endanlega ákvarðanatöku eru enn óljós þar sem ekki er ljóst hvort leiðtogi íslamsks ríkis er bundinn af afstöðu shura eða aðeins skylt hans að hlusta á rödd fólksins án þess að verða að vilja þess. Þótt hlutverk shura innan íslamska heimsins samræmist ekki í öllu hugmyndinni um lýðræði eða pólitíska stöðu þingsins í nútímalýðræðisríkjum getur sú boðun samt verið viðeigandi við mótun takmarkaðs lýðræðis íslamsks ríkis.

Styðjast má við kenningar fullveldis (*sovereignty*) til að útskýra ólíka afstöðu vestrænna ríkja annars vegar og Íslamska bræðralagsins hins vegar til fullveldis. Samkvæmt skilgreiningunni er „fullveldi æðsta pólitíska valdið og lýtur sjálft engu æðra valdi hvað varðar löggjöf og framkvæmd pólitískra ákvarðana“ (Guðmundur Hálfðanarson, 2007, bls. 236). Samkvæmt trúarlegu lýðræði íslams er Guðhins vegar endanlegt fullveldi sem samrýmist engan veginn grunnkenningum lýðræðis. Ef stofnanauppbygging og stefna Íslamska bræðralagsins í Egyptalandi er skoðuð með hliðsjón af kenningum um lýðræði (*democratic theory*) kemur í ljós að þau eru algjörlega á skjön við grunninntak lýðræðis, þ.e. stjórnarskrárvarinn rétt almennings til að kjósa sér fulltrúa. Eins er hugmyndafræði Íslamska bræðralagsins gjörólík kenningum fjölhyggju. Samkvæmt henni er fólki frjálst að styðja skoðanir sem henta því, hvort sem þær eru trúarlegs eðlis, veraldlegar, siðferðislegar eða ósiðferðislegar. Frelsið til að velja er ein mikilvægasta stoð lýðræðis. Hugmyndafræði Íslamska bræðralagsins fellur því ekki á nokkurn hátt að þeirri skilgreiningu þar sem hún byggist á algildum sannleik, þ.e. eigin túlkun þess og útfærslu á íslam. Slík sjónarmið eru ekki samrýmanleg hugmyndum lýðræðisríkja.

Í ritgerðinni er reynt að varpa ljósi á sögulegar aðstæður sem Íslamska bræðralagið sprettur upp úr og hvernig þær hafi getað ýtt undir útbreiðslu hugmyndafræði þess. Ítarlega er fjallað um helstu hugmyndafræðinga Íslamska bræðralagsins og tíðarandann sem ríkti á mótunarárum hreyfingarinnar. Sagt er frá leiðtogum Egyptalands, hvernig þeir hafa mótað egypskt samfélag og hvaða afleiðingar stefna þeirra hefur haft á hugmyndafræði Íslamska bræðralagsins og annarra hreyfinga íslamista. Þá hafa ýmis ríki átt beinna hagsmuna að gæta og íhlotun þeirra í innanríkis- og utanríkismál Egyptalands átt sinn þátt í því að móta viðhorf landsmanna.

Ýmislegt hefur gengið á í Egyptalandi undanfarið en nú stendur almenningur frammi fyrir afar takmörkuðu vali. Einn kosturinn er stjórn el-Sisis, með ámóta spillingu og harðræði og tíðkaðist í stjórnartíð Mubarak. El-Sisi sýnir sömu tilburði og hefur að auki þrengt mjög að öllu tjáningarfrelsi í landinu en hafa ber í huga að hann sækir umboð sitt til sömu valdahópa og Mubarak gerði á sínum tíma. Erfitt er að koma auga á hvaða munur er á Íslamska bræðralaginu (þrátt fyrir nafnbótina „hófsöm hreyfing“) og róttækum hreyfingum múslima. Báðar fylkingarnar stefna leynt og ljóst að sama markmiði, íslömsku samfélagi sem byggist á sharía-lögum fyrir allan almenning hvort sem hann aðhyllist sömu skoðanir eða ekki. Hugmyndir Íslamska bræðralagsins um lýðræði eru afar ólíkar klassískum vestrænum skilningi á hugtakinu. Hreyfingunni virðist hins vegar hafa verið orðið ljóst að til að eiga möguleika á að koma málum sínum á framfæri yrði hún að gera það í gegnum lýðræðislegt

ferli þótt það væri henni ekki að skapi. Íslamska bræðralagið virðist hafa tamið sér tvíræða orðræðu á vegi sínum til valda, líkt og flestar fasistahreyfingar.

Undanfarnir atburðir hafa haft gífurlega neikvæð áhrif á lýðræðis í Egyptalandi. Stjórn el-Sisi leggur allar hreyfingar íslamista að jöfnu en þær eru ein hættulegasta ógnin sem hún stendur frammi fyrir. Með því að gera engan greinarmun á herskáum og hófsömum fylkingum íslamista hafa stjórnvöld réttlætt bann þeirra frá stjórnmaláþátttöku. Sá hluti almennings sem undir eðlilegum kringumstæðum væri mótfallinn núverandi stjórnvöldum, eins og borgarasinnar, trúarlegir minnihlutahópar og hófsamir múslimar sem eru ekki íslamistar, telur sig því knúinn til að styðja stjórnvöld. Það er mikið áhyggjuefni fyrir framtíð Egyptalands að þrátt fyrir að tímabundið hafi náðst að stöðva framgang hreyfinga íslamista á borð við Íslamska bræðralagið hafa þeir náð fótfestu í samfélaginu. Ekki er ólíklegt að þeir nái aftur vopnum sínum og mæti þá tvíefldir til leiks, með mun herskárri hætti.

## Heimildaskrá

- Abdo, G. (2000). *No God but God: Egypt and the Triumph of Islam*. Oxford University Press. New York, USA.
- Abu-Lughod, L. (1998). *Remaking Women: Feminism and Modernity in the Middle East*. Princeton University Press. Princeton, USA.
- Ahmed, L. (2011). *A Quiet Revolution: The Veil's Resurgence, from the Middle East to America*. Yale University Press. New Haven, USA.
- Baker, R.W. (2003). *Islam without Fear: Egypt and the New Islamists*. Harvard University Press. Harvard, USA.
- Beetham, D. (2005). *Democracy: A Beginner's Guide*. Oneworld Publications. Oxford, England.
- Bayat, A. (2010). *Life as Politics: How Ordinary People Change the Middle East*. Stanford University Press. Stanford, USA.
- Brown, C.L. (2000). *Religion and State; The Muslim Approach to Politics*. Columbia University Press. New York, USA.
- Mahmood, S. (2000). *Politics of Piety: The Islamic Revival and the Feminist Subject*. Princeton University Press. Princeton, USA.
- Cole, J. (2009). *Engaging The Muslim World*. Palgrave Macmillan. New York, USA.
- Creswell, J.W. (1998). *Qualitative Inquiry and Research Design: Choosing Among Five Traditions*. SAGE. Los Angeles, USA.
- Dodge, T. (2012). From the 'Arab Awakening' to the Arab Spring; the Post-Colonial State in the Middle East. Í N. Kitchen (ritstj.): *After the Arab Spring: Power Shift in the Middle East?* IDEAS reports – special reports, SR011. LSE IDEAS, London School of Economics and Political Science. London, UK.
- Eickelman, D.F., og Piscatori, J. (2004). *Muslim Politics*. Princeton University Press. Princeton, USA.
- Ernst, C.W. (2003). *Following Muhammad: Rethinking Islam in the Contemporary World*. The University of North Carolina Press. North Carolina, USA.
- Gerges, F.A. (2007). *Journey of the Jihadist: Inside Muslim Militancy*. Hartcourt. Orlando, USA.
- Guðmundur Hálfðanarson (2007). *Íslenska þjóðríkið*. Hið íslenska bókmenntafélag og Reykjavíkúrákademían. Reykjavík, Ísland.
- Hart, C. (2005). *Doing your Masters Dissertation*. SAGE. London, UK.
- Hjálmar Sveinsson og Irma Erlingsdóttir (ritstj.). (2000). *Framtíð lýðræðis á tímum hnattvæðingar*. Bjartur - Reykjavíkúrákademían. Reykjavík, Ísland.
- Hollis, M. og Smith, S. (1991). *Explaining and Understanding International Relations*. Oxford University Press. Oxford, UK.

- Kepel, G. (2000). *Jihad: The Trail of Political Islam*. Harvard University Press. Massachusetts, USA.
- Khalidi, R. (2009). *Sowing Crisis: The Cold War and American Dominance in the Middle East*. Beacon Press. Boston, USA.
- Lawson, G. (2012). The Arab uprisings: revolution or protests? Úr N. Kitchen (ritstj.): *After the Arab Spring: Power Shift in the Middle East?* IDEAS reports – special reports, SR011. LSE IDEAS, London School of Economics and Political Science. London, UK.
- Lee, R.D. (2010). *Religion and Politics in the Middle East: Identity, Ideology, Institutions, and Attitudes*. Westview Press. Colorado, USA.
- Little, D. (2004). *American Orientalism: the United States and the Middle East since 1945*. The University of North Carolina Press. North Carolina, USA.
- Lumbard, J. og Nasr, S.J. (2004). *Islam, Fundamentalism, and the Betrayal of Tradition: Essays by Western Muslim Scholars*. World Wisdom. Indiana. USA.
- Macallan, B. og Hendriks, H.J. (2013). Post-foundational practical theology as correlative hermeneutic. *Acta Theologica*, 33:(1), 135-157
- Magnús Þorkell Bernharðsson (2005). *Píslarvottar nútímans*. Mál og menning. Reykjavík, Ísland.
- Mingst, K.A. (2004). *Essentials of International Relations*. W. W. Norton; 3 edition. London, UK.
- Mingst, K.A. og Snyder, J.L. (2004). *Essential Readings in World Politics (2<sup>nd</sup> Edition) (The Norton Series in World Politics)* W. W. Norton & Company. New York, USA.
- Mitchell, R.P. (1993). *The Society of the Muslim Brothers*. Oxford University Press. Oxford, UK.
- Moaddel, M. og Talattof, K. (2000). *Contemporary Debates in Islam: An Anthology of Modernist And Fundamentalist Thought*. Palgrave Macmillan. New York, USA.
- Ramadan, T. (2004). *Western Muslims and the Future of Islam*. Oxford University Press. Oxford, UK.
- Schwedler, J. og Gerner, D.J. (2008). *Understanding the Contemporary Middle East*. Lynne Rienner Publishers. London, UK.
- Sells, M. (2007). *Approaching The Qurán The Early Revelations*. White Cloud Press. Oregon, USA.
- Sen, A. (2006). *Identity and Violence: The Illusion of Destiny* (1. útg.). W.W. Norton & Co. New York, USA.
- Vitalis, R. (2009). *America's Kingdom: Mythmaking on the Saudi Oil Frontier*. New York, USA.
- Wickham, C.R. (2002). *Mobilizing Islam: Religion, Activism and Political Change in Egypt*. Columbia University Press. New York, USA.
- Yin, R.K. (2009). *Case Study Research: Design and Methods*. SAGE. London, UK.